FRÉTTABLAÐIÐ

132. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ 2019



„Það er svo óskaplega mikið sem við vitum ekki og svo margt í þessu lífi og þessum heimi sem vekur ótrúlega furðu.

# Það er gjöf að verða gamall

Lífið er spennandi ráðgáta, segir Páll Bergþórsson, sem verður 96 ára í sumar. Hann nýtur þess að eldast og hefur tekið upp á ýmsu sem aðrir yngri og hraustari myndu veigra sér við, til dæmis að fara í fallhlífarstökk og fjallgöngur. → 22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Geta ekki snúið aftur heim

Róhingjar í flóttamannabúðum í Bangladess í erfiðri stöðu. → 12



## Er illska fötlun?

Kári Stefánsson og Simon Baron-Cohen um rannsóknir á skorti á samkennd. → 26



## Slakt ár hjá þeim dýrasta

Frá því á HM í fyrra hefur Neymar komist oftar í fréttir utan vallar. Nú hefur hann verið sakaður um nauðgun. → 28



Opið í dag

Í dag er opið til miðnættis í Lyfju Lágmúla, Granda og Smáratorgi. Við tökum vel á móti þér.

LYFJA – Lífið heil

Sjá fleiri opnunartíma á lyfja.is



## Veður




Norðlæg átt 3-10 m/s, en 10-15 með austurströndinni. Yfirleitt bjartviðri, en skýjað með köflum NA-lands og rigning. Hiti yfir daginn frá 4 stigum NA-til, upp í 16 stig á Suðurlandi. SJÁ SÍÐU 38

# Götulist við Stjórnarráðið



Þessi götulistahópur á vegum Hins hússins var á ferðinni í miðborg Reykjavíkur í gær. Það má svo sannarlega segja að þessir ungu listamenn hafi lífgað upp á bæinn með litríkum klæðnaði og mikilli gleði sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af listamönnunum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.**

# Egholm hættir hjá Skeljungi

**VIÐSKIPTI** Hendrik Egholm, forstjóri Skeljungs, tilkynnti stjórn félagsins í gær um uppsögn sína. Hendrik mun verða stjórn félagsins innan handar um málefni þess og sinna starfi forstjóra þar til eftirmaður hans hefur verið fundinn.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Skeljungi. Hendrik hefur unnið fyrir félagið í 12 ár, fyrstu 10 árin sem forstjóri dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, Magn, en síðustu tvö ár sem forstjóri bæði Skeljungs og Magn.

Haft er eftir Hendrik að síðustu tvö ár hafi verið bæði spennandi og skemmtileg. Í ljósi þess að flestum verkefnanna sem hann hafi tekið að sér sé nú lokið og með nýju eignarhaldi og nýrri stjórn sé rétti tíminn til að einbeita sér að starfinu sem forstjóri Magn. **– sar**



Aron Einar Gunnarsson verður í eldlínunni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ísland mætir Albaníu í dag

**FÓTBOLTI** Ísland og Albanía eigast við á Laugardalsvelli klukkan 13 í dag en leikurinn er í þriðju umferð undankeppni EM 2020. Bæði lið eru með 3 stig í riðlinum og leikurinn því mikilvægur upp á framhaldið.

Verður þetta fimmti leikur liðanna í undankeppni en Albanía lék á sínu fyrsta og eina stórmóti á EM í Frakklandi 2016. Ísland leikur svo við Tyrkland á þriðjudagskvöld. **– hó /** **sjá síðu 18**

LYFJALAUS VERKJASTILLING!




FIT VERKJAPLÁSTRAR
LÁTA LÍKAMANN LINA VERKINA!
· ENGAR AUKAVERKANIR
· VATNSHELDIR
· DUGA Í ALLT AÐ 5 DAGA
fit THERAPY PATCH
FÁST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT!

# Landsmenn hvattir til að fara í bústaðinn

**Veðurfræðingur mælir með sumarbústaðarferðum um helgina, en allt stefnir í heiðskírt veður og logn víðast hvar á landinu. Hitinn nær hámarki á fimmtudag, gangi spár eftir. Hitamet gæti fallið.**



Svona er spákortið fyrir fimmtudaginn klukkan 18. MYND/VEÐURSTOFAN

**VEÐUR** Veðurspá Veðurstofu Íslands fyrir komandi viku er ein sú allra besta hin síðari ár, en spáin gerir ráð fyrir heiðskíru veðri og nánast logni víðast hvar á landinu. Þá á hitinn að ná hámarki á fimmtudaginn í næstu viku og hitinn gæti rokið upp í 28 gráður á Suðvesturlandinu.

Einboðið er að helgin verði mikil ferðahelgi. Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að hitastigið stefni í 17 stig þegar allra best lætur á Suður- og Vesturlandi. Vel viðrar til ferðalaga.



Aftur á móti er hún ekki eins bjartsýn á veðrið á Norðausturlandi og segir eiga að rigna þar í dag, kólna og mögulega falli einhver snjór á heiðunum, en svo komi til með að draga úr úrkomu á morgun, sunnudag.

**» Gangi spár eftir gæti hitinn náð allt að 28 gráðum á fimmtudaginn í næstu viku. Hitametið á landinu er frá 1939 þegar 30,5 gráður mældust á Teigarhorni í Berufirði.**

Mesti hiti sem mælst hefur á Íslandi var 30,5 gráður á Celsíuskvarða en sú mæling var tekin á Teigarhorni á Berufirði þann 22. júní 1939, eða fyrir nánast sléttum 80 árum. Mesti hiti sem mælst hefur í Reykjavík var 24,3 gráður þann 9. júlí árið 1976. Haldi spáin vatni gæti viðrað vel til nýs hitamets í Reykjavík á fimmtudaginn.

Birta segir verða hlýjast, bjartast og þurrast á suðvesturfjórðungnum, Faxaflóasvæðinu og uppsveitum sunnanlands. Sjálf segist hún stefna á að kíkja í sumarbústað í Grímsnesinu um helgina og mælir með því að þeir sem geti geri slíkt hið sama.

Afar sólríkt hefur verið undanfarið í höfuðborginni og eru sólarstundir í júní nú þegar orðnar fleiri en þær voru allan mánuðinn í fyrra. **palmik@frettabladid.is**


ALLIR SÓFAR OG HÆGINDASTÓLAR
20-40%
FRÁBÆR TILBOÐ
OPIÐ ANNAN Í HVÍTASUNNU
ÖLL HANDKLÆÐI OG BAÐMOTTUR
20%
ALLIR ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLAR
20-40%
ALLAR SKÓHILLUR
20-30%
ALLAR SPRING- OG SVAMPDÝNUR
20%
ALLIR FATASTANDAR
20-30%
ALLIR KODDAR
20-50%
ALLIR FATASKÁPAR
20%
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 11.06.19

**TÖLUR VIKUNNAR** 02.06.2019 TIL 08.06.2019

**800**
milljónir lögðu hluthafar til inn í ÍSAM í fyrra, samhliða 662 milljóna króna tapi fyrir tekjuskatt. Tapið jókst um 310 milljónir milli ára.

**60%**
hækkun hefur orðið á launatengdum gjöldum sem atvinnurekendur greiða, úr 13,5 prósent af launum starfsfólks í 21,8 prósent.

**1.750**
bílar á dag munu líklegast keyra í gegnum Vaðlaheiðargöng á ársgrundvelli, samkvæmt spá Vegagerðarinnar.

**3**
tónleikar voru fram undan hjá rokksöngvaranum Stefáni Jakobssyni, kenndum við Dimmu, eftir endajaxlatöku sem fór illa. Daginn áður gat hann ekki opnað munninn fyrir sársauka.

**7**
sinnum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu komist að því að íslenska ríkið hafi brotið á ákvæði um réttláta málsmeðferð fyrir óvilhöllum dómstól.

## Þrjú í fréttum
## Kælar í ríkið, alríkislögreglan og lúxushótel

**Dóra Björt Guðjónsdóttir**
*oddviti Pírata í Reykjavík*



skorar á ÁTVR að setja aftur kæli í Vínbúðina í Austurstræti. Kælirinn var fjarlægður árið 2007. Hún studdi tillögu Sjálfstæðismanna í borgarstjórn um að skora á Alþingi að leyfa sölu áfengis í verslunum.

**Kristinn Hrafnsson**
*ritstjóri WikilLeaks*



krefur yfirvöld svara varðandi komu bandarísks alríkislögreglumanns til Íslands vegna rannsóknar alríkislögreglunnar á Julian Assange, stofnanda Wikileaks.

**Hreggviður Jónsson**
*fjárfestir*



er meðal þeirra íslensku fjárfesta sem lögðu félagi utan um byggingu fimm stjörnu lúxushótelsins við hlið Hörpu til 1,3 milljarða og eignuðust 66 prósenta hlut í verkefninu. Íslendingar fara því nú með meirihluta hlutafjár í Marriott Edition sem stendur til að opna í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Endurskoðuð fjármálastefna er fullbjartsýn að mati SA

**Samtök atvinnulífsins telja endurskoðaða fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar of bjartsýna. Forstöðumaður efnahagssviðs SA telur líklegt að á næsta ári þurfi að koma fram með fimmtu stefnuna á fimm árum.**




Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti fjármálaáætlun 2020 til 2024 í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins telja endurskoðaða fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar 2018-2022 of bjartsýna. Stefnan er sú fjórða á fjórum árum, en rétt er að geta þess að fram fóru kosningar og skipt var um ríkisstjórn í millitíðinni.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, segir líklegt að leggja þurfi fram fimmtu fjármálastefnuna á næsta ári.

„Þær hagvaxtarforsendur sem liggja að baki þessari endurskoðuðu fjármálastefnu byggja á því að það verði samdráttur í ár en síðan eigi hagkerfið að taka við sér á næsta ári. Þá verði 2,6 prósenta hagvöxtur. Við teljum einfaldlega að vegna óvissunnar í íslensku efnahagslífi og þess að við vitum ekki hver áhrifin verða, sé það fullbjartsýnt að áætla að viðsnúningurinn verði svona hraður.“

Fjármálastefnan byggir á uppfærðri hagvaxtarspá Hagstofunnar. Samkvæmt henni mun hagkerfið dragast saman um 0,2 prósent, sem er neikvæðasta breyting á hagvexti síðan 1988 að hruninu undanskildu. Það er þó gert ráð fyrir svigrúmi í fjármálastefnunni.

„Það er fulllítið. Það er gert ráð fyrir að hallinn geti verið 0,4 prósent af landsframleiðslu, sem eru um 10 til 15 milljarðar. Við bendum á að afkoman í ár er 40 milljörðum lakari vegna breyttra efnahagsforsenda. Það blasir við að hagvaxtarspáin er í bjartsýnni kantinum og á sama tíma er svigrúmið ekki mikið,“ segir Ásdís. Ef svo fer munu stjórnvöld aftur þurfa að endurskoða fjármálastefnuna.



**Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.**

„Gallinn við fjármálareglurnar sem miðað er við í dag er að þær taka ekki tillit til hagsveiflunnar,“ segir Ásdís. Telur hún best ef afkomuviðmið stjórnvalda væru miðuð út frá hagsveiflu.

Þrátt fyrir að búið sé að greiða niður skuldir ríkisins hefði stefna síðustu ára þurft að vera aðhaldssamari að mati Ásdísar.

„Miðað við stöðuna í dag þá teljum við að áherslurnar eigi að vera á að minnka umsvif hins opinbera,“ segir Ásdís. „Það er hægt með aukinni skilvirkni og hagræðingu. Þá um leið að skapa svigrúm til að lækka skatta á fyrirtæki og heimili. Skattar hækkuðu í síðustu niðursveiflu og hafa lítið lækkað í uppsveiflunni, þannig að nú er rétti tíminn til þess.“

Þar að auki sé svigrúm til fjárfestinga sem stjórnvöld hyggjast ráðast í. „Svo eru líka eignir sem ættu ekki að vera í eigu ríkisins,“ segir Ásdís. Má þar helst nefna Landsbankann, Íslandsbanka, Keflavíkurflugvöll og Íslandspóst fyrir utan þær tæplega þúsund fasteignir sem eru í eigu ríkisins. „Við hvetjum stjórnvöld til að selja þær eignir eins fljótt og auðið er.“ **arib@frettabladid.is**

### Fjármálaáætlun

Fjármálaáætlun 2020-2024 sem byggir á fjármálastefnunni var lögð fram í mars síðastliðnum en forsendurnar hafa breyst eins og varðandi fjármálastefnuna. Breytingartillögur ríkisstjórnarinnar voru kynntar í fjárlaganefnd í gær.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, greinir frá því að þar hafi meðal annars verið boðaður alls átta milljarða niðurskurður á framlögum til öryrkja á næstu fimm árum og tæplega þriggja milljarða niðurskurður til nýsköpunar og rannsókna á sama tímabili.




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

**UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI** • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST


HÚSASMIÐJAN
blómaval
Nýtt blað komið út
Sjá husa.is
GERÐU FRÁBÆR KAUP
SUMAR
TILBOÐ
Garðhúsgögn -20% • Pallaolía -20% • ALKO sláttuvélar -20%
Tré og runnar -20% • Texas sláttuvélar -25% • Claber garðvörur -25%
Fiskars garðvörur -20% • Nilfisk háþrýstidælur -20-30%
Reiðhjól -20% • LADY innimálning -25%
Avasco hillurekkar -20% • Jumbo tröppur og stigar -20%
... auk hundruð annarra sumartilboða
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
TREBITT
Terrassebeis
20% afsláttur
af pallaolíu og viðarvörn frá JOTUN
Stjúpur 10 stk.
990kr
20% afsláttur
af ÖLLUM hjólum
Hliðar-hella
20% afsláttur
Broil King
49.990kr
62.950kr
Gasgrill Crown 330
Með hliðarhellu. 9,3 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000318
25% afsláttur
WOLF Garten
25.495kr
33.995kr
Rafmagnssláttuvél A340E
1400W, sláttubreidd 34 cm, safnari 30 ltr., 5 hæðarstillingar 2-6 cm.
5085168
3.745kr
4.995kr
25% afsláttur
Slönguhjólasett
Slanga 10 m, tengi og úðarabyssa (4 stillingar á bunu).
5081700
IKRA mogatec
4.995kr
Rafmagnsorf
350W, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm, framlengjanlegt skaft.
5086616
Afgreiðslutímar um hvítasunnuhelgina
SUNNUDAGURINN 9. JÚNÍ - HVÍTASUNNA
Opið 11:00 til 18:00 í Blómavali Skútuvogi
Aðrar verslanir eru lokaðar
MÁNUDAGURINN 10. JÚNÍ - ANNAR Í HVÍTASUNNU
Opið 11:00 til 18:00 Skútuvogi og Grafarholti (timbursölur lokaðar)
Opið 11:00 til 17:00 Hafnarfirði (timbursala lokuð)
Opið 11:00 til 15:00 Akureyri og Selfossi (timbursölur lokaðar)
Aðrar verslanir eru lokaðar




# Stríðið loksins háð fyrir opnum tjöldum

**Ágreiningur milli ríkislögreglustjóra og lögregluembætta landsins hefur birst almenningi í fjölmiðlum í vikunni. Ríkislögreglustjóri hefur ráðið almannatengil hjá KOM sér til aðstoðar. Mikið mæðir á ráðuneytinu sem hefur eineltismál, bifreiðamál og ágreining um sérsveitina til meðferðar.**

**LÖGREGLAN** Djúpur ágreiningur milli embættis ríkislögreglustjóra og lögregluembætta landsins hefur birst landsmönnum í umfjöllun fjölmiðla undanfarna daga.

Kvartanir lögreglumanna undan einelti ríkislögreglustjóra hafa verið til meðferðar í dómsmálaráðuneytinu og þar kemur skipulag sérsveitarinnar einnig við sögu. Lögreglufélög um landið hafa ályktað á fundum og skorað á formann Landssambands lögreglumanna að standa í lappirnar gagnvart ríkislögreglustjóra.

Bílamál lögreglunnar virðast vera í algerum ólestri og eru að sliga lögregluembættin um landið. Lögreglustjórar kenna ríkislögreglustjóra um þann vanda. Sjálfur hefur hann óskað eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á rekstri bílamiðstöðvarinnar og á lögmæti aðgerða lögreglustjóra í bílamálum. Bráðabirgðalausn var samþykkt í dómsmálaráðuneytinu í gær þar sem æðstu embættismenn lögreglu funduðu með ráðherra um málið.

Þá hefur yfirmaður miðlægu deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gagnrýnt áherslur í nýrri skýrslu ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi. Mjög skiptar skoðanir virðast þannig vera innan lögreglunnar um þá ógn sem landsmönnum stafar af slíkri brotastarfsemi á landinu.

Heimildir Fréttablaðsins herma að undirrót ágreiningsins sé í raun ágreiningur um ráðstöfun þeirra fjármuna sem veitt er til löggæslu úr ríkissjóði.

Lögreglustjórar sem stýra embættum lögreglunnar um landið eru ósáttir við áherslur ríkislögreglustjóra gagnvart fjárveitingarvaldhöfum en hann einn hafi raunverulegan aðgang að þeim sem taki ákvarðanir þar að lútandi. Honum beri að gæta hagsmuna lögregluembættanna allra og tala þeirra máli við fjárveitingarvaldið en hann beiti sér meira fyrir eigið embætti en löggæsluna í landinu almennt. adalheidur@frettabladid.is

**» Ríkislögreglustjóri hefur fengið Friðjón Friðjónsson, almannatengil hjá KOM, til aðstoðar við embættið tímabundið vegna fjölmiðlaumfjöllunar undanfarinna daga.**

## Ráðherra skar á hnútinn í gær

Bílamiðstöð hefur verið starfrækt hjá ríkislögreglustjóra frá aldamótum og er markmið hennar að auka hagkvæmni með sameiginlegum rekstri bílaflotans fyrir allt landið. Það markmið mun hafa snúist upp í andhverfu sína og gjaldið sem embættin greiða fyrir bílana hækkað svo úr hófi að ekkert samræmi sé lengur milli raun- og rekstrarkostnaðar og fjárhæðanna sem renni til bílamiðstöðvarinnar frá embættunum. Hjá minni embættunum sé um langstærsta útgjaldaliðinn að ræða, að frátöldum launakostnaði.

Mikil óánægja er með þetta fyrirkomulag hjá lögregluembættunum um landið. Lýtur óánægjan annars vegar að því að fjárhæðirnar sem lögregluumdæmin greiða fyrir leigu á bílum er, að þeirra sögn, ekki í samræmi við raunkostnað og rekstur bílanna. Hins vegar gengur bæði seint og illa að fá bíla endurnýjaða, þrátt fyrir háar fjárhæðir sem renni frá embættunum til ríkislögreglustjóra. Embættin úti á landi þurfi að notast við bæði gamla og mikið ekna bíla.

Samkvæmt heimildarmönnum blaðsins hefur hallarekstri á bílamiðstöðinni á undanförnum árum verið varpað á embættin öll með þeim áhrifum sums staðar að þak hefur verið sett á leyfilegan akstur lögreglubíla sem hafi bein áhrif á störf lögreglunnar.

Sérútbúnar lögreglubifreiðir eru dýrar og hafa nokkur embættanna brugðið á það ráð að notast við bílaleigubíla í stað þess að eiga viðskipti við ríkislögreglustjóra. Í einhverjum tilvikum hafi þessir bílar verið sérmerktir og notaðir í neyðarakstur.

Ráðherra skar á hnútinn til bráðabrigða eftir fund með ríkislögreglustjóra og lögreglustjórum í gær með tímabundinni heimild til að sérmerkja bílaleigubíla til forgangsaksturs. Unnið verður áfram að framtíðarskipulagi bílamála lögreglunnar hjá ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum. Ríkislögreglustjóri hefur þegar óskað eftir því að ríkisendurskoðandi taki út rekstur bílamiðstöðvarinnar og svari því einnig hvort lögmætt sé að lögreglan noti bílaleigubíla með þessum hætti.




## Ágreiningur um sérsveit á Akureyri

Mikil óánægja ríkir innan lögreglunnar með áherslur ríkislögreglustjóra um dreifingu sérsveitarinnar og fækkun sérsveitarmanna á landsbyggðinni. Sérsveitarmönnum hefur fækkað mjög á Akureyri á undanförnum árum og nú er þar aðeins einn sérsveitarmaður með starfsstöð. Aðrir sérsveitarmenn eru í Reykjavík. Samkvæmt heimildum blaðsins lýtur óánægja þeirra sem kvartað hafa undan ríkislögreglustjóra meðal annars að því hvernig hann hafi fækkað mönnum í sérsveitinni úti á landi og aðferðum við þá fækkun. Menn hafi verið færðir úr starfi sínu í sérsveit eða þrýst á þá að flytja sig í aðrar deildir án þess að staða sérsveitarmanns sé auglýst og ekkert gert til að bregðast við fækkuninni á Akureyri.

Í viðtali við Jón F. Bjartmarz, yfirmann sérsveitarinnar, í Morgunblaðinu í gær sagði Jón að ekki væru lengur faglegar forsendur fyrir því að dreifa sérsveitarmönnum um landið. Áður hefði almenna lögreglan enga burði haft til að sinna fyrstu viðbrögðum í vopnamálum en í dag réði almenna lögreglan fullkomlega við það hlutverk sem sérsveitarmenn höfðu áður á Akureyri. Lögreglumönnum hafi verið fjölgað, búnaður stórbættur og þjálfun aukin til að takast á við stærri og erfiðari verkefni. Þessu er almenna lögreglan ekki sammála ef marka má yfirlýsingu Lögreglufélags Norðurlands sem birtist í vikunni. Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að sérsveitin verði aftur starfhæf á Akureyri eins og skipulag ríkislögreglustjóra sjálfs geri ráð fyrir.

Svör ríkislögreglustjóra hafa einnig verið á þá leið að illa gangi að manna stöður sérsveitarmanna á Akureyri. sérsveitarmenn þar hafi fengið framgang í starfi án þess að tekist hafi að ráða í stöðurnar í staðinn.

Ekki fengust skýr svör um hvort veldur stöðunni á Akureyri; landsbyggðarflótti sérsveitarmanna eða faglegur forsendubrestur.



## Efasemdir um gífurlega ógn

Í nýrri skýrslu ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi hér á landi er máluð mjög dökk mynd af stöðu mála og alvarlegustu ógn við samfélag og einstaklinga á Íslandi að náttúruhamförum frátöldum. Áhættan fari enn vaxandi og þá sérstaklega umsvif erlendra glæpahópa.

Ekki eru allir lögreglumenn landsins sammála áherslum ríkislögreglustjóra í skýrslunni. Yfirmaður miðlægu deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur til að mynda gagnrýnt það litla vægi sem íslenskir glæpahópar fá í skýrslunni í samanburði við erlenda glæpahópa. Þá hafa lögreglumenn gagnrýnt þann tón í skýrslunni sem ýtir undir ótta fólks við útlendinga og flóttafólk. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að einstaklingum sem tengist skipulögðum glæpahópum hafi verið veitt alþjóðleg vernd á Íslandi meðal annars á grundvelli kynhneigðar og nokkrir karlmenn frá „íslömsku ríki“ hafi verið kærðir fyrir kynferðislega áreitni gagnvart konum hér á landi. Lögreglumenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja ekki skynsamlegt að ýta undir öryggisleysi fólks. Því fari fjarri að öryggi fólks á götum úti sé á einhvern hátt skert enda sé skipulögð brotastarfsemi sjaldnast sýnileg borgurum. Slík starfsemi varði ekki síður meðferð fjármuna og ólögmæts ávinnings af ólöglegum viðskiptum. Peningaþvætti og slík brot séu ekki framin í skuggalegum húsasundum og ógni ekki líkamlegu öryggi saklausra vegfarenda á götum borgarinnar.

Innan lögregluembættanna furða menn sig einnig á því að hættumat sem þetta sé framkvæmt alfarið af embætti ríkislögreglustjóra án óháðra utanaðkomandi sérfræðinga. Á þessu áhættumati byggi ríkislögreglustjóri fjárþörf embættisins til að takast á við þá gífurlegu ógn sem hann hafi málað af stöðunni. Lögregluembættin um landið hljóti að bera skarðan hlut frá borði af fjárframlögum til lögreglu til að takast á við dagleg störf eins og umferðareftirlit, rannsóknir kynferðisbrotamála og annarra málaflokka sem mikil þörf sé á að setja í forgang.



# Meira súkkulaði




**Hů 70% súkkulaði úr lífrænu kakó**

**749** kr/stk

✓ PALEO ✓ VEGAN ✓ GLÚTENLAUST ✓ MJÓLKURLAUST





24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

## Fækkun farþega að festast í sessi

**EFNAHAGSMÁL** Ekki er útlit fyrir að sú mikla fækkun flugfarþega til og frá landinu sem varð eftir fall WOW air gangi til baka ef marka má nýja spá Isavia.

WOW lagði upp laupana í lok mars. Strax í apríl fækkaði farþegum til og frá landinu um 27,0 prósent og um 30,4 prósent í maí. Í spá sem Isavia gaf út í byrjun janúar var gert ráð fyrir að heildarfjöldi farþega á þessu ári um Keflavíkurflugvöll yrði 8,9 milljónir. Í nýju spánni er áætlaður fjöldi 7,3 milljónir manna. Rætist sú spá mun farþegunum fækka um nærri 2,5 milljónir milli ára eða 25,6 prósent. Fjöldinn er þó nærri hálfri milljón meiri en var árið 2016.

**25,6**

**prósentum færri fara um Keflavíkurflugvöll á þessu ári en í fyrra.**

„Skiptifarþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll fækkar um 43 prósent frá í fyrra, úr tæpum 3,9 milljónum í tæpar 2,2 milljónir. Það munar tæplega 1,7 milljónum farþega. Mestu munar um brotthvarf WOW air,“ segir í tilkynningu frá Isavia. „Útlit er fyrir að íslenskir farþegar um Keflavíkurflugvöll verði um 631 þúsund árið 2019 sem er 37 þúsund færri en í fyrra.“ **– gar**

# Breyta þurfi kennarastarfinu

**Sérfræðingur í menntamálum á vegum OECD er staddur hér á landi til að ræða stöðu Íslands. Hann segir mikilvægt að breyta starfi kennarans og auka væntingar til nemenda.**



Andreas Schleicher, yfirmaður menntamála hjá OECD, segir að auka þurfi áhuga nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**MENNTAMÁL** „Ég held að Íslendingar þurfi að leggja mikið á sig til þess að tryggja að allir nemendur sýni betri námsárangur“ segir doktor Andreas Schleicher, yfirmaður menntamála hjá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD).

Schleicher hélt erindi í Háskóla Íslands í gær þar sem hann ræddi stöðu Íslands í menntamálum samanborið við önnur lönd OECD. Þar var frammistaða íslenskra ungmenna í PISA-könnuninni meðal annars rædd, en Ísland hefur komið illa út úr könnuninni undanfarin ár.

„Það sem hefur að mínu mati gerst á Íslandi er að starf kennarans er farið að líkjast iðnaðarstarfi,“ segir Schleicher. „Kennslan er orðin eins og færiband sem hefur í för með sér einangrun kennara og minni samskipti og samvinnu kennara á milli. Kennarar eru ekki að kynnast nemendum sínum og þekkja því ekki áhugamál þeirra og langanir.“

Skólar víða um land hafa tekið upp aukna tækni í kennslustofum sem svar við hröðum tæknibreytingum og breyttu námsumhverfi og -árangri, svo sem notkun spjaldtölva. Schleicher segir tækni geta stuðlað að auknum áhuga nemenda ásamt því að bæta kennslu en á sama tíma segir hann tæknina ekki geta tekið við af kennurum. „Tækni kemur aldrei í staðinn fyrir kennslu, og hún getur ekki tekið við af okkur mönnunum. Ef það á að nýta tækni við kennslu þá þarf að gera það varfærnislega.“

Schleicher telur kennara hér á landi hafa mikið frelsi til margbreyttra kennsluaðferða en að mikilvægt sé að vekja áhuga barna á námi. „Skólar á Íslandi þurfa að leggja sig fram við að gera nám áhugavert. Skýringar á stórum hluta brottfalls úr skólum eru þær að krökkum finnst námið ekki áhugavert, þeir sjá ekki námið sem eitthvað sem skiptir máli og finnst það gamaldags,“ segir hann.

„Ef þú værir að reka matvöruverslun og á hverju ári kæmi í hana ákveðinn fjöldi fólks og á sama tíma myndi alltaf ákveðinn fjöldi hætta að koma, þá yrði einhverju breytt,“ segir Schleicher og aðspurður að því hvað sé til ráða segir hann að mikilvægt sé að minnka ekki þær væntingar sem gerðar eru til nemenda. „Ég held að lausnin sé fólgin í því að auka væntingar til nemenda. Kennarar eru of fljótir að minnka væntingarnar sem þeir hafa til nemenda sinna um leið og vandi kemur upp.“

Þrátt fyrir að Ísland komi ekki vel út í PISA-könnuninni segir Schleicher Íslendinga veita fordæmi á ýmsum sviðum. Þar nefnir hann sérstaklega ánægju barna í skóla, lífsánægju og mikil samskipti barna á milli. **birnadrofn@frettabladid.is**






**Gullfalleg 20 ára afmælisútgáfa**

Nú er Yaris kominn í 20 ára afmælisútgáfu sem gleður augað allt frá Gullbringusýslu til Gjögurs. Þetta er pottþétt týpa nú sem fyrr, og hlaðin orku með Hybrid gleði og gæði í fyrsta sæti. Komdu og reynsluaktu eðalfínum Yaris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

**2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Yaris.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

HYBRID

3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

## Skella sökinni hvorir á aðra

**BANDARÍKIN** Rússar og Bandaríkjamenn kenna hvorir öðrum um vegna atviks sem varð úti á hafi austur af Asíu í gær þegar herskip ríkjanna tveggja lentu næstum í árekstri. Að því er Kyrrahafsfloti rússneska sjóhersins greindi frá voru um fimmtíu metrar á milli skipanna og þurftu þau að grípa til neyðarráðstafana til að skella ekki saman.

**» Einungis fimmtíu metrar voru á milli herskipanna tveggja.**

„Mótmæli voru send á alþjóðlegri útvarpstíðni til þess að kvarta yfir ósásættanlegum aðgerðum yfirstjórnar bandaríska skipsins,“ sagði í tilkynningu frá Rússum. Upplýsingafulltrúi bandaríska sjóhersins sagði aftur á móti að rússneska skipið hefði gert hættulega stefnubreytingu.

Patrick Shanahan, starfandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagðist ætla að kvarta formlega yfir aðgerðum Rússa í málinu. „Bandaríski herinn mun ræða við þann rússneska og að sjálfsögðu munum við leggja fram formlega kvörtun vegna þessa.“

Rússneskur þingmaður sem Reuters vitnaði til sagði að allar slíkar kvartanir væru til þess fallnar að auka á togstreituna á milli ríkjanna og við því mætti ekki. **– þea**

## Ætlar að miðla málum



Abiy Ahmed, forseti Eþíópíu og hér í hvítu, kom til Súdans í gær ásamt fylgdarliði. Shamseddin Kabashi, upplýsingafulltrúi herforingjastjórnar landsins og hér hægra megin við forsetann, tók á móti honum. Heimsókn Ahmeds er til þess gerð að reyna að miðla málum á milli herforingjastjórnarinnar og mótmælenda en allt er á suðupunkti í Súdan eftir að herinn myrti tugi mótmælenda í Kartúm á mánudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

# Óvíst hvort afsögn May breyti nokkru

**Theresa May steig til hliðar sem leiðtogi breska Íhaldsflokksins í gær og mun sömuleiðis yfirgefa forsætisráðuneytið þegar nýr leiðtogi er valinn. Brexit varð henni að falli og afar erfitt verkefni bíður næsta leiðtoga. Allt útlit fyrir að Boris Johnson taki við keflinu.**




Theresa May mun stíga til hliðar sem forsætisráðherra Bretlands í næsta mánuði og nýr leiðtogi tekur við eftir þriggja ára starf May. NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND** Theresa May steig til hliðar sem leiðtogi breska Íhaldsflokksins í gær er hún afhenti svokallaðri 1922-nefnd flokksins, er sér meðal annars um leiðtogakjör, afsagnarbréf sitt. May heldur þó enn forsætisráðuneytinu þar til Íhaldsmenn hafa valið sér nýjan leiðtoga.

Ekki er um nein óvænt tíðindi að ræða. May tilkynnti um þessa ákvörðun sína fyrir um tveimur vikum. Það hafði raunar lengi litið út fyrir að dagar hennar í embætti væru taldir vegna vandræðagangs við útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Þótt May hafi staðið af sér vantrauststillögur á þingi og innan flokksins, þurft að kljást við margklofinn Íhaldsflokk og erfið mál á borð við bruna Grenfell-turns náði hún að halda sæti sínu í um þrjú ár.

Það var vitaskuld útgöngumálið, Brexit, sem kostaði May sæti sitt og mun kosta hana forsætisráðuneytið í náinni framtíð. Stefna hennar um svokallaða mjúka útgöngu, það er að segja nokkuð náin tengsl við ESB eftir útgöngu, vakti reiði ýmissa samflokksmanna og sagði utanríkisráðherrann Boris Johnson til að mynda af sér eftir samþykkt þeirrar stefnu í ríkisstjórn.

Samningurinn sem ríkisstjórn May náði við ESB um framtíðarsamband eftir útgöngu vakti heldur enga stormandi lukku á Bretlandi. Meirihluti þjóðar er andvígur samþykkt samningsins samkvæmt könnunum og þá hefur þingið fellt plaggið í þrígang. Fyrst með sögulegum mun. Andstaðan byggist að miklu leyti á óvinsælu bráðabirgðaákvæði um hvernig koma skuli í veg fyrir landamæragæslu á milli Írlands og Norður-Írlands með því að Norður-Írar skuli halda stærri hluta regluverks ESB en aðrir Bretar.

Nú þarf Íhaldsflokkurinn að velja sér nýjan leiðtoga og þar með forsætisráðherra. Ellefu gefa kost á sér. Það eru Michael Gove, Sam Gyimah, Matt Hancock, Mark Harper, Jeremy Hunt, Sajid Javid, Boris Johnson, Andrea Leadsom, Esther McVey, Dominic Raab og Rory Stewart. Hluti þeirra hefur aflað sér stuðnings átta þingmanna, sem er skilyrði svo framboð viðkomandi teljist gilt.

Þann 10. júní verður tilkynnt um hvaða framboð teljast gild og þremur dögum síðar hefst fyrsta umferð atkvæðagreiðslu. Þar þurfa frambjóðendur að fá atkvæði sautján þingmanna flokksins, ellegar detta út. Í annarri umferð, 18. til 20. júní, þarf svo atkvæði 33 þingmanna og er sá þröskuldur hækkaður þangað til einungis tveir standa eftir. Allsherjaratkvæðagreiðsla flokksmanna hefst svo 22. júní þar sem næsti leiðtogi verður valinn. Niðurstöður munu liggja fyrir mánuði síðar.

Einkar líklegt verður að teljast að Johnson verði fyrir valinu. Hann hefur nú þegar tryggt sér stuðning að minnsta kosti 42 þingmanna, meira en nokkur annar, og hefur mælst vinsælastur í skoðanakönnunum til þessa, sama hvort þátttakendur eru spurðir um alla frambjóðendur eða Johnson sé stillt upp sérstaklega gegn öðrum frambjóðanda.

Eini frambjóðandinn sem virðast hafa roð við Johnson, samkvæmt tölum breska ríkisútvarpsins um stuðning þingmanna við frambjóðendur, er umhverfismálaráðherrann Michael Gove með 29 þingmenn á bak við sig. Johnson er með stuðning 33,5 prósenta samkvæmt ConservativeHome, Gove 12,4 prósent.

Pattstaðan í Brexit-málinu er hins vegar svo erfið að það er ekki hægt að slá því föstu að það eitt að skipta um mann í brúnni leiði til þess að hægt sé að leysa málið. Brexit hefur nú þegar verið frestað í tvígang vegna þess að þingið nær ekki samkomulagi um neitt nema að það vilji ekki samningslausa útgöngu.

Jafnvel þótt Johnson, Gove eða einhver annar Íhaldsmaður næði að sameina Íhaldsflokkinn, sem gæti reynst erfitt verkefni sökum þess hve langt er á milli stórra hluta flokksins í útgöngumálinu, myndi það líklegast ekki duga til. Íhaldsflokkurinn er nefnilega í minnihlutastjórn og þarfnast stuðnings norðurírska DUP-flokksins sem getur ómögulega hugsað sér að styðja útgöngusamning nema Norður-Írlandsákvæðinu verði breytt. Í því samhengi er vert að nefna að toppar Evrópusambandsins og aðildarríkja hafa ítrekað sagt það ekki í boði að semja upp á nýtt. **thorgnyr@frettabladid.is**


POTTURINN STEFNIR Í
70
MILLJÓNIR
Lottó
LEIKURINN OKKAR



Lífið í flóttamannabúðunum er erfitt fyrir þá fjölmörgu Róhingja sem þar eru. Búðirnar eru of fjölmennar og glæpir algengir. Engin lausn virðist þó vera í sjónmáli. NORDICPHOTOS/AFP

# Róhingjar fastir í erfiðum aðstæðum

**Stjórnvöld í Mjanmar hafa ekkert gert til þess að rúm milljón Róhingja sem flúði ofsóknir og þjóðarmorð í Rakhine-ríki til Bangladess geti snúið aftur heim. Flestir eru nú í yfirfullum flóttamannabúðum þar sem glæpir eru tíðir og búa við skert réttindi.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**BANGLADESS** Staða þjóðflokksins Róhingja hefur lítið batnað frá því um 700.000 þeirra flúðu ofsóknir og ofbeldi í Rakhine-ríki í heimalandinu Mjanmar fyrir tæpum tveimur árum. Róhingjarnir gista enn flóttamannabúðir í Bangladess en þar var fyrir um hálf milljón Róhingja samanlagt. Erfiðlega gengur að sjá fyrir þörfum þeirra og ofbeldi og glæpir eru daglegt brauð í hinum risavöxnu flóttamannabúðum.

Samkvæmt greiningu blaðamanna heimsmálaritsins Foreign Affairs er ekkert útlit fyrir að staðan lagist í bráð og Róhingjar geti snúið aftur til síns heima. Með tíð og tíma hefur alþjóðlegur þrýstingur á stjórnvöld í Mjanmar minnkað og þau því ekki séð sig knúin til þess að bjóða flóttamennina velkomna aftur heim. Þær hugmyndir sem eru uppi um lausn á deilunni þykja ekki heillandi.

## Langur aðdragandi

Aðgerðir hersins, og þess meirihluta almennra borgara sem aðhyllist hugmyndafræði um að Mjanmar skuli einvörðungu vera fyrir búddista, voru harðar og ofbeldisfullar. Rannsakendur á vegum Sameinuðu þjóðanna sökuðu æðstu yfirmenn hersins um þjóðarmorð, glæpi gegn mannkyninu og stríðsglæpi en greint hefur verið frá bæði fjöldamorðum og því að bæir Róhingja hafi verið brenndir til grunna.

Saga ofsókna gegn Róhingjum er hins vegar mun lengri og spannar áratugi. Þessar ofsóknir hafa versnað með árunum frá því herinn tók völdin í landinu árið 1962. Völd sem hann heldur enn að miklu leyti þótt almennir borgarar fái að velja sér þrjá fjórðu hluta þingmanna og stóran hluta ráðherra.

> **Tvær hugmyndir hafa komið fram um mögulega lausn á því hversu margir eru í búðunum við Cox's Bazar. Hugmyndirnar þykja hins vegar hvor annarri verri.**

Stjórnvöld hafa ekki samþykkt Róhingja sem einn þeirra þjóðflokka sem „eiga heima“ í Mjanmar. Hafa raunar aldrei viljað kalla Róhingja sínu rétta nafni. Róhingjar hafa ekki fengið að njóta fullra mannréttinda, fá ekki ríkisborgararétt og mega til að mynda ekki koma saman í hópum.

## Í flóttamannabúðum

Nú er staðan sú að Róhingjar á flótta í Bangladess eru fleiri en Róhingjar í Mjanmar. Þetta er afleiðing áratugalangrar þróunar en ofbeldi gegn Róhingjum hefur komið í bylgjum. Í einum stærstu flóttamannabúðum heims, við borgina Cox's Bazar, þrífast glæpir og ofbeldi. Róhingjar njóta ekki ferðafrelsis og hafa skert aðgengi að skólakerfinu og atvinnu, að því er Foreign Affairs greindi frá.

Fram til ársins 2017 voru stjórnvöld í Bangladess lítið hrifin af komu flóttamannanna og reyndu meðal annars að neita þeim um aðstoð alþjóðlegra hjálparsamtaka. Það breyttist hins vegar eftir að þjóðarmorðin 2017 hófust og almenningsálitið snerist Róhingjum í vil.

Hasina Wazed, forsætisráðherra Bangladess, beitti sér á þessum tíma fyrir því að Róhingjar fengju matvæli og aðrar nauðsynjar. Þessi afstaða hafði þó breyst í september síðastliðnum þegar Wazed tilkynnti um að Bangladess hefði ekki lengur efni á því að hýsa fjöldann.

Í mars sagði Shahidul Haque utanríkisráðherra svo frá því að ríkið myndi ekki taka á móti fleiri Róhingjum. Búist hefði verið við því að ástandið væri tímabundið og til þess að leysa úr því þyrfti að sannfæra mjanmörsk stjórnvöld um að skapa réttar aðstæður svo flóttafólkið gæti komið heim.

## Þrýstingsleysi

Fyrri ofbeldisöldur og ofsóknir gegn Róhingjum hafa ekki leitt til þess að alþjóðasamfélagið taki höndum saman og beiti sér fyrir lausn á málinu. Og þótt andstaðan við aðgerðir mjanmarska hersins árið 2017 hafi verið hávær var orðum ekki fylgt eftir með nógu viðamiklum aðgerðum til þess að þvinga Mjanmar til þess að taka aftur á móti flóttafólkinu og tryggja öryggi þess.

Kínverjar og Rússar hafa beitt sér gegn því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna dragi mjanmarska hershöfðingja til ábyrgðar fyrir þátt sinn í málinu. Og þótt Bandaríkin, Kanada og ESB hafi innleitt þvinganir gegn mjanmörskum einstaklingum og stofnunum og Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn tilkynnt um að dómstóllinn hafi lögsögu í máli herforingja hefur þetta ekki dugað til.

Nú þegar athyglin beinist annað og þrýstingurinn á Mjanmar hefur minnkað hefur mjanmarski herinn, samkvæmt mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, byggt yfir eyðilagða bæi Róhingja. Þannig þykir herinn vera að reyna að koma í veg fyrir að Róhingjar geti yfir höfuð snúið aftur heim.

## Óraunhæfar áætlanir

Tvær hugmyndir hafa verið kynntar til sögunnar um hvernig sé hægt að leysa úr þeim erfiðleikum sem Róhingjar þurfa að kljást við í hinum risavöxnu flóttamannabúðum. Hugmyndirnar hafa ekki vakið neina lukku á meðal flóttamanna sjálfra og virðist óraunhæft að þær verði nokkurn tímann að veruleika.

Fyrst ber að nefna samkomulag sem Bangladess og Mjanmar gerðu síðla árs 2018 fyrir tilstuðlan Kínverja. Mjanmar samþykkti þá að taka aftur á móti 1.500 skráðum flóttamönnum á viku og vista í tímabundnum skýlum. Þegar það kom hins vegar að því að senda fyrstu 1.500 aftur yfir landamærin bauð enginn sig fram til þess að fara.

„Ekki einn einasti Róhingi hefur boðist til þess að snúa aftur til Rakhine vegna þess að aðstæður þar bjóða ekki upp á það. Á Bangladess nú að gjalda fyrir að hafa sýnt ábyrgð og samkennd með ofsóttum minnihlutahóp?“ spurði fyrrnefndur Haque á fundi öryggisráðsins í mars síðastliðnum.

Þessi afstaða Róhingja er síður en svo óvænt í ljósi þess að stjórnvöld í Mjanmar hafa lítið gert til þess að tryggja að ofsóknum linni. Ekki stóð heldur til að Róhingjar fengju að njóta frelsis í Rakhine heldur hefðu þeir þurft að gista í flóttamannabúðum í umsjón hersins í heimalandinu.

Hin hugmyndin snýst ekki um að senda Róhingja heim. Stjórnvöld í Bangladess sögðu frá því í vor að Róhingjum yrði fundið nýtt heimili á eynni Bhasan Char í Bengalflóa. Enamur Rahman almannavarnaráðherra sagði í mars að þar yrðu meira en 100.000 Róhingjar vistaðir í framtíðinni og þar gætu þeir búið við betri aðstæður en í búðunum við Cox's Bazar.

Bhasan Char-áætlunin nýtur takmarkaðra vinsælda og hafa óháð félagasamtök lagst gegn henni. Mannréttindavaktin (HRW) sagði í tilkynningu þann 14. mars að þessi manngerða eyja væri afar viðkvæm fyrir náttúruöflum á borð við hitabeltisstorma. Yanghee Lee, erindreki SÞ í Mjanmar, heimsótti eyjuna í janúar og sagðist einfaldlega ekki viss um hvort það væri í raun hægt að búa á eyjunni.

Íbúar á nærliggjandi Hatiyaeyju sögðu svo ekki vera. Stormar eyddu hluta eyjunnar ár hvert og eyjarskeggjar á Hatiya þorðu ekki að ferðast til Bhasan Char. Einnig hafa blaðamenn og greinendur sagt að eyjan yrði í raun eins og fangelsi fyrir Róhingja.

Miðað við stöðuna eins og hún er í dag er afar fátt sem bendir til þess að Róhingjar geti snúið heim í bráð í viðunandi aðstæður.


HOLTAGARÐAR
bjóða Fakó velkomið
FAKÓ
hefur opnað nýja verslun í Holtagörðum 2. Hæð
Verið hjartanlega velkomin
Speglar
80 cm verð: frá 14.900 - 21.900 kr.
110 cm verð: 25.900 kr.
Einingasófi
verð: frá 105.000 - 115.000 kr.
Borð
verð: 39.900 kr.
Bekkur
verð: 36.900 kr.
Opið mán - fös 10 til 18 Lau 11 til 16
Fakó Holtagörðum I Sími 568 0708 I www.fako.is I fako@fako.is
FAKÓ
VERZLUN HÚSGÖGN



# Gleði í sólinni

Þessi götulistahópur frá Hinu húsinu gladdi gesti og gangandi í miðborginni í gær. Stefán Karlsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með ungu listamönnunum og tók þessar myndir.












20%
AFSLÁTTUR

## KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**175.992 kr.** ~~219.990 kr.~~



45%
AFSLÁTTUR

## LEEDS
Hægindastóll. Svart sléttflauel.

**49.495 kr.** ~~89.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

## CARMEN
Hægindastóll frá Furninova. Ljósbleikt eða ljóst Evita áklæði.

**74.993 kr.** ~~99.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

## ELLY
Nettir, fallegir 2ja og 3ja sæta sófar og stóll í klassískri lögun. Fölbleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða dökkgrátt áklæði.

Stóll
**38.493kr.** ~~54.990 kr.~~

2ja sæta: 145 x 82 x 85 cm
**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 183 x 82 x 85 cm
**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~

LAZBOY



## ETHAN
La-Z-Boy hægindastóll. Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð:
81 x 103 x H: 109 cm

20%
AFSLÁTTUR

**87.992 kr.** ~~109.990 kr.~~




60%
AFSLÁTTUR

## NORSE
Stækkanlegt borðstofuborð. Svört spónlögð eik. Svartlökkuð málmgrind og fætur.
Stærð: 90 x 200/270 x 75 cm

**67.996 kr.** ~~169.990 kr.~~



70%
AFSLÁTTUR

## MILANO
2ja sæta leðursófi frá Furninova. Fáanlegur í sementsgráu Nappa leðri. Stærð: 167 × 93 × 81 cm

Grátt Nappa leður
**113.997 kr.** ~~379.990 kr.~~

## BALLINASLOE
Skemmtilegur hornsófi með tungu. Í gráu slitsterku áklæði. Einnig fáanlegt skammel með sama áklæði.

Sófi stærð: 363 x 234 x 99 cm
**224.993 kr.** ~~299.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

Skammel stærð: 100 x x100 x 48 cm
**52.493 kr.** ~~69.990 kr.~~




**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 14. júlí 2019 eða á meðan birgðir endast.*

# SUMAR ÚTSALA

LOKAÐ Í HÖLLINNI
HVÍTASUNNUDAG OG 2. Í HVÍTASUNNU




## MEXICO
2,5 og 3ja sæta sófar. Dökkblátt, bleikt og skógargrænt sléttflauel.

2,5 sæta stærð: 169 x 89 x 87 cm
**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 201 x 89 x 87 cm
**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

# Allt að 60% afsláttur




**50%** AFSLÁTTUR

## DIALMA (4014)
Vandaður, stór leðursófi frá ítalska merkinu Dialma Brown. Sófinn er djúpbólstraður með samlitum leðurhnöppum allan hringinn, en það gefur honum ákaflega sérstakt útlit og verður sófinn fókuspunktur í hverju rými. Leðrið er slétt með antíkáferð. Stærð: 222 x 92 x 66 cm

**399.995 kr.** ~~799.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## OTTAWA
Borðstofustóll, brúnt, grátt eða svart PVC áklæði.

**8.993 kr.** ~~11.990 kr.~~



**15%** AFSLÁTTUR

## YORK
Borðstofustóll. PU-leður. Svart, koníaksbrúnt og kúrekagrátt.

**12.742 kr.** ~~14.990 kr.~~



**35%** AFSLÁTTUR

## HYPE
Borðstofustóll, brúnt PU-leður og svartir fætur.

**19.494 kr.** ~~29.990 kr.~~



**15%** AFSLÁTTUR

## LAKE
Borðstofustóll. Svartir fætur og kúrekagrátt PU-leður.

**21.242 kr.** ~~24.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Samspil óvina



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

West-Eastern Divan er sinfóníuhljómsveit ungmenna af ólíkum uppruna sem stjórnandinn Daniel Barenboim stofnaði til að sanna að ungt fólk frá Ísrael og Arabalöndum geti sameinast um góð verk. Hugsjónin var að skapa skilning milli þjóða sem lengi hafa eldað grátt silfur.

Ungt hæfileikafólk fyrir botni Miðjarðarhafsins dreymir um að komast í hljómsveitina, sem nýtur mikillar viðurkenningar í heimi tónlistarinnar. Ungmennin sjá þar fyrirmyndir, sem þau vilja fylgja. Engum datt í hug, ekki einu sinni Barenboim sjálfum, að honum tækist að stilla til friðar með uppátækinu, sem alls ekki féll í góðan jarðveg hjá harðlínumönnum.

En hvað sem því líður, Barenboim hefur tekist að sanna að „svarnir óvinir“ geta lyft grettistaki með því að stilla saman strengi ef hugarfarið er rétt. Og víst er að hljómsveitin hefur haft góð áhrif á eitrað andrúmsloftið. Hún er orðin tákn hins mögulega hjá stórum hópum.

Góðar og áberandi fyrirmyndir valda straumhvörfum víðar, ekki síst í íþróttum. Mörgum þykir fótboltaheimurinn tákn um fjáraustur, óhóf og öfgafulla stjörnudýrkun – en um leið er hann órækur vitnisburður um heillandi samstarf fólks af ólíkum uppruna.

Dæmi er um stjörnulið í sterkustu deildum með byrjunarlið af 11 þjóðernum. Börn og unglingar upplifa það sem sjálfsagðan hlut og hætta að velta fyrir sér kynþætti eða uppruna líkt og fyrri kynslóðir gerðu. Þetta breytir viðhorfum.

Egyptinn Mo Salah, hin geðþekka fótboltahetja Liverpool, er múslimi líkt og flestir landar hans. Stórir hópar við Merseyside hafa litið múslima hornauga. Nú er það breytt.

Könnun Stanford-háskóla sýnir að óvild í garð múslima hefur snarminnkað á örfáum misserum. Viðhorfsbreytingin er rakin til afreka þessa frábæra boltasnillings og ljúfmannlegrar framkomu hans innan vallar og utan. Hann hefur unnið hug og hjörtu fólksins, sýnt og sannað að múslimar eru ágætir, líkt og annað fólk.

Þetta er ekkert nýtt. Fyrir aldarfjórðungi eða svo fór þríeykið Gullit, Rijkard og Van Basten fyrir dáðu hollensku landsliði. Þá var útlendingaótti útbreiddari en núna. Félagsvísindamenn fundu út að fátt átti ríkari þátt í viðhorfsbreytingum en stjörnurnar þrjár.

Flennistórar myndir af þeim prýddu veggi barnaherbergja og máðu úr huga æskunnar efasemdir um að einn væri öðrum fremri – tveir þeldökkir úr Karíbahafinu og einn evrópskur mann fram af manni. Hliðstæðar sögur er að finna frá mörgum löndum.

Listir og íþróttir færa okkur daglega heim sanninn um að fólk af ólíkum uppruna með mismunandi húðlit, trú og menningu, getur unnið saman afrek ef viljinn er fyrir hendi.

Þótt háleit hugsjón Barenboim leysi ekki allan vanda sannar hún að náin kynni „óvinanna“ slá á útbreidda hleypidóma, en uppræta þá því miður ekki á augabragði. En dropinn holar steininn.

**En hvað sem því líður, Barenboim hefur tekist að sanna að „svarnir óvinir“ geta lyft grettistaki með því að stilla saman strengi ef hugarfarið er rétt.**

## Gunnar




# Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Morðingi er morðingi

2. september 2017. Það er morgunn. Tíu ungir menn krjúpa í döggvotu grasi. Hendur þeirra eru bundnar aftan við bak. Í augum þeirra leiftrar ótti. Mennirnir eru Róhingjar, múslimar búsettir í þorpinu Inn Din í Rakhine-héraði í Mjanmar. Ljósmynd sýnir síðustu andartök þeirra þar sem þeir horfa á fangara sína og nágranna grafa þeim gröf. Stuttu eftir að myndin er tekin eru þeir myrtir á hrottafullan hátt; sumir eru brytjaðir niður af búddatrúar þorpsbúum, aðrir skotnir af hermönnum hers Mjanmar.

Það vakti reiði víða um heim þegar fréttir bárust af því í síðustu viku að yfirvöld í Mjanmar hefðu sleppt úr haldi sjö hermönnum sem dæmdir höfðu verið í 10 ára fangelsi fyrir morðin í Inn Din. Mannréttindasamtökin Human Rights Watch sögðu ákvörðunina undirstrika að líf Róhingja væri lítils virði í Mjanmar en síðustu ár hefur þjóðarbrot Róhingja sætt þar ofsóknum sem eftirlitsmenn á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa kallað „tilraun til þjóðarmorðs“.

### Siðferðisbrestur annarra

En hingað heim: Svokölluð „Báramótabrenna“ fór fram á skemmtistaðnum Gauknum í vikunni. Þar eyddi Bára Halldórsdóttir með viðhöfn hljóðupptökum sem hún náði af sex reifum þingmönnum á barnum Klaustri eins og frægt er orðið. Í síðasta mánuði komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að upptakan hefði verið brot á persónuverndarlögum og var Báru gert að eyða upptökunni.

Bára Halldórsdóttir er ekki eina konan sem nýlega hefur verið úrskurðuð brotleg aðilinn í siðferðisbresti annarra. Siðanefnd Alþingis kvað í áliti að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, hefði brotið siðareglur þingsins með ummælum um Ásmund Friðriksson, þingmann Sjálfstæðisflokksins. Þórhildur Sunna hafði gagnrýnt endurgreiðslur til Ásmundar vegna aksturskostnaðar í sjónvarpsþættinum Silfur Egils og sagði að grunur væri um fjársvik af hans hálfu. Hafði Ásmundur fengið 4,6 milljónir króna endurgreiddar 2017 og hafði þá ekið á einu ári 48.000 kílómetra; 130 kílómetra á dag að meðaltali sem kostuðu skattgreiðendur 335 þúsund krónur á mánuði.

### Æra manna

Hermennirnir sex í Mjanmar sem myrtu af vægðarleysi 10 óbreytta borgara í Inn Din afplánuðu innan við ár af 10 ára fangelsisdómum sínum. Það var þó ekki eina tölulega staðreyndin sem vakti óhug heimsbyggðarinnar við málið. Talnaglöggir ráku augun í að morðingjarnir höfðu setið inni í skemmri tíma en tveir fréttamenn Reuters-fréttastofunnar sem komu upp um ódæðisverkin og voru í kjölfarið handteknir og dæmdir fyrir að greina frá morðunum.

Sá sem vekur máls á óeðlilegum akstursgreiðslum er fundinn sekur um að „kasta rýrð á Alþingi“ en sá sem þiggur þær er laus allra mála. Sá sem tekur upp samtal sem kemur upp um vafasamt innræti kjörinna fulltrúa er sá sem er fundinn brotlegur í málinu. Þeim sem segja frá fjöldamorðum er refsað harðar en þeim sem fremja þau.

Nú þegar löglærður her Klaustursþingmanna gengur verklaus eftir að hafa lokið sér af með Báru Halldórsdóttur er rétt að ítreka eitt: Nei, undirrituð er ekki að líkja umræddum íslenskum þingmönnum við dæmda morðingja í Mjanmar. Kærugjarnir bolabítarnir geta því lagt niður rófuna. Eitt eiga þessir tveir hópar þó sameiginlegt.

Þeir eru það sem þeir eru því þeir gerðu það sem þeir gerðu. Æra manna verður ekki endurreist með áliti nefndar eða úrskurði stofnunar. Upprunalegu Klaustursupptökunum hefur verið eytt. En orðin verða ekki aftur tekin. Þau sveima áfram yfir steinhúsinu á Austurvelli eins og uppvakningar úr drullugustu holræsum mannssálarinnar. Þótt Ásmundur Friðriksson fengi öllu Alþingi vísað til siðanefndar breytti það því ekki að hann ók 48.000 kílómetra sem kostaði skattgreiðendur 4,6 milljónir króna.

Morðingi er morðingi hvort sem hann er á bak við lás og slá eða frjáls ferða sinna í boði hliðhollra stjórnvalda.

evapolar



Þín eigin skrifborðskæling!
Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki.
Verð aðeins kr. 24.900 m.vsk.
Kælitækni

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


Bakhjarlar sjónvarpsþáttaraðarinnar
HVAÐ HÖFUM VIÐ GERT?
HVAÐ GETUM VIÐ GERT?
þakka áhorfendum frábærar viðtökur.
Við vonum að þættirnir reynist öflugt framlag
í baráttunni gegn hamfarahlýnun.
sagafilm
Félag Sameinuðu þjóðanna
UNA ICELAND
Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið
RÚV
OR Orkuveita Reykjavíkur
HB GRANDI
Landsvirkjun
Reykjavíkurborg
rannís
Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports




Það er mikil pressa á leikmönnum og þjálfurum íslenska liðsins sem mætir Albaníu í hádeginu. Liðið þarf á sigri að halda í baráttunni um að komast í lokakeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Þrjú stig eru nauðsynleg í þessum leik

**Ísland mætir Albaníu í þriðju umferð í undankeppni EM 2020 í knattspyrnu karla á Laugardalsvelli í hádeginu í dag. Líklegt er að liðin muni berjast við Tyrkland um annað sætið í riðlinum. Ísland og Albanía eru jöfn að stigum með þrjú stig eftir tvær umferðir.**

**FÓTBOLTI** Megininntak þess sem fram hefur komið í samtölum fjölmiðla við leikmenn og þjálfara íslenska liðsins í vikunni er að þessi leikur sé lykilleikur fyrir framhaldið og þrjú stig séu lífsnauðsynleg í baráttu liðsins um beint sæti í lokakeppni mótsins.

Staðan hvað meiðsli burðarása liðsins hefur aldrei verði betri í stjóratíð Eriks Hamrén en Alfreð Finnbogason er eini leikmaðurinn sem liggur fyrir að verði ekki með í leiknum.

Þá var Hamrén vongóður um að Jóhann Berg Guðmundsson sem hefur verið í endurhæfingu vegna meiðsla á kálfa í vikunni og Kári Árnason, Kolbeinn Sigþórsson og Jón Daði Böðvarsson sem komu til móts við hópinn nýstignir upp úr meiðslum eða með eymsli í farteskinu verði leikfærir í dag.

Albanía er lið sem ljóst er að leikmenn og þjálfarar taka alvarlega og eru meðvitaðir um styrkleika liðsins. Liðið tók þátt í síðustu lokakeppni EM og stóð sig vel í leikjum sínum gegn Frakklandi og Sviss og hafði betur gegn Rúmeníu. Það dugði þeim hins vegar ekki til þess að komast upp úr riðlinum.

Síðan þá hefur liðið verið á svipaðri vegferð og íslenska liðið. Mætt sterkum þjóðum þar sem þeir veita harða mótspyrnu en úrslitin eru ekki þeim í vil. Þetta er fimmta sinn sem liðin mætast í mótsleik en liðin mættust í undankeppni EM 1992 þar sem Albanir fóru með sigur af hólmi á heimavelli en Atli Eðvaldsson og Arnór Guðjohnsen tryggðu íslenskan sigur á Laugardalsvellinum.

Þá mættust liðin í undankeppni HM 2014 þar sem Ísland hafði betur í báðum leikjunum 2-1, en Birkir Bjarnason skoraði bæði í heimasigrinum og útisigrinum en Kolbeinn Sigþórsson var á skotskónum á heimavelli og sigurmark Gylfa Þórs Sigurðssonar í Tirana var stórglæsilegt mark beint úr aukaspyrnu.

„Eins og staðan er núna eru allir leikmenn sem valdir voru í leikmannahópinn leikfærir en það getur ýmislegt breyst eftir að við æfum. Við vonumst til þess að Jóhann Berg geti spilað og það lítur vel út með það. Aðrir leikmenn sem hafa verið að glíma við meiðsli eða eymsli hafa verið að stíga skref í rétta átt í vikunni og ég er vongóður um að þeir geti spilað,“ sagði Hamrén á blaðamannafundi í gær.

> **Við viljum gera Laugardalsvöllinn að því sterka vígi sem hann var á nýjan leik.**
>
> Aron Einar Gunnarsson

„Við viljum gera Laugardalsvöllinn að því sterka vígi sem hann var á nýjan leik og stefnum að því að sigra í þessum leik. Mér finnst umræðan frá Albönunum um að við séum lið sem er á niðurleið ekki eiga rétt á sér þar sem kjarninn í liðinu eru leikmenn á besta aldri sem eru á þeim stað á ferlinum að þeir eru að toppa.

Mér hefur fundist ákefðin á æfingunum hafa verið góð og mér sýnist leikmenn almennt vera ferskir og hungraðir fyrir næstu leikjum liðsins,“ sagði Aron Einar Gunnarson, fyrirliði íslenska liðsins, á blaðamannafundinum. Hann kvaðst sjálfur vera í mjög góðu standi og mjög spenntur fyrir komandi verkefnum. **hjorvaro@frettabladid.is**

## Landsliðsmenn á krossgötum

Þó nokkrir landsliðsmenn Íslands eru annaðhvort búnir að skipta um lið eða eru á leiðinni burt frá sínum félagsliðum. Óvissustigi ætti að vera létt af framtíð þeirra leikmanna sem eru að hugsa sér til hreyfings skömmu eftir landsleikina sem fram undan eru.



**Viðar Örn Kjartansson**
Hammarby
- Er í láni hjá sænska liðinu Hammarby en hann er enn samningsbundinn rússneska liðinu Rostov og á þrjú ár eftir af þeim samningi. Spurningamerki með kappann.



**Rúnar Már Sigurjónsson**
Grasshoppers
- Er að leita sér að nýju liði og er opinn fyrir öllum ævintýrum nær og fjær. Staðfesti það í samtali við Fréttablaðið að hann væri með tilboð frá liðum frá nokkrum löndum.



**Ragnar Sigurðsson**
AS Roma
- Rómverski fjölmiðillinn Tele Radio Stereo orðaði Ragnar við félagið. Miðillinn staðfesti að Ragnar og umboðsmaður hans, Martin Dahlin, hefðu verið í Róm.



**Aron Einar Gunnarsson**
Al Arabi
- Spilaði 28 leiki með Cardiff sem mistókst að halda sæti sínu í ensku úrvalsdeildinni. Fer til Heimis Hallgrímssonar og félaga í Al Arabi í Katar eftir landsleikina.



**Jón Daði Böðvarsson**
Reading
- Var níu sinnum í byrjunarliði Reading síðasta vetur og lék ekkert frá því í febrúar vegna meiðsla. Á eitt ár eftir af samningi sínum við félagið og gæti verið áfram.



**Birkir Bjarnason**
Aston Villa
- Hlýtur að skipta um félag. Hefur lítið sem ekkert spilað síðan í janúar. Aston Villa komst upp í ensku úrvalsdeildina og líklegt að Birkir muni ekki fylgja félaginu þangað.

# Stjarnan hættir við að senda lið í efstu deild

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksdeild Stjörnunnar sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kemur að félagið muni ekki vera með lið í efstu deild kvenna í körfubolta á næsta keppnistímabili. Fram kemur í tilkynningunni að þær blóðtökur sem liðið hefur orðið fyrir upp á síðkastið hafi orðið til þess að ákvörðun hafi verið tekin um að senda ungt og efnilegt lið félagsins frekar í 1. deildina á næstu leiktíð.

„Þar sem nokkuð vantar upp á að Stjarnan geti skipað liðið með uppöldum Stjörnuleikmönnum væri eina úrræði Stjörnunnar að fá erlenda leikmenn, eða leikmenn frá öðrum liðum, í þeirra stað.Stjórn körfuboltadeildar Stjörnunnar metur það svo að heppilegra sé að hlúa betur að yngri iðkendum Stjörnunnar og leggja grunn að liði sem gæti spilað í úrvalsdeild innan fárra ára,“ segir í tilkynningunni.

Liðið mun treysta á fjölda leikmanna sem eru í félaginu á aldrinum 15-18 ára sem hafa fengið fáar mínútur í efstu deild.

„Með því að spila með liði í 1. deild fá þessir leikmenn hins vegar bæði þá reynslu og samkeppni sem þær þurfa til að eflast sem leikmenn,“ segir í tilkynningu, en ekki var um auðvelda ákvörðun að ræða.

„Þessi ákvörðun var ekki auðveld og þær og forsendur sem liggja að baki henni bar brátt að. Stjórn Kkd. Stjörnunnar tók hana hinsvegar með hag iðkenda og stöðu kvennakörfubolta í Stjörnunni í huga.“

Stjarnan verður með því fjórða liðið á síðustu fjórum árum sem hættir við að senda lið til leiks í efstu deild á eftir Tindastól (2015), KR (2015) og Hamar (2016). Samkvæmt venju sem myndast hefur verður annað hvort Breiðabliki sem féll úr efstu deild eða Fjölni sem lenti í 2. sæti 1. deildar boðið sæti Stjörnunnar fyrir næsta tímabil. **- hó**



**Daniella Victoria Rodriguez.**



**Wendie Renard skoraði tvívegis í fyrri hálfleik.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Öruggt hjá gestgjöfunum

**HM 2019** Frakkland vann öruggan 4-0 sigur á Suður-Kóreu í opnunarleik HM sem fór fram í París í gær. Gestgjafarnir þykja meðal sigurstranglegustu liðanna og stóðust allar væntingar í fyrsta prófinu. Sóknarmaðurinn Eugénie Le Sommer skoraði fyrsta mark mótsins snemma leiks áður en miðvörðurinn Wendie Renard bætti við tveimur mörkum fyrir lok fyrri hálfleiks. **- kpt**



**Eden Hazard er einn besti leikmaður heims.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Tóku tilboði Real í Hazard

**FÓTBOLTI** Chelsea sendi frá sér tilkynningu í gærkvöld þar sem félagið greindi frá því að samkomulag hefði náðst við Real Madrid um kaupverðið á Eden Hazard. Hazard er búinn að samþykkja sex ára samning á Spáni en á eftir að gangast undir læknisskoðun sem fer fram eftir landsleikjahléið.

Hazard sem kom til Chelsea frá Lille árið 2012 lék alls 352 leiki fyrir Chelsea á sjö tímabilum. Með Hazard innanborðs varð Chelsea tvívegis enskur meistari ásamt því að vinna tvisvar Evrópudeildina ásamt bikarmeistaratitli og deildarbikartitli. Hann átti eitt ár eftir af samningi sínum en Real greiðir um hundrað milljónir punda fyrir Hazard. **- kpt**

## Fyrstu kaupin klár hjá Ole

**FÓTBOLTI** Manchester United staðfesti í gær að félagið hefði gengið frá kaupunum á Daniel James, velskum kantmanni frá Swansea.

Talið er að Manchester United greiði Swansea fimmtán milljónir punda en verðið geti hækkað um þrjár milljónir ef ákveðnum ákvæðum verður náð. James sem er 21 árs var í aðalhlutverki hjá Swansea í Championship-deildinni á nýafstöðnu tímabili og er fyrsti leikmaðurinn sem Ole Gunnar Solskjaer kaupir til United.

James skrifaði undir samning og gekkst undir læknisskoðun á fimmtudaginn og staðfesti Manchester United kaupin í gær. **- kpt**






Við kynnum frummatsskýrslu vegna Suðurnesjalínu 2 þar sem greint er frá samanburði á áhrifum nokkurra valkosta framkvæmdarinnar. Til umfjöllunar er umhverfi, afhendingaröryggi, stefna stjórnvalda, skipulag sveitarfélaga og kostnaður.

TAKTU ÞÁTT Í SAMTALINU

**Við bjóðum til samtals þar sem niðurstöður skýrslunnar verða kynntar í upphafi funda og í kjölfarið verður hægt að spjalla við þá sérfræðinga sem unnu matið.**

**Þriðjudaginn 11. júní** kl. 17.00-19.00 Álfagerði, Vogum
**Miðvikudaginn 12. júní** kl. 17.00-19.00 Ásvellir, Hafnarfjarðarbæ

Kynningartími er 5. júní til 18. júlí. Allir geta komið athugasemdum við umhverfismatið á framfæri. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 18. júlí nk. til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Frummatsskýrslan er aðgengileg á vefsvæði verkefnisins á www.landsnet.is og heimasíðu Skipulagsstofnunar, skipulag.is. Einnig liggur skýrslan frammi hjá Skipulagsstofnun, á bókasöfnum Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar og Þjóðarbókhlöðu.

LANDSNET

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndaleikstjóri kynntist hjónunum Steinu og Woody. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Steina og Woody stofnuðu The Kitchen í New York.



Þeim Steinu og Woody skaut skyndilega upp á stjörnuhimininn.

GÆFAN VARÐ ÞEIM HLIÐHOLL OG ÞAU ÞURFTU EKKI Á ÞVÍ AÐ HALDA AÐ BIÐLA TIL BANKANS TIL AÐ SKRIMTA.

# Saga þeirra byrjar á bónorði

Dagana 7.-10. júní er Skjaldborg – hátíð íslenskra heimildarmynda haldin í þrettánda sinn á Patreksfirði. Hátíðin er opnuð með sýningu heimildarmyndar **Hrafnhildar Gunnarsdóttur** Vasúlka áhrifin, sem er um hjónin Steinu og Woody Vasúlka, brautryðjendur í gerð vídeólistar á heimsvísu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndagerðarkona kynntist hjónunum Steinu og Woody Vasulka þegar hún var við nám í kvikmyndagerð í Bandaríkjunum á níunda áratugnum. „Þau eru frumkvöðlar í vídeólist í heiminum, ég ætlaði upphaflega að gera myndina um Steinu en eftir að hafa kynnst þeim nánar og kynnst því hversu samofin þau eru þá ákvað ég að myndin skyldi vera um þau tvö,“ segir Hrafnhildur um tilurð heimildarmyndarinnar Vasúlka áhrifin sem hún frumsýnir á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði. Myndin er samvinnuverkefni Krumma Films og Sagafilm og Margrét Jónasdóttir er framleiðandi myndarinnar.

Steina (Steinunn Bjarnadóttir) er fædd og uppalin í Reykjavík en fór til Prag á sjötta áratugnum í framhaldsnám í fiðluleik. Þar kynntist hún verkfræðingnum og kvikmyndagerðarmanninum Woody Vasúlka. „Líf þeirra saman hefur verið ein löng uppákoma sem hófst með því að þau hittust fyrir tilviljun á heimavist listaskóla í Prag. Woody heilsaði Steinu og sagði: Sæl og blessuð, ég heiti Woody, viltu giftast mér? Og hún sagði já. Þetta voru þeirra fyrstu kynni og þannig hófst þeirra saga, á bónorði,“ segir Hrafnhildur frá.

Steina og Woody giftu sig og fluttu til New York þar sem þau einbeittu sér að vídeólist. Árið 1971 stofnuðu þau The Kitchen í Greenwich Village á Manhattan, sem er nú meðal virtustu margmiðlunarstöðva í heimi. Þau fluttu fáeinum árum seinna til Buffalo, þar sem rekin var leiðandi háskóladeild í margmiðlunarfræðum, þar gegndu þau prófessorsstöðu við skólann. Þaðan fluttu þau til Santa Fe í Nýju-Mexíkó þar sem þau búa enn. New York var pínu villt borg á þessum tíma og þau Steina og Woody opnuðu þetta batterí sem heitir Kitchen á Manhattan vegna þess að það var enginn staður sem var vettvangur fyrir vídeólist, þörfin var greinilega mikil því á Kitchen voru uppákomur á hverju kvöldi. Kitchen verður fimmtíu ára á næsta ári og lifir góðu lífi, þar hófu margir listamenn feril sinn, til dæmis Philip Glass og Laurie Anderson.“

## Slypp og snauð

Hrafnhildur kynntist hjónunum vel á námsárum sínum og hélt vinskap sínum við þau. Hún heimsótti hjónin þegar hún var á ferðalagi í Santa Fe fyrir fimm árum.

„Ég komst þá að því að þau voru í miklum fjárkröggum,“ segir Hrafnhildur. „Þau voru komin á ellilaun í Bandaríkjunum og voru að reyna að selja húsið sitt og koma því þannig fyrir að bankinn fengi að hirða það að þeim látnum. En það gekk ekki upp hjá þeim, bankinn hafði ekki áhuga á að kaupa af þeim húsið. Því það var ekki eins og hús eru flest, heldur bara mest opið vinnurými. Það var ekki einu sinni sófi í húsinu þeirra,“ segir hún frá og segist hafa orðið hugsi um þessi tímamót sem hjónin stóðu á. Þarna hafi þessir merku brautryðjendur staðið uppi slyppir og snauðir eftir allt sitt framlag til listheimsins.

„Þau voru ekki álitin hluti af listsamfélaginu og verk þeirra voru ekki gerð með hvatningu listasafna eða listaverkasala. Þau fengu að vera í friði og voru þess vegna mjög hrein í sinni framleiðslu. Þau deildu verkum sínum fólki að kostnaðarlausu. Ég ákvað að fylgja þeim eftir og gerði umsókn til kvikmyndasjóðs um vinnslu heimildarmyndarinnar árið 2014.“

## Skaut upp á stjörnuhiminninn

Á meðan Hrafnhildur fylgdi þeim hjónum eftir gerðist nokkuð undravert. Þau voru enduruppgötvuð af listaheiminum og skaut upp á stjörnuhiminninn. Gæfan varð þeim hliðholl og þau þurftu ekki á því að halda að biðla til bankans til að skrimta.

„Það verður sífellt meiri eftirspurn eftir verkum þeirra. Þau fá umboðsmann og stór listasöfn kaupa verk eftir þau, til að mynda London Tate og New York Modern. Þau komust á græna grein og hafa engar fjárhagsáhyggjur lengur sem er dásamlegt því þau eru engin unglömb lengur, hún er 79 ára og hann 83 ára.“

Hrafnhildur vonar að myndin komi fólki rækilega á óvart. „Þetta er mögnuð saga og ævintýraleg. Þau voru í samskiptum við marga af þekktustu og virtustu listamönnum þess tíma, Andy Warhol og leikkonu á hans vegum, Jackie Curtis, Salvador Dalí og fleiri. Lífshlaup þeirra blessaðist vel og samstarf þeirra er merkilegt,“ segir Hrafnhildur.

Meira um Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildarmynda, á frettabladid.is




**Til hamingju Marel** með vel heppnað hlutafjárútboð og skráningu hlutafjár félagsins í Euronext-kauphöllina í Amsterdam.

Við þökkum ánægjulegt samstarf en fjárfestingarbankasvið Arion banka var ráðgjafi Marel í hlutafjárútboðinu og skráningunni.

Við hlökkum til að fylgjast með áframhaldandi vexti félagsins á alþjóðavísu.

arionbanki.is

**Arion banki**

# Lífið er spennandi ráðgáta

Segir **Páll Bergþórsson**. Hann verður 96 ára í sumar, nýtur þess að eldast og hefur tekið upp á ýmsu sem aðrir yngri og hraustari myndu veigra sér við til dæmis að fara í fallhlífarstökk. Páll ræðir um lífið, hvernig það er að eldast og undur alheimsins.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Reykjavík N 4 stinningsgola, 4°n/9°d.“ Þetta er veðurspá Páls Bergþórssonar, fyrrverandi veðurstofustjóra, á björtum degi í borginni í byrjun vikunnar. Snemma á hverjum degi sest hann niður við borðstofuborðið á heimili sínu í austurborginni og gerir veðurspá sem hann birtir svo á Facebook. En ekki fyrr en hann hefur gert leikfimisæfingarnar sem hann gerir um leið og hann vaknar. Hann verður 96 ára í sumar og er merkilega kátur og orkumikill.

„Ég vakna alltaf á mínútunni klukkan sjö og þá geri ég æfingar á höndum og fótum í um það bil tíu mínútur, ég hlífi mér ekki og þarf oftast að hvíla mig svolítið á eftir. Svo fer ég að gá að veðrinu,“ segir Páll.

Hann segir nú varla tilefni til þess að halda upp á 96 ára afmæli sitt 13. ágúst. „Þetta er nú ekki merkilegt, ég bíð þangað til ég verð hundrað ára. Þetta er í genunum, amma varð 102 ára gömul. Þegar hún var hundrað ára voru systur mínar að segja henni að hún ætti nú að hlífa sér og leggja sig um miðjan daginn, þá sagði hún: Nei, ég ætla ekki að venja mig á það!“

**Fallhlífarstökk og fjallgöngur**

Páll fagnaði afmæli sínu síðasta sumar með sérstökum hætti og prófaði fallhlífarstökk. „Ég fór reyndar ekki á afmælisdaginn því veðrið var ekki gott. Ég stökk úr 10.000 feta hæð og var á 200 kílómetra hraða. Sonur minn Bergþór og maðurinn hans Albert voru búnir að fara og ég fékk áhuga á því að prófa þetta. Það er svolítið skrýtið að ég var aldrei hræddur og fannst mér gjörsamlega óhætt en vanalega er ég svolítið lofthræddur,“ segir Páll og segist hafa upplifað mikla frelsistilfinningu þegar hann sveif niður áður en fallhlífin opnaðist.

Páll sést reglulega í gönguferðum í Bústaðahverfi og þá sinnir hann garðinum við heimili sitt. Það er ekki langt síðan hann gekk á Esjuna. Ekki alla leið upp á topp en naut þess að ganga í hlíðum fjallsins. Hann eldar sjálfur á hverjum degi og borðar fisk og grænmeti á hverjum degi. „Það er kannski ekki merkilegt, ég geng alltaf upp hitaveitustokkinn á hverjum degi og ég finn að það gerir mér gott. Mér fannst gaman að ganga á Esjuna þótt ég komist ekki jafn langt og margir fara. Það sem skiptir máli er að fara og vera virkur, þannig verður lífið svo miklu betra. Ég fæ mér 100 grömm af fiski á dag og grænmeti. Ég vigta matinn og elda sjálfur á hverjum degi. Svo fæ ég mér kannski kakóbolla og brauðsneið með ávaxtaáleggi,“ segir Páll um lífsstíl sinn.

**Að taka þátt í lífinu**

*Hver er þín lífsspeki?*

„Það er að vera virkur, taka þátt í þessu lífi. Það er alveg hræðilegt hlutskipti að liggja aðgerðarlaus og mér heyrist að það sé alltof mikið af gömlu fólki sem gerir það. Það er ekki eingöngu því að kenna, það hafa orðið miklar breytingar á lífsháttum,“ segir Páll og minnir á gamla tíma þegar kynslóðir bjuggu saman undir einu þaki. „Það var allt annað líf, ekki eins einmanalegt og betur fylgst með fólki. Eldra fólk, frá sjötugsaldri og upp í níutíu ára er alveg hæft til þess að taka þátt í þessu samfélagi og umgangast fólk. Þetta er þýðingarmikið og hefur góð áhrif,“ segir Páll og segist einnig hafa verið svo heppinn að hafa veðurfræðina til þess að grúska í síðasta aldarfjórðunginn eftir að hann hætti að vinna.



„Eldra fólk frá sjötugsaldri og upp í níutíu ára er alveg hæft til að taka þátt í þessu samfélagi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞAÐ ER ALVEG HRÆÐILEGT HLUTSKIPTI AÐ LIGGJA AÐGERÐARLAUS OG MÉR HEYRIST AÐ ÞAÐ SÉ ALLT OF MIKIÐ AF GÖMLU FÓLKI SEM GERIR ÞAÐ. ÞAÐ ER EKKI EINGÖNGU ÞVÍ AÐ KENNA.**

**Ást og vinátta**

Eiginkona Páls, Hulda Baldursdóttir, lést fyrir fimm árum á Hrafnistu þá níutíu ára gömul. Þau voru afar náin og Páll barðist fyrir því að fá að dvelja með henni á Hrafnistu. Hann fékk það í gegn síðustu daga Huldu. „Það er nú eiginlega kraftaverk að hún hafi náð svona háum aldri því þegar hún var rétt orðin fermd fékk hún berkla. Hún var veik af þeim í tvö ár en veiktist ekki í lungum. Veikindin höfðu áhrif á liðina og fleira og hún átti erfitt út af þessu. Við vorum góðir vinir og hún var dásamleg manneskja.“

Páll og Hulda eignuðust þrjú börn, elstur er Baldur fæddur 1951, Kristín fæddist ári síðar og Bergþór er fæddur 1957. Páll á níu barnabörn. „Þetta er mikil gæfa og ég hef svo gaman af barnabörnunum og barnabarnabörnunum. Ég hef það líka ofsalega gott því dótturdóttir mín og dóttir hennar búa hér hjá mér.“

**Veðurspá um vor í framtíð**

Nýlega ávarpaði Páll nýstúdenta í MR fyrir hönd þeirra stúdenta sem útskrifuðust úr skólanum árið 1944, fyrir 75 árum. Hann notaði tækifærið og minnti unga áheyrendur sína á að það væri dásamleg heppni að fá að lifa. Þó ekki væri nema einu sinni í allri eilífðinni. Hann ræddi einnig um loftslagsvandann og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir mannslífum og setti að lokum fram 75 ára veðurspá um vorið í framtíð þeirra. Þetta er spá fyrir fjöll, fugl og fólk. Hún ætti ekki að bregðast.

*Hljóðir fuglar eggjum á*
*eiga von á góðu.*
*Akrafjall og Esjan blá*
*una í sumarmóðu.*

„Það er nefnilega svo mikilvægt að meta lífið, bera virðingu fyrir því og skilja það,“ segir Páll sem er á móti því sem stuðlar að vanvirðingu fyrir lífinu og stuðlar að ofbeldi. Til dæmis ofbeldisíþróttum.

„Það skiptir máli fyrir ungt fólk að vita yfir hverju það býr og reyna að ná eins langt og það getur í einhverju



SÚKKULAÐI HEFUR ALDREI BRAGÐAST BETUR
GODIVA Belgium 1926
SALTED CARAMEL
MILK CHOCOLATE FROM BELGIUM WITH CARAMELISED TOFFEE PIECES AND A HINT OF SALT
Net Wt.: 90g
GODIVA Belgium 1926
72% COCOA
RICH, SMOOTH DARK CHOCOLATE FROM BELGIUM
Net Wt.: 90g
GODIVA Belgium 1926
MILK CHOCOLATE
SMOOTH AND CREAMY MILK CHOCOLATE FROM BELGIUM
Net Wt.: 90g
GODIVA Belgium 1926
BLOOD ORANGE
DARK CHOCOLATE FROM BELGIUM WITH BLOOD ORANGE PIECES
Net Wt.: 90g
GODIVA Belgium 1926
MASTERPIECES
GANACHE HEART WITH BELGIAN DARK CHOCOLATE
DARK CHOCOLATE WITH A VELVETY GANACHE FILLING
Net Wt.: 83g
GODIVA Belgium 1926
MASTERPIECES
CARAMEL LION WITH BELGIAN MILK CHOCOLATE
MILK CHOCOLATE WITH SMOOTH CARAMEL FILLING
Net Wt.: 83g
GODIVA
Belgium 1926



Páll eldar á hverjum degi og fær sér alltaf fisk og grænmeti. Hann gerir leikfimisæfingar og fer í gönguferðir og síðast en ekki síst þá grúskar hann í veðurfræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

jákvæðu en ekki því sem spillir og er leifar frá eldgömlum tíma.“

**Ró og yfirsýn**

*Hvernig er að verða gamall?*

„Mér finnst það merkilega gott og eiginlega líður mér að sumu leyti betur en áður. Það verður miklu minni spenna í manni eftir því sem maður eldist og ég get grúskað í mínu fagi svo lengi sem það er glóra í kollinum á mér. Ég er heppinn með það og ég hugsa að ég sé ekki orðinn vitlaus. Auðvitað er ég farinn að týna miklu niður og gleyma og stundum verð ég mér til skammar og man ekki nöfn. En fyrir það sem maður tapar fær maður kannski vissa yfirsýn og almennan skilning.

Ég hreyfði mig ekki mikið áður, sat mest við borðið og grúfði mig ofan í bækurnar. Ég geri það svo sem ennþá en ég finn það hvað það er þýðingarmikið að hreyfa sig á hverjum degi. Svo sé ég betur, það er nú merkilegt. Fyrir nokkrum árum var ég nærri því orðinn blindur en þá kom indælis augnlæknir, kona sem stakk inn í augun á mér steinum og nú sé ég betur en nokkru sinni fyrr,“ segir Páll sem segist einnig hafa breytt mataræði sínu með hærri aldri og uppskera í meiri orku. „Ég var lengi með verki í kviðarholinu, fyrir nokkrum árum hætti ég að smakka kjöt og þá hurfu þeir. Nú finn ég enga verki og það er bara allt annað líf.“

**Las þrjá bekki utanskóla**

Hann segist hugsa oft til æskuáranna og hafa fengið gott atlæti. Páll fæddist í Fljótstungu í Hvítársíðu og bjó fyrstu tíu árin í burstabæ. Hann átti sex systkini sem öll fóru í bóknám. Foreldrar Páls voru Bergþór Jónsson og Kristín Pálsdóttir.

„Pabbi kenndi okkur systkinunum mikið, hann tók nefnilega að sér kennslu á yngri árum í sveitinni og kenndi þá okkur líka. Hann skrifaði forskriftarbækur fyrir okkur og var afskaplega hjálplegur og vakti

> MÉR FINNST ÞAÐ MERKILEGA GOTT OG EIGINLEGA LÍÐUR MÉR AÐ SUMU LEYTI BETUR EN ÁÐUR. ÞAÐ VERÐUR MIKLU MINNI SPENNA Í MANNI EFTIR ÞVÍ SEM MAÐUR ELDIST.

áhuga okkar, við vorum sjö börnin og fórum eiginlega öll í einhvers konar bóknám.“

Páll þótti fyrirmyndar nemandi og lauk gagnfræðaskólaprófi frá Alþýðuskólanum í Reykholti og var hvattur til þess að læra í Menntaskólanum í Reykjavík en þaðan lauk hann stúdentsprófi árið 1944.

„Ég hafði ekki ætlað mér að fara í Menntaskólann í Reykjavík og á þessum árum var óalgengt að bændasynir yrðu stúdentar. Ég var eiginlega rekinn í þetta. Það var nú svona erfiðara að fá pláss í Reykjavík fyrir sveitafólk að búa þar svo ég tók þann póst að læra bara utanskóla,“ segir Pál sem las þrjá bekki á tveimur vetrum.

„Ég skrapp stundum til Reykjavíkur og hitti kennarana og Pálma rektor. Svo settist ég í sjötta bekk og fékk herbergi hjá frændfólki mínu og mér gekk bara furðuvel. Þegar Pálmi var að útskrifa stúdenta þá las hann alltaf upp þá sem voru þrír hæstir í hverjum bekk nema í einum, þá las hann fjóra. Það var ég sem var fjórði hæstur og hann vissi að ég átti dálítið sérstaka sögu.“

**Tók þátt í þróun á veðurspám**

Páll segist hafa verið heppinn að hafa fundið sér fag til að læra sem hafi orðið ástríða hans. „Ég byrjaði í verkfræði en hafði bara alls ekki nógan áhuga og sinnti náminu ekki vel. Það gengur ekki og ég var að grúska í hinu og þessu líka. Einn daginn kemur til mín Finnbogi Rútur Þorvaldsson, prófessor í veðurfræði, og segir mér að Teresía Guðmundsson veðurstofustjóri sé að leita að stúdent til að læra veðurfræði. Hann sagðist vilja mæla með mér og ég var ráðinn til starfa á Veðurstofunni.

Þar lærði ég mjög mikið áður en ég hélt utan til Stokkhólms til að læra veðurfræði. Nú vissi ég hvað ég ætlaði að gera, þetta væri það sem mig hafði dreymt um að gera,“ segir hann.

Páll, sem hafði aldrei farið til útlanda áður, starfaði hjá prófessor sem var sá fyrsti til að gera veðurspá með nýtilkominni tölvutækni.

„Ég átti að láta tölvuna teikna veðurkort og það hafði aldrei verið gert áður í heiminum. Í fyrstu gátum við aðeins sett inn fimm veðurstöðvar í einu í tölvuna til að gera kortið. Þessar spár voru grunnurinn að þeirri tækni sem er enn notuð í dag um allan heim,“ segir Páll frá og segir þessi ár hafa verið spennandi og gaman að hafa átt hlut í þessari þróun. „Þarna vorum við fimmtán nemendur og nú var ég hæstur í bekknum, því áhuginn fleytti mér áfram.“

Páll stundaði rannsóknir í veðurfræði við Stokkhólmsháskóla og seinna í Noregi og Englandi. Hann hefur rannsakað tölvugreiningu veðurkorta, hafísspár, vöxt og hop skriðjökla og loftslagssögu. Hann sagði veðurfréttir í Ríkissjónvarpinu í 23 ár og kenndi einnig veðurfræði við Háskóla Íslands. Nýlega birtist grein um ævi hans og störf í

> ÞAÐ ERU STJÓRNENDUR SEM STANDA Í VEGI FYRIR ÞVÍ AÐ TAKAST Á VIÐ LOFTSLAGSVANDANN ÞVÍ ÞEIR ERU BUNDNIR VIÐ GAMLA TÍMA, BÖRNIN ERU ÞAÐ EKKI.

sænsku tímariti um loftslagsmál og þar var að sjálfsögðu einnig minnst á fallhlífarstökkið ævintýralega. Greinarhöfundurinn var fyrrverandi samnemandi Páls. „Þetta var mjög spennandi tími og þarna starfaði ég með Carli Gustav Rossby að upphafi tölvugreininga veðurkorta og þetta markaði straumhvörf,“ segir Páll en rannsóknir þeirra eru þær sem mest er vitnað til enn þann dag í dag um gerð veðurspár með tölvugreiningu.

**Stjórnendur standa í veginum**

Páll segist viss um að hægt verði að leysa loftslagsvandann ef mannkynið stendur saman. Hann segist ætla á loftslagsmótmæli með börnum sem skrópa í skólann til þess að krefja stjórnvöld um breytingar. „Já, þarna ætti ég að vera með unga fólkinu. Það eru stjórnendur sem standa í vegi fyrir því að takast á við loftslagsvandann því þeir eru bundnir við gamla tíma, börnin eru það ekki og Greta Thunberg hefur sterka sýn og rödd. Hún er frábær stúlka. Mannkynið stefnir í að verða 20 milljarðar. Fyrir hundrað árum var það einn milljarður og við erum að nota of mikið af jarðefnum á borð við kol og olíu. Í flug og ferðalög og verksmiðjur, þetta gengur ekki svona lengur því þessi orkunotkun er það sem veldur hlýnuninni. Það hlýnar og hlýnar en það er hægt að vinna á móti þessu. En við verðum að nota aðra orku og það er núna hægt að nota sólina og vindinn. Ég vona að það verði fljótt þau tímamót að við skiptum um orkugjafa því það er mikilvægt að gera það sem allra fyrst og það er líka mikilvægt að vona það besta, ég hef trú á því að unga kynslóðin geti leyst vandann á heiðarlegan og snjallan hátt.“

**Spennandi ráðgáta**

*Er hann hræddur við dauðann? Og er hann trúaður?*

„Það er svo óskaplega mikið sem við vitum ekki og svo margt í þessu lífi og þessum heimi sem vekur ótrúlega furðu. Hugsaðu þér bara að við séum til yfirhöfuð og svona er alveg ótrúlegt. Ég er nú kannski ekki trúaður en ég reyni að útiloka ekki neitt. Því það er svo mikið sem við getum ekki tjáð okkur um. Eigum við ekki bara að kíkja aðeins í Almanak Háskóla Íslands?“ spyr Páll og teygir sig í það á borðstofuborðinu og les upp úr því nokkuð sem við þó vitum en minnir á smæð okkar í alheiminum:

„Fjöldi smástirna um staðfestar brautir 560.000. Fjöldi vetrarbrauta í hinum sýnilega heimi, 200 milljarðar vetrarbrauta. Hugsaðu þér, og við erum bara á einni sem okkur finnst nógu stór. Stærðin á vetrarbrautinni okkar, breiddin á henni er 150 þúsund ljósár. Þessari einu af þessum 200 milljörðum. Maður yrði 150 þúsund ár að komast á endimörk vetrarbrautarinnar. Það er alltaf að bætast við í almanakið,“ segir Páll. „Lífið er spennandi ráðgáta.“



# Grillað grænmeti

## TÓMATAR

1. Skerið í tvennt og penslið með ólífuolíu, sjávarsalti og pipar.
2. Grillið sárið í 1 mín.
3. Snúið við, setjið pestó og parmesanost yfir.
4. Grillið þar til osturinn bráðnar.

Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á

**islenskt.is**

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti



Simon Baron-Cohen hefur beðið fólk um að svara því hvaða tilfinningar og líðan megi lesa úr augnsvip þessarar konu í rannsóknum sínum. Svarið gefur til kynna hvort viðkomandi búi yfir hæfni til að skilja og lesa í tilfinningar.

- Kaldhæðin?
- Ströng?
- Tortryggin?
- Vonlaus, döpur?

# Rót illskunnar




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


**Hæfileikinn til að geta fundið til með öðrum í gleði og sorg er einn mikilvægasti þáttur mennskunnar. En hvað gerist þegar samkenndina vantar? Er þar að finna rót illskunnar? Svarið er ekki svo einfalt, segja þeir Kári Stefánsson og Simon Baron-Cohen.**

Er hægt að sjá illmenni sem manneskjur sem stríða við fötlun og eru vanhæfar til að skilja og tjá tilfinningar?

Íslensk erfðagreining efndi til fræðslufundar á fimmtudaginn og þar ræddi Simon Baron-Cohen, sálfræðingur og prófessor í þróunarsálfræði, um rannsóknir sínar en hann hefur reynt að svara þessum spurningum á vísindalegan hátt í bókum sínum, til að mynda í bókinni Zero Degrees of Empathy – A New Theory of Human Cruelty þar sem hann reynir að grafast fyrir um upptök þess sem við köllum illsku með því að nálgast hana sem dvínandi samkennd (e. empathy erosion). Eða það þegar fólk hlutgerir aðrar lifandi verur.

„Við höfum ekki hugmynd um það hvernig hugurinn býr til hugsanir og tilfinningar, það er engin spurning um það að gæska mannsins og grimmd á hvort tveggja rætur sínar í starfsemi heilans,“ segir Kári en hann og Simon hafa rætt um frekara samstarf á þessu sviði.

„Í bók sinni Zero Degrees of Empathy fjallar Simon um fólk sem er án samkenndar. Samkennd er á rófi, fólk getur haft litla samkennd, í meðallagi eða óvanalega mikla samkennd. Þeir sem sýna af sér mesta grimmd eru oft ekki ófærir um að skynja hvernig öðrum líður, heldur geta þeir lesið í tilfinningar annarra og notfært sér þær til eigin hagsmuna,“ segir Kári og segir að þannig verði verstu illvirkin ekki eingöngu skýrð með skorti á samkennd.

Simon útskýrði þetta vel í fræðsluerindi sínu í Íslenskri erfðagreiningu og lagði ríka áherslu á að það er himinn og haf á milli siðblindingja og illvirkja og til dæmis einhverfra sem eiga í basli með að lesa tilfinningar en finna til og fara í uppnám þegar þeir skynja að öðrum líður illa.

„Manneskja sem er með andfélagslega persónuleikaröskun, til að mynda siðblindingi, skynjar þessa vanlíðan en finnur ekki til og reynir ekki að bregðast við nema þá í eiginhagsmunaskyni,“ útskýrði Simon og gaf nokkur dæmi um einstaklinga í heimssögunni sem hafa annars vegar orðið þekktir fyrir litla samkennd og hins vegar mikla.

Sem dæmi um mann sem hafði líklega ekki snefil af samkennd nefndi Simon Joseph Mengele sem var læknir í útrýmingarbúðum nasista í Auschwits í seinni heimsstyrjöldinni og framdi gróf ofbeldisverk á fórnarlömbum sínum.

Sem dæmi um mann með óvenjulega mikla samkennd nefndi hann Raoul Wallenberg, sænska sendifulltrúann sem bjargaði þúsundum gyðinga í stríðinu með því að falsa fyrir þá vegabréf. Joseph fórnaði öðrum manneskjum á meðan Raoul fórnaði sjálfum sér í þágu annarra manneskja.

Kári segist nálgast viðfangsefnið eins og önnur sem vert er að rannsaka á mjög gagnrýninn hátt.



**Josef Mengele, læknir í útrýmingarbúðum nasista, framdi óhugnanleg ofbeldisverk á saklausu fólki, bjó að mati Simons ekki yfir samkennd og hlutgerði fólk.**



**Raoul Wallenberg, sænski sendifulltrúinn sem bjargaði þúsundum gyðinga með því að falsa vegabréf, sýndi samkennd sína í verki og fórnaði sjálfum sér.**

MANNESKJA SEM ER MEÐ ANDFÉLAGSLEGA PERSÓNULEIKARÖSKUN, TIL AÐ MYNDA SIÐBLINDINGI, SKYNJAR ÞESSA VANLÍÐAN EN FINNUR EKKI TIL.

Simon Baron-Choen






„Það sem mig langar að gera er að taka eitt af þessum mælitækjum sem Simon hefur búið til og leita að breytanleika í erfðum þegar kemur að samkennd. Það er spennandi að nota erfðafræðina til að rannsaka samkennd og skortinn á henni. Ég ætla að ræða við hann um möguleikana sem tengjast þessum rannsóknum,“ segir Kári. „Ef manni tekst að finna breytanleika í erfðamenginu sem tengjast á marktækan hátt þá þýðir það að samhygð á rætur sínar í líffræðilegum ferlum í heilanum. En spurningin stóra er um grimmdina, er grimmd eitthvað annað og meira en skorturinn á hinu góða? Er grimmdin eitthvað alveg sérstakt eða er hún eitthvað sem gerist þegar þú tekur í burtu samkenndina?“

Kári segir samfélagslega mikilvægt að rannsaka samkennd, grimmdina og gæskuna. „Það er manninum mikilvægt að skilja sjálfan sig sem dýrategund og samkenndin skiptir ótrúlega miklu máli í mannlegum samskiptum. Mannkynssagan er þessi samskipti og átök góðs og ills. Ég hef rekist á fólk sem hefur komist mjög langt í lífinu en mér finnst algjörlega vanta samhygð. Það er ógnvekjandi og flestir kannast við að hafa hitt slíkt fólk.

Illska er í raun og veru fötlun, þó að við meðhöndlum hana ekki sem slíka. Því það eru ótal erfiðar spurningar sem við eigum eftir að svara. Á til dæmis að refsa mönnum fyrir afleiðingar þess að glíma við slíka fötlun? Þetta eru mjög viðkvæmar og erfiðar spurningar,“ segir Kári sem segir einnig vitað að samkennd sé bæði meðfæddur eiginleiki og uppeldislegur. Þeir sem sýni litla samkennd geti verið minna hæfir til þess vegna erfða eða röskunar á heilastarfsemi til dæmis vegna ofbeldis eða misnotkunar sem hefur valdið skaða í tilfinningalífinu.

ÉG HEF REKIST Á FÓLK SEM HEFUR KOMIST MJÖG LANGT Í LÍFINU EN MÉR FINNST ALGJÖRLEGA VANTA SAMHYGÐ. ÞAÐ ER ÓGNVEKJANDI OG FLESTIR KANNAST VIÐ AÐ HAFA HITT SLÍKT FÓLK.

Kári Stefánsson



Simon sagði hugtakið illska ekki gagnlegt. „Þegar siðblindingi fremur illvirki þá eru fjölmiðlar fljótir að álykta að ástæðan sé sú að hann sé illur. Illska er ekki mjög gagnlegt hugtak að mínu mati en það er aftur á móti samkennd,“ sagði Simon og sagðist trúa því að með því að rannsaka hugtakið enn betur væri mögulega hægt að þróa einhvers konar meðferð eða fyrirbyggjandi úrræði.

Simon hefur gagnrýnt að geðlæknisfræðin búi ekki yfir greiningu á samkennd og skortinum á henni og Kári segir það athyglisverða staðreynd. „Það er mjög áhugavert því ég heyrði einu sinni barnageðlækni halda því fram að 65% fanga hefðu verið greind með mótþróaþrjóskuröskun, sem bendir til þess að þegar við förum að grafa í orsakir þess að menn fremji glæpi má oft finna skýringu í fyrirbrigðum sem falla undir sjúkdómsgreiningar,“ segir Kári.

En hvað um augnráð konunnar á myndinni hér að ofan? Rétta svarið að sögn Simons er að konan er full vonleysis eða döpur.

# PIER

# ÚTSALA

# 20-70%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

## RÝMINGARSALA Á SMÁRATORGI

VERSLUNIN FLYTUR Á KORPUTORG

ALLT Á AÐ SELJAST - ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Gildir 6. júní - 12. júní. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

SMÁRATORG
LAU. OG SUN. 10-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

KORPUTORG
LAU. OG SUN. 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SELFOSS
LAU. OG SUN. 10-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

# Nauðgun, skattsvik og meiðsli

Síðastliðið ár hefur ekki verið dans á rósum hjá brasilíska leikmanninum **Neymar**. Heimurinn fékk nóg af leikaraskap hans á HM, hann hefur tvisvar farið í leikbann – fyrir að móðga dómara og slá áhorfanda, misst fyrirliðabandið í landsliðinu og hefur verið kærður fyrir nauðgun.

**Benedikt Bóas Hinriksson**
benediktboas@frettabladid.is

Neymar da Silva Santos Júnior hefur átt erfitt ár. Nýjustu vandræðin eru ákæra fyrir nauðgun á hóteli í París sem hann þvertekur fyrir að hafa framið. Frá því að hann kom til baka eftir meiðsli og skoraði gegn Króötum í vináttuleik fyrir Heimsmeistaramótið þann 3. júní í fyrra hefur lífið ekki beint leikið við þennan dýrasta knattspyrnumann heims, hvorki innan vallar né utan.

Heimsmeistaramótið í Rússlandi fór ekki alveg eins og hann vildi. Brasilíumenn duttu út í átta liða úrslitum eftir tap gegn Belgum og Neymar var skammaður af flestum fyrir leikaraskap og almenna stæla á mótinu. Mikið grín var gert að sársaukaþröskuldi kappans og á internetinu var gert grín að kappanum með því að búa til alls konar „meme“ af honum rúllandi eftir grasinu. Eftir tapið gegn Belgum bauluðu áhorfendur á Neymar. Í samtali við AFP-fréttaveituna í júlí sagðist hann varla hafa viljað horfa á fótbolta, hvað þá sparka í einn – slík voru vonbrigðin í Rússlandi.

Þegar kom að því að velja besta knattspyrnumann heims var Neymar aðeins í 12. sæti. Verðlaunahátíðin var haldin í París þar sem Luka Modric var kosinn sá besti. Þetta er í fyrsta sinn í fimm ár sem Neymar kemst ekki á topp 10 listann. Svo meiddist hann og gat ekki spilað gegn Manchester United í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Hann skellti sér þó til Ríó og tók þátt í hátíðarhöldum þar í bæ. Myndir af honum og myndbönd sýndu hann vel við skál og hann var lítið að hlífa fætinum sem hann var meiddur á. Alls missti hann af 27 af 58 leikjum PSG.

PSG tapaði eins og frægt er orðið fyrir Manchester-liðinu með sigurmarki úr umdeildri vítaspyrnu. Neymar fór á Instagram og sagði við dómarana: Go fuck yourselves – sem verður ekki endilega þýtt hér. Fyrir það fékk hann þriggja leikja bann í Meistaradeildinni.

Spænska blaðið El Mundo sagði svo frá því skömmu síðar að spænsk skattayfirvöld hefðu hafið rannsókn á skattamálum kappans eftir að hann fékk bónus frá Barcelona þegar hann framlengdi samning sinn. Voru eignir hans upp á átta milljarða frystar af dómstólum í Sao Paulo. Á hann að hafa sleppt því að greiða um þrjá milljarða í skatt á árunum 2011 til 2013.

Í apríl sló hann áhorfanda eftir óvænt tap í bikarúrslitaleiknum í Frakklandi. Hann skoraði í leiknum en PSG tapaði í vítaspyrnukeppni. Brasilískir fjölmiðlar fóru hamförum yfir frammistöðu Neymar í leiknum og þjálfari hans, Þjóðverjinn Thomas Tuchel, sagðist ekki líða svona hegðun. Hann fékk fimm leikja bann fyrir höggið.

Til að undirbúa sig fyrir Copa America fór Neymar snemma til Brasilíu og sagðist hafa fengið leyfi frá PSG til að sleppa síðasta leiknum í deildinni sem liðið var löngu búið að vinna. Það kom forráðamönnum PSG á óvart og sagðist Tuchel ekki hafa veitt slíkt leyfi.

Fjórum dögum síðar var tilkynnt að Tite, landsliðsþjálfari Brasilíu, hefði tekið af honum fyrirliðabandið. Liðsfélagi hans Dani Alves tók við bandinu. „Ég mun ræða við hann sem landsliðsþjálfari en líka sem manneskja. Þetta snýst um mannasiði og viss gildi,“ sagði Tite á blaðamannafundi þegar þetta var tilkynnt í lok maí. Í byrjun þess mánaðar sagði Tuchel að Neymar hefði ekki það sem þarf til þess að verða fyrirliði PSG.

Í vikunni meiddist hann svo enn á ný og missir af Copa America. Alls hefur Neymar meiðst 18 sinnum eftir HM 2014 og missti þá af 71 leik fyrir félags- og landslið.

**Neymar hefur verið orðaður við Real Madrid og endurkomu til Barcelona en PSG hefur gefið út að það vilji ekki og muni ekki selja Brassann.**



Sársaukaþröskuldur Neymar þykir ekki hár og hefur mikið grín verið gert að kappanum fyrir látalæti þegar sparkað er í hann.



Daniel Alves, Neymar og Thiago Silva mæta á landsliðsæfingu í vikunni, eðlilega á einkaþyrlu Neymar.



Neymar ásamt fjölskyldu. Faðir hans, Neymar eldri, stendur við hlið kappans en sá hefur blandað sér í málið og segir það vera fjárkúgun.



Neymar fékk langt bann fyrir að hafa móðgað dómara eftir leik sinna manna í PSG og Man. Utd.

### Neymar

Neymar da Silva Santos Júnior

**Fæddur:** 5. febrúar 1992
**Lið:** Paris Saint-Germain
**Leikir:** 37
**Mörk:** 34
**Kaupverð:** 220 milljónir evra

## Nauðgun eða fjárkúgun?

Enn á ný er Neymar kominn á síður blaðanna fyrir eitthvað allt annað en gæði sín í fótbolta. Brasilísk kona, Najila Trindade Mendes de Souza, hefur stigið fram og sagt að hann hafi nauðgað sér. Neymar brást við með því að segja að konan væri að reyna að kúga af honum fé. Hann hefur birt skilaboð þeirra á milli sem eiga að sýna að allt sem gerðist var með samþykki.

Konan hefur hins vegar sagt að ef Neymar verði með einhverja stæla eigi hún árásina á myndbandi og muni setja það í dreifingu. Viðtal við konuna mun birtast í heild sinni á mánudag og brot af myndbandinu er þegar komið í dreifingu.

Neymar setti sjö mínútna langt myndband á Instagram þar sem hann fór yfir sína hlið á málinu og sýndi konuna berbrjósta en huldi andlit hennar og nafn. Það gæti þó verið saknæmt því samkvæmt brasilískum lögum er bannað að sýna einhvern nakinn án samþykkis. Eru viðurlögin eitt til fimm ára fangelsi.

Lögfræðistofa konunnar hefur sagt að kynlífið hafi verið með samþykki beggja en ekki ofbeldið. Fjölmiðlar í Brasilíu sögðu svo frá því að að lögfræðistofan, Fernandes e Abreu, sem hefði séð um hennar mál, hefði svo sagt upp viðskiptum við hana eftir að í ljós kom að það voru gallar í framburði hennar og að hegðun hennar hefði verið á skjön við siðferðileg gildi stofunnar.

Faðir Neymar sagði að myndbandið hefði verið nauðsynlegt til að sonurinn gæti varið sig. „Við áttum engra kosta völ. Instagram tók myndbandið af veggnum vegna ritskoðunar. Hann huldi nafn hennar en það er betra að vera dæmdur fyrir internetglæp en nauðgun. Við þurftum að segja sannleikann og sýna hvað gerðist því þetta er fjárkúgun og við áttum hreinlega ekki von á því að konan myndi fara til lögreglunnar.“

Í Instagram-myndbandinu sagði Neymar að hann tæki fréttunum ekki af léttúð. „Hver sá sem þekkir mig veit að ég myndi aldrei gera slíkt. Það sem gerðist þennan dag var á milli manns og konu og innan fjögurra veggja. En ég var plataður í gildru sem ég féll í. Við skiptumst á skilaboðum áfram og hún bað mig um að koma með gjafir handa syni sínum þegar við ætluðum að hittast í annað skipti.“

Skilaboðin sem hann sýndi í myndbandinu af samskiptum þeirra sýna að Neymar biður hana að koma til Parísar. Hún samþykkir það og keypti hann flugmiða handa henni. Bæði skrifa þau nokkuð augljóst að kynlíf muni eiga sér stað. „Ég er á við fjórar konur og allar fjórar vilja veita þér unað... engar áhyggjur,“ skrifar konan. Daginn eftir að nauðgunin á að hafa átt sér stað spyr konan hvort það sé einhver tími til að hittast einu sinni enn. Samskiptin virtust eðlileg – eins eðlileg og hægt er að kalla þau.

Brasilíska lögreglan hefur lofað að taka ásökunum ekki af léttúð og rannsaka þær í þaula en Neymar er stærsta íþróttastjarna landsins og dýrkaður og dáður af landsmönnum – þó að margir séu komnir með nóg af lífsstíl hans, meiðslum og vandræðum utan vallar.

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 8. JÚNÍ 2019



Krakkar á öllum aldri geta stundað jóga, til dæmis í gegnum leiki, að sögn Ástu Arnardóttur jógakennara. →6



Ingibjörgu Elsu langar að einhverfukaffi verði haldin um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Myndi ekki vilja skipta um heila ef það byðist

Ingibjörg Elsa Björnsdóttir kom af stað einhverfukaffi fyrir fullorðna einhverfa einstaklinga. Henni fannst vanta vettvang fyrir einhverft fullorðið fólk þar sem það gæti hist, rætt sín mál og haft félagsskap af öðrum. →2

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.





Ingibjörg Elsa hefur aldrei látið einhverfuna takmarka sig.



Ingibjörg Elsa hélt fyrirlestur hjá ÖBÍ um hvernig hún eignaðist fjölskyldu.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Ingibjörg Elsa Björnsdóttir fékk einhverfugreiningu 44 ára gömul. Þá fékk hún það staðfest að hún hefði alla tíð verið með ódæmigerða einhverfu. Ingibjörg bjóst við því að eftir greininguna myndi margt breytast og að ýmis stuðningsúrræði stæðu henni til boða. En svo fannst henni lítið gerast. Hún áttaði sig á því að hún yrði að gera eitthvað í málunum sjálf. Henni fannst vanta vettvang þar sem einhverfir gætu hist og talað saman. Það varð úr að hún hafði samband við Rauða krossinn og setti á fót einhverfukaffi.

„Það eru mjög góðir fundir í Reykjavík. Bæði kvennahópur og líka hópur sem heitir Út úr skelinni þar sem einhverfir hittast á Háaleitisbrautinni hjá Einhverfusamtökunum. En það var ekkert að gerast hér á Selfossi þar sem ég bý. Þá datt mér í hug að búa til einhverfukaffi,“ segir Ingibjörg.

Þar sem Ingibjörg hefur unnið lengi sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum, bæði sem símavinur og heimsóknarvinur, lá beinast við að leita til Rauða krossins og athuga hvort hann vildi taka þetta upp sem eitt af sínum verkefnum.

„Ég lagði það fyrir stjórn Árnessýsludeildar Rauða kross Íslands hvort þau væru til í að styðja þetta og þau samþykktu það. Nú er einhverfukaffið orðið eitt af verkefnum deildarinnar,“ segir Ingibjörg.

Einhverfukaffi var fyrst haldið í fyrra og er haldið einu sinni í mánuði að jafnaði að vetri til. Ingibjörg segir að þau fái afnot af sal Rauða krossins á Selfossi sér að kostnaðarlausu, auk þess sem Rauði krossinn býður upp á kaffi og með því og jafnvel pitsur eða eitthvað slíkt. Hún vinnur við verkefnið sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum.

## Allir sem elska einhverfa velkomnir

„Rauði krossinn er með það á sinni dagskrá að rjúfa félagslega einangrun, það er eitt af stóru markmiðum Rauða krossins í heiminum. Þess vegna eru til heimsóknarvinir og símavinir og allt þetta sem á að rjúfa félagslega einangrun hjá til dæmis öldruðum og fólki sem á erfitt. Einhverfukaffið samræmist markmiðum Rauða krossins um að rjúfa félagslega einangrun,“ segir Ingibjörg.

Mætingin í einhverfukaffi hefur verið góð. Að jafnaði hafa 12-15 manns mætt, sem Ingibjörg segir gott miðað við stærð sveitarfélagsins. Ungt fólk hefur verið að mæta sem fer jafnvel ekki mikið út úr húsi og sem hefur jafnvel einangrað sig við tölvuna.

„Þau koma í einhverfukaffi og þeim finnst gott að hitta annað ungt fólk með einhverfu, okkur finnst svo gott að hitta einhvern sem er eins og við. Það finnst það öllum, öllum finnst gott að hitta einhverja sem eru á sömu bylgjulengd. Það er misskilningur að einhverfir vilji alltaf vera einir. Einhverfir vilja í raun og veru félagsskap. Þeir eiga bara oft erfitt með að finna rétta félagsskapinn,“ segir Ingibjörg. Hún tekur fram að fólk á öllum aldri mæti, yngra fólkið þurfi því ekki að óttast að hitta engan á sínum aldri.

Ingibjörg leggur áherslu á að allir sem telja sig eiga erindi séu velkomnir á einhverfukaffi. Bæði þeir sem eru komnir með greiningu, þeir sem eru í greiningarferli, þeir sem grunar að þeir séu einhverfir, aðstandendur og jafnvel fagfólk. „Allir sem elska einhverfa eru velkomnir,“ segir hún.

Ingibjörg hyggst tala við Rauða krossinn víða um land til að athuga hvort deildirnar geti haft einhverfukaffi hjá sér. Hún vonast til þess að Rauðakrossdeildirnar úti um allt land taki upp þessa hugmynd. Eins langar hana að skipuleggja einhverfukaffi í Háskóla Íslands fyrir einhverfa nemendur og kennara. En hún lætur ekki Ísland duga, hún er að setja upp vefsíðu sem heitir Autism Café til að reyna að koma hugmyndinni á framfæri erlendis.



Ingibjörg segir að það geti verið gaman að vera einhverf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er líka mikilvægt að fólk fari ekki í afneitun og vilji ekki vera einhverft. Við erum að reyna að miðla til fólks að það er allt í lagi að vera einhverfur.

„Ég er svona að vonast til þess að einhver taki hugmyndina upp og þrói hana áfram því þetta þarf ekkert endilega að snúast um mig. Hugmyndin sjálf þarf að fá að vaxa og dafna. Mig langar að koma þessu áfram,“ segir Ingibjörg.

„Það eru ýmsar rannsóknir sem benda til þess að einangrun einhverfra sé mjög mikil. Stundum vilja einhverfir vera einir – þeir fá stundum hreinlega nóg af mannlegum samskiptum. En það eru samt rannsóknir sem benda til þess að einhverfir geti verið mjög einangraðir og mjög einmana.“

Einhverfukaffið er hugsað fyrir fólk sem hefur náð 18 ára aldri. En Ingibjörg er með áform um að halda líka einhverfukaffi þar sem allir aldurshópar eru velkomnir.

„Ég fékk þá snilldarhugmynd að vera með þema-einhverfukaffi. Til dæmis risaeðlu-einhverfukaffi fyrir fólk á öllum aldri frá börnum upp í fullorðna. Þá geta allir mætt með uppáhaldsrisaeðluna sína eða mætt í risaeðlubúningi, bara alveg eins og fólk vill. Allir sem hafa áhuga á risaeðlum geta komið og notið þess að tala um risaeðlur. Ég ætla að reyna að halda það í september á þessu ári. Svo datt mér í hug að vera með legó-einhverfukaffi og allir mæta með uppáhalds legó-kubbana sína. Svo getum við þess vegna verið með glæpasagnaeinhverfukaffi. Þá geta þeir sem hafa áhuga á glæpasögum og bókmenntum mætt og jafnvel hlustað á glæpasagnarithöfund sem mætir í heimsókn. Möguleikarnir eru óteljandi.“

## Mikilvægt að hafa fyrirmyndir

Ingibjörgu finnst mikilvægt að unga fólkið hafi fyrirmyndir í fullorðnu einhverfu fólki sem það fær að umgangast og kynnast. Sjálf er hún hamingjusamlega gift, á barn, hús og bíl. Hún vill að börn og unglingar með einhverfu viti að það sé von. Að þau geti lifað hamingjusömu fjölskyldulífi þrátt fyrir einhverfuna.

„Það er líka mikilvægt að fólk fari ekki í afneitun og vilji ekki vera einhverft. Við erum að reyna að miðla til fólks að það er allt í lagi að vera einhverfur. Það getur jafnvel verið gaman að vera einhverfur. Ég myndi ekki vilja skipta um heila ef mér væri boðið að fara í heilaígræðslu. Ég myndi segja nei, takk, jafnvel þótt heilinn í mér sé svona skondinn og skrýtinn,“ segir Ingibjörg.

„Ég hélt einu sinni fyrirlestur hjá Öryrkjabandalaginu um það hvernig ég fór að því að eignast fjölskyldu því það er mjög oft erfitt fyrir einhverfa að mynda félagsleg tengsl og eignast fjölskyldu. Eftir fyrirlesturinn kom til mín ung kona sem var að berjast við einhvers konar fötlun. Hún sagði við mig að ég væri búin að gefa henni von um að hún gæti eignast fjölskyldu einhvern tímann í framtíðinni. Það að gefa von er mikils virði.“

Ingibjörg segist aldrei hafa látið einhverfuna takmarka sig. Hún er með fjórar háskólagráður. Hún hefur kennt í háskólanum og vinnur nú sem þýðandi í hlutastarfi og vonast til að geta byrjað að vinna fulla vinnu í janúar á næsta ári. Hún segir að til þess að vera fyrirmynd þurfi að sýna í verki að lífið sé möguleiki, ekki ómöguleiki.

„Þetta er alveg eins og með krakkana. Þegar maður elur þau upp skiptir ekki máli hvað maður segir heldur hvað maður gerir. Ég verð að vera fyrirmynd með því að vera ég sjálf og lifa mínu lífi eins og ég lifi mínu lífi. Ég get ekki sagt við fólk: Nú ætla ég að vera fyrirmynd fyrir ykkur. Það þýðir ekki, en ég get aftur á móti orðið fyrirmynd ef ég sýni í verki að þetta er hægt.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Pitsa og bjór með bestu lyst

**Enzymedica eru gríðarlega öflug meltingarensím sem hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi. Þau auðvelda meltingu á flestum mat og losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.**

Færðu í magann, uppþembu og loft þegar þú borðar steik? Hvað með pitsu og bjór? Það vandamál er ótrúlega vel þekkt og fjölmargir hreinlega hættir að leyfa sér slíkan munað. Sumir fá líka óþægindi og uppþembu eftir máltíðir en vita ekki af hverju en afar líklegt er að þetta tengist skorti á meltingarensímum því þau sjá um niðurbrot fæðunnar.

## Ensím brjóta niður fæðuna

Meltingarensím eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Sumir þola ekki ákveðnar fæðutegundir og stundum gerist það þegar við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm að líkaminn nær ekki að „lesa skilaboðin rétt“ eða getur ekki framleitt nægilega mikið af ensímum. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu, fæðuóþoli eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn á að skila okkur.

## Pitsa og bjór með góðri lyst

Haraldur Egilsson er 46 ára sjómaður og mikill ævintýramaður sem hefur bæði gaman af því að elda góðan mat og borða hann. Hann hefur oft fundið fyrir uppþembu eftir matinn og eitt af því sem hann hefur nánast þurft að sleppa alveg í einhver ár er að fá sér pitsu og þá einn ískaldan bjór með. Þegar hann prófaði svo eitt hylki af Digest Gold með uppáhalds föstudagsmatnum, varð alger viðsnúningur og það vottaði ekki fyrir þeim óþægindum sem höfðu hrjáð hann áður.

„Mér finnst rosalega gott að fá mér bjór með pitsu en því miður þá verð ég alltaf svo uppþembdur eftir það. Ég er ekki mikið fyrir að borða einhver bætiefni, en eftir að konan var búin að þessa að mér nógu oft ákvað ég að prófa að taka eitt hylki af Digest Gold fyrir máltíðina, og viti menn, þetta bara svínvirkaði!“





Haraldi leið illa í maganum eftir að hafa borðað pitsu en segir að eftir að hann prófaði að taka hylki af Digest Gold fyrir máltíðina hafi líðanin breyst.

## Eitt hylki sýnir árangur

Meltingarensím eru eitt af fáum bætiefnum þar sem ekki þarf að bíða eftir árangri. Einungis eitt hylki þarf til að finna muninn en það er tekið við upphaf máltíðar og ensímin verða virk strax. Taka þarf hylki með öllum máltíðum sem geta valdið óþægindum og hafa ensímin ekki nein áhrif á aðra líkamsstarfsemi nema þá til góðs þar sem meltingin verður betri. Við fáum meltingarensím að stórum hluta úr ávöxtum, grænmeti og flestu hráfæði en þau „deyja“ flest við eldun. Enzymedica eru náttúruleg meltingarensím og má líkja hverju hylki við fulla skál af salati þegar horft er til magns meltingarensíma.

## Hver þarf meltingarensím?

Afleiðingar skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Góð meltingarensím vinna einnig vel með mjólkursýrugerlum þar sem ensímin brjóta niður fæðuna og auðvelda þar af leiðandi upptöku næringarefna og gerlarnir byggja upp öfluga þarmaflóru.

Sölustaðir eru apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.




**Afleiðingar skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnur fólk fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum.**

> „Mér finnst rosalega gott að fá mér bjór með pitsu en því miður þá verð ég alltaf rosalega uppþembdur eftir það. Ég ákvað að prófa að taka Digest Gold fyrir máltíðina, og viti menn, þetta bara svínvirkaði!
>
> **Haraldur Egilsson, sjómaður og ævintýragjarn matgæðingur**



# Þarf ekki að vera flókið

**Fyrirtækið Dineout var stofnað fyrir tveimur árum með það markmið að auðvelda fólki að fá hugmyndir og panta sér borð á veitingastöðum á netinu ásamt því að bjóða upp á góða lausn fyrir veitingastaði varðandi bókanir.**

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Teymið á bakvið Dineout eru þau Inga Tinna Sigurðardóttir, flugfreyja hjá Icelandair, Magnús Björn Sigurðsson forritari, Viktor Blöndal Pálsson forritari, Sindri Már Finnbogason, eigandi Tix.is, og Gylfi Ásbjörnsson matreiðslumaður. Þau hafa unnið hörðum höndum síðastliðin tvö ár að því að búa til sniðuga lausn fyrir veitingastaði og viðskiptavini þeirra og nú er heimasíðan dineout.is komin í loftið.



Það er nóg að gera hjá Ingu Tinnu þessa dagana. Ásamt því að vera einn eigandi Dineout þá starfar hún einnig sem flugfreyja hjá Icelandair.



Magnús Björn, Inga Tinna, Gylfi og Viktor eru spennt fyrir komandi vikum. Á myndina vantar Sindra Má eiganda Tix.is. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Góðir hlutir gerast hægt

Dineout var hugmynd sem átti að taka þrjá mánuði í framkvæmd. Tveimur árum síðar er heimasíðan farin í loftið en góðir hlutir gerast hægt. „Þetta hefur verið virkilega skemmtilegur tími þar sem afkvæmið dineout.is varð til,“ segir Inga Tinna. „Dineout er annars vegar frábær lausn fyrir veitingastaði, til þess að halda utan um allar bókanir, hvaðan sem þær koma, hvort sem þær eru af netinu, úr síma eða frá fólki sem labbar inn á staðinn. Hins vegar er Dineout forrit fyrir viðskiptavini veitingastaðanna sem gerir þeim kleift að bóka borð á netinu í örfáum skrefum. Þegar einhver bókar borð af heimasíðunni þá sést það samstundis á gólfinu á veitingastaðnum,“ útskýrir Inga Tinna. Henni fannst vanta auðveldari lausn fyrir veitingastaði og viðskiptavini þeirra. „Margir veitingastaðir voru að nota dagbækur eða erlend kerfi til að taka við bókunum. Ég hugsaði hvort þetta þyrfti að vera svona forneskjulegt þannig að ég fór að skoða hvernig þau eru að gera þetta erlendis eins og til dæmis í Bandaríkjunum. Þar nota margir forrit sem heitir opentable.com, sem er síða sem gerir notendum kleift að finna sér veitingastað og bóka á netinu. Við ákváðum að skoða að fá það kerfi til landsins en við sáum að það væri miklu betra að gera þetta sjálf alveg frá grunni.“

## Krefjandi og skemmtilegt þróunarferli

Þau fengum tvo veitingastaði með sér í lið til þess að þróa þetta þannig að það yrði sem hagkvæmast fyrir veitingastaðinn sjálfan. „Það var mikilvægt að veitingastaðurinn væri að fá þær lausnir sem honum fannst vanta. Þegar við vorum búin að vinna með þessum tveimur veitingastöðum náið í nokkra mánuði varð eftirleikurinn miklu auðveldari því við vorum komin með svo magnað kerfi.“ Allir veitingastaðirnir sem eru hluti af Dineout nota sama kerfið sem þau bjuggu til. Þau byrjuðu að innleiða kerfið á veitingastaðina í ágúst í fyrra og opnuðu heimasíðuna sína þegar þau voru komin með 40-50 staði. „Auðvitað tekur þetta allt tíma og við erum að innleiða og kenna á kerfið ásamt því að þjálfa starfsfólkið. Við þjónustum veitingastaðina alveg frá a til ö,“ segir Inga Tinna. Ásamt heimasíðunni mun snjallsímaforritið þeirra koma út eftir nokkrar vikur. „Það er nánast tilbúið en það er aðeins verið að fínpússa það,“ segir Inga Tinna. Dineout snjallsímaforritið verður auðvelt í notkun og einstaklega sniðugt. „Þar verður „memory“ yfir þína uppáhaldsstaði sem þú hefur verið að bóka á og þú sérð hvort það sé laust þar eða ekki. Einnig getur þú stillt það þannig að þú sjáir hvar sé laust nálægt þér. Þú getur leitað alveg eftir þínum þörfum, hvort sem þú ert grænmetisæta eða ekki, á leiðinni í bröns eða kvöldmat.“

Eins og staðan er núna eru flestallir veitingastaðirnir á höfuðborgarsvæðinu en þau eru byrjuð að þreifa fyrir sér á landsbyggðinni. „Mikilvægt er að veitingastaðir og viðskiptavinir þeirra á landsbyggðinni noti sömu tækni,“ segir Inga Tinna.

> **Þú getur leitað alveg eftir þínum þörfum, hvort sem þú ert grænmetisæta eða ekki, á leiðinni í bröns eða kvöldmat.**
>
> Inga Tinna Sigurðardóttir

## Út að borða og beint á tónleika

Dineout og Tix.is ætla að sameina krafta sína á næstu vikum og aðstoða fólk við að gera kvöldið sitt ennþá betra. „Fólk sem er að bóka viðburð í gegnum Tix.is getur bókað borð fyrir eða eftir viðburð á veitingastöðum nálægt viðburðinum. Þessi bókun fer fram í gegnum Tix.is en virknin er í gegnum Dineout.“

Það er margt spennandi og sniðugt fram undan hjá Dineout. „Svo munum við vera með það þannig að fólk geti safnað punktum þegar það bókar á dineout.is og þegar þau hafa safnað ákveðið mörgum punktum þá geta þau notað þá sem inneign á ákveðnum veitingastöðum. Það er ýmislegt í vændum hjá okkur sem verður gaman að tilkynna þegar að því kemur.“




GUIDELINE®
It´s all about the experience
DEMÓDAGUR
VÍFILSTAÐAVATN
11. JÚNÍ - 15:00 ~ 19:00
Taktu 11. júní frá því við verðum við Vífilstaðavatn á milli 15:00 til 19:00 með Håkan Norling frá Guideline sem ætlar að fara yfir allt varðandi stangir, hjól, línur og annað frá þessu vandaða vörumerki.
Verðum með úrval af stöngum frá Guideline uppsettum með fjölmörgum línu uppsetningum svo þú getir prófað. Tvíhendur, switch, einhendur... komdu og prófaðu.
Jói og Robbi verða einnig á staðnum og aðstoða við köstin og gefa góð ráð.
Håkan Norling
sölustjóri hjá Guideline verður með demo og fer yfir alla nauðsynlega hluti.
Jói sem flestir þekkja ætlar að aðstoða þig við köstin.
Robbi ætlar að mæta og gefa góð ráð.
EKKI BARA VÍFÓ!
Í verslun okkar verður einnig líf og fjör því við munum vera með frábær tilboð á öllum vörum frá GUIDELINE þennan dag.
Stórglæsilegt happadrætti fyrir alla sem mæta í verslun á milli 15:00 og 19:00 þar sem vinningarnir verða ekki af verri endanum. Þar má nefna laxveiðileyfi, Guideline tvíhenda, Guideline fluguhjól, kastkennsla, Veiðikortið...
veidikortid.is
VEIÐIKORTIÐ 2019
PYLSUR & PULSUR
Tökum fram grillið og græjum grillaðar pulsur, kók og prins oní liðið og allir fara sáttir heim eftir skemmtilegan dag.
FLUGUBARINN
er ávallt stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
VERÐ FRÁ 180 KR STK!
VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM
GUIDELINE
It's all about the experience
FULLINGMILL
Wychwood
patagonia
FRÖDIN FLIES
Korkers
UMPQUA
ALFA
COSTA
HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opið virka daga 10:00 til 19:00
Laugardaga 11:00 til 16:00
info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/
FLUGU Búllan

# Krökkum kennt að skapa fallegt samfélag

Krakkar á öllum aldri geta stundað jóga og það er hægt að kenna þeim það í gegnum leiki.



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is




Ásta er jógakennari og segir að krakkar læri að skapa fallegt samfélag í gegnum jógað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Um helgina kemur kennari til landsins frá Little Flower Yoga, en það er jógamiðstöð sem hefur sérhæft sig í að kenna börnum jóga. Námskeiðið er fyrir alla sem vilja hlúa að yngri kynslóðinni og samkvæmt Ástu Arnardóttur jógakennara er þetta í sjötta sinn sem kennarar frá Little Flower Yoga koma með krakkajóga-kennaranám í Yogavin.

„Þessi námskeið eru mjög vinsæl og margir sem nýta sér þau, bæði kennarar og fólk í alls konar félagslegu starfi með börnum og unglingum innan heilbrigðiskerfisins eða skólakerfisins. Líka pabbar og mömmur, afar og ömmur eða frænkur og frændur. Allir sem vilja styðja og hlúa að unga fólkinu og skapa fallegt samfélag.“

Ásta segir að kennslan hafi mikið verið nýtt í skólastarfinu og það sé gott að bjóða skólabörnum upp á jóga og núvitund, einhverja skapandi leið til að tengjast sjálfum sér og öðrum í kærleika. „Þau læra aðferðir til að vera í tengslum við sig sjálf, eigin tilfinningar, huga og líkama. Það er frábært að bjóða upp á þetta í skólum þar sem er fjölbreyttur hópur krakka sem geta nýtt sér þetta á eigin forsendum. Það er hægt að laga þetta kennslumódel að mismunandi hópum.“ Kennslumódel Little Flower Yoga byggir á því að kenna krökkum jóga í gegnum leiki með stuttum eða löngum samverustundum.

„Það eru fimm þættir í þessu kennslumódeli. Fyrsti þátturinn er að skapa tengsl við sjálfan sig, umhverfið og samfélagið. Annar þátturinn er öndun, að finna hvernig það er hægt að vera meðvitaður um eigin öndun og nýta hana til að róa taugakerfið eða tengjast tilfinningum sínum betur. Þriðji þátturinn er hreyfing sem skapar traust og heilbrigði í líkamanum, og auðvitað líka gleðina við að hreyfa sig. Fjórði þátturinn er einbeiting. Þá læra krakkar að þjálfa hugann og hæfileikann til að einbeita sér að einhverju í einhvern tíma. Síðasti þátturinn er svo slökun.“

> Þau læra aðferðir til að vera í tengslum við sig sjálf, eigin tilfinningar, huga og líkama. Það er frábært að bjóða upp á þetta í skólum þar sem er fjölbreyttur hópur krakka sem geta nýtt sér þetta.

Kennarar Little Flower Yoga leggja mikla áherslu á að skapa fallegt samfélag saman. „Í upphafi hópastarfsins búa krakkarnir sjálfir til leikreglur og byggja á því sem skiptir þá máli. Þau eru virkir þátttakendur í að skapa samfélagið og læra þarna að leika sér að því að skapa fallegt samfélag þar sem hver og einn fær að blómstra.“ Ásta segir að það sé gefandi fyrir alla, bæði fyrir jógakennarana og nemendur þeirra að eiga stefnumót við þessa fimm þætti „… og finna leiðir til að skapa heilbrigt og fallegt samfélag þar sem við berum virðingu fyrir hvert öðru. Við lærum að virða fjölbreytileika lífsins og skilja það sem við eigum sameiginlegt og það skapar umburðarlyndi.

Þetta verkefni, að skapa fallegt samfélag, er kannski stærsta verkefni á jörðinni í dag. Það að læra að lifa saman í sátt, kærleika og samkennd. Þetta er það sem við leggjum áherslu á í þessu námi, að hver og einn fær að blómstra á sínum forsendum.“








Frábær sumarbaka með berjum.

## Einföld sumarbaka

Þessi baka með berjum er einstaklega auðveld og tekur stuttan tíma. Frábær réttur með kaffinu á góðviðrisdegi. Kakan er með alls kyns berjum eftir smekk, jafnvel eplum eða ferskjum.

**Deigið**
- 200 g hveiti
- 100 g sykur
- 100 g smjör
- 1 egg

**Fylling**
- 500 g ber
- Börkur af einni sítrónu, saxaður smátt
- 1 msk. maízena-mjöl
- 1 egg til að pensla

Hitið ofninn í 200°C. Setjið hveiti, sykur og mjúkt smjör í matvinnsluvél. Setjið vélina í gang í stutta stund en þá er egginu bætt saman við. Setjið deigið á bökunarpappír og hnoðið í smá stund. Síðan geymt í kæli í hálftíma. Gerið fyllingu á meðan.

Þvoið berin, stráið sítrónuberki yfir ásamt maízena-mjölinu. Blandið öllu varlega saman án þess að kremja berin.

Fletjið deigið út þangað til það verður ½ cm á þykkt. Setjið í hringlaga mót, berin sett yfir og kantarnir lagðir smávegis yfir. Penslið deigið með hrærðu egginu.

Bakið í 25 mínútur. Berið fram volgt með ís eða þeyttum rjóma.

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

**Samstarfsvettvangur um loftslagsmál og grænar lausnir**

Að verkefninu standa forsætisráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, utanríkisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Landsnet, Rarik, Orkusalan, HS Orka, Elkem Ísland, Rio Tinto á Íslandi, Norðurál, Alcoa Fjarðaál, Efla, Verkís, Mannvit, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð Íslands, Bændasamtök Íslands, Íslandsstofa, Samorka og Orkuklasinn.

**Íslandsstofa** er samstarfsvettvangur atvinnulífsins og stjórnvalda og hefur það hlutverk að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar með þróttmiklu starfi í þágu íslenskra útflutningsgreina.



# Forstöðumaður samstarfsvettvangs um loftslagsmál og grænar lausnir

Auglýst er eftir forstöðumanni nýs samstarfsvettvangs um loftslagsmál og grænar lausnir. Forstöðumaðurinn er ráðinn af Íslandsstofu og stjórn samstarfsvettvangsins og verður starfsmaður Íslandsstofu.

Um er að ræða spennandi starf sem snýr að kynningu á framlagi Íslands og árangri í loftslagsmálum. Markmið samstarfsvettvangsins er að bæta árangur Íslands í loftslagsmálum og miðla fjölbreyttu framlagi landsins á því sviði, stuðla að framgangi grænna lausna og efla samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs varðandi aðgerðir í loftslagsmálum í samræmi við markmið stjórnvalda, þar með talið kolefnishlutleysi árið 2040. Þá mun vettvangurinn vinna að auknum útflutningi vöru, hugvits og lausna sem byggja á íslenskri orkuþekkingu og grænum lausnum.

**Við leitum að drífandi og reynslumiklum leiðtoga með öfluga fagþekkingu, leiðtogahæfni og reynslu á sviði markaðs- og kynningarmála.**

## Ábyrgð og helstu verkefni

- Kynna fjölbreytt framlag Íslands til loftslagsmála
- Efla samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um aðgerðir í loftslagsmálum þ.m.t. um kolefnishlutleysi árið 2040
- Styðja við markaðs- og viðskiptaþróunarstarf fyrirtækja tengt loftslagsmálum

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Þekking og brennandi áhugi á loftslagsmálum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og á fagsviðum sem tengjast loftslagsmálum er æskileg
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni og þekking á íslensku atvinnulífi
- Leiðtogafærni, drifkraftur, frumkvæði, jákvæðni og hugmyndaauðgi
- Umfangsmikil reynsla af markaðsmálum og kynningarmálum
- Þekking og reynsla af markaðssetningu á erlendum mörkuðum æskileg
- Reynsla af verkefnisstjórnun
- Framúrskarandi ensku- og íslenskukunnátta skilyrði, önnur tungumálakunnátta kostur
- Færni og reynsla í að koma fram
- Mjög góð þekking og reynsla af notkun samfélagsmiðla.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk.**
Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700




**Upplýsingatæknisvið Íslandsbanka**

# Framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs

**Íslandsbanki leitar að framkvæmdastjóra Upplýsingatæknisviðs. Við leitum eftir leiðtoga með góða þekkingu á rekstri og þróun tölvukerfa og sterka sýn á þróun stafrænna lausna viðskiptavinum til hagsbóta.**

Framundan eru spennandi tímar í framþróun stafrænna lausna. Íslandsbanki stefnir að því að vera samstarfsaðili númer eitt í opnum bankaheimi og vera þannig hreyfiafl til góðra verka.

Upplýsingatækni hefur snertifleti við alla starfsemi bankans, þvert á svið og stjórnskipulag. Framkvæmdastjóri starfar náið með öðrum einingum bankans við innleiðingu stefnu og markmiða bankans.

Framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs heyrir undir bankastjóra og á sæti í framkvæmdastjórn bankans.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Taka þátt í stefnumótun og markmiðasetningu bankans
- Ábyrgð á rekstri og þróun tölvukerfa og stafrænna lausna
- Tryggja stöðuga framþróun upplýsingatæknilausna
- Drífa áfram verkefni og tryggja skilvirka starfsemi
- Ábyrgð á vöruþróun í upplýsingatækni í samræmi við stefnu bankans

**Hæfniskröfur:**

- Afburða leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Framkvæmdagleði, eldmóður og faglegur metnaður
- Lausnamiðuð hugsun og samskiptahæfni
- Víðtæk reynsla og þekking á upplýsingatækni og stafrænni þróun
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Hreyfiafl til árangurs

Hjá Íslandsbanka starfa um 830 manns með ástríðu fyrir árangri. Við vinnum saman að lausnum fyrir viðskiptavini með fagmennsku að leiðarljósi. Starfsfólk Íslandsbanka leggur sig alltaf fram við að veita bestu bankaþjónustuna.

Íslandsbanki hefur staðist jafnlaunavottun og hlotið Jafnlaunamerki Velferðarráðuneytis.

**Umsóknir óskast fylltar út á islandsbanki.is og sendar inn ásamt ferilskrá.**
**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.**

Nánari upplýsingar veitir:
Hafsteinn Bragason, mannauðsstjóri: 844-4267 – hafsteinn.bragason@islandsbanki.is

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



## Skipstjóri
## Hafnarsamlag Norðurlands

Hafnarsamlag Norðurlands bs. (Akureyrarhöfn) óskar eftir að ráða skipstjóra til afleysinga með möguleika á fastráðningu. Undir Hafnarsamlag Norðurlands bs. falla Akureyrarhöfn, Grenivíkurhöfn, Svalbarðsstrandarhöfn, Hjalteyrarhöfn, Hríseyjarhöfn og Grímseyjarhöfn.

**Helstu verkefni eru:**
- Stjórn hafnarbáta.
- Viðhald hafnarmannvirkja.
- Starf hafnarvarða við móttöku og brottför skipa, auk færslu innan hafnar.
- Vigtun sjávarafla og skrá í aflaskráningakerfi Fiskistofu.
- Reikningsfærsla á viðskiptavini hafnarinnar fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustugjöldum og öðru því sem tilheyrir reikningagerð.
- Eftirlit með aðgangsstýringu að hafnarsvæðinu.
- Eftirlit með að ákvæðum siglingaverndar sé framfylgt í samræmi við verndaráætlun hafnarinnar.
- Almenn og sérhæfð störf á starfssviði hafnarinnar sem til falla.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**
- Alþjóðleg skipstjórnarréttindi STCV II/2.
- Reynsla af notkun Azimuth (ASD) búnaðar er kostur.
- Vélavarðarréttindi upp að 24 metrum (750 KW) er kostur.
- Réttindi vigtarmanns er kostur.
- Vinnuvélaréttindi er kostur.
- Góð enskukunnátta.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2019.**

Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is

---

Menningarhúsin í Kópavogi

# HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á MENNINGU OG MARKAÐSMÁLUM?

Um er að ræða skapandi og krefjandi starf í líflegu umhverfi. Starfið er nýtt og mun starfsmaður hafa mótandi áhrif á það í samráði við forstöðumann menningarmála.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi, netfang soffiakarls@kopavogur.is

Sækja skal um starfið á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is.

Umsóknarfrestur er til **1. júlí**.

Yfirstjórn menningarmála í Kópavogi leitar eftir markaðsdrifnum og menningarsinnuðum einstaklingi til að taka að sér að stýra nýju starfi kynningar- og markaðsstjóra menningarmála. Starfsmaðurinn vinnur náið með forstöðumanni menningarmála og forstöðumönnum menningarhúsa Kópavogs sem eru Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Gerðarsafn, Héraðsskjalasafn Kópavogs og Salurinn. Húsin sameinast um fjölbreytta dagskrá svo sem Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum, ólíkar hátíðir auk dagskrár fyrir skólahópa og sumarnámskeið fyrir börn í því skyni að efla samfélagið.

Helstu verkefni
- Stjórn markaðs- og kynningarmála
- Þróun stafrænnar miðlunar og markaðssetningar
- Yfirumsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum
- Samskipti við fjölmiðla, hönnuði og hagsmunaaðila
- Markaðssetning gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum
- Gerð rekstrar- og starfsáætlunar og eftirfylgni hennar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af kynningar- og markaðsmálum
- Staðgóð þekking og reynsla af stafrænni markaðssetningu og miðlun á samfélagsmiðlum
- Þekking eða reynsla af starfsemi innan menningarstofnunar er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Skapandi og lausnamiðuð nálgun
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni
- Geta til að vinna undir álagi og í fjölbreyttum verkefnum á sama tíma
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Kópavogsbær

menningarhusin.kopavogur.is

---

# Samskiptastjóri

Biskupsstofa óskar eftir að ráða samskiptastjóra í fjölbreytt og krefjandi starf. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á málefnum þjóðkirkjunnar, hefur reynslu af ímyndarmálum og upplýsingamiðlun.
Starfið heyrir undir skrifstofustjóra Biskpupsstofu, á skrifstofunni starfa 36 einstaklingar en hjá embættinu starfa 137 prestar á landsvísu.

Umsóknarfrestur
**24. júní 2019**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13859**

**Starfssvið:**
- Umsjón með kynningarmálum, útgáfumálum, ritstjórn ytri og innri vefs og fréttaskrif á heimasíðu.
- Ímyndarmál.
- Umsjón með innleiðingu stefnu í samskiptamálum.
- Ritstjórn ársskýrslu.
- Skipulag funda og ráðstefna.
- Fjölmiðlatengsl.
- Samfélagsleg ábyrgð, styrktarmál o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af samskiptamálum og vefumsjón, blaða- eða fréttamennsku.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til tjáningar í ræðu og riti.
- Áhugi á starfsemi þjóðkirkjunnar.
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Þekking og áhugi á samskiptamiðlum.

ÞJÓÐKIRKJAN

Biskupsstofa er starfrækt af biskupi Íslands í því skyni að rækja þjónustuskyldur biskupsembættisins og eftirlitshlutverk. Hlutverk Biskupsstofu í því sambandi er umfram allt að hvetja og styðja, söfnuði, presta og aðrar stofnanir kirkjunnar til að sækja fram í starfi og þjónustu. Biskupsstofa sinnir m.a. í því skyni fræðslumálum, málefnum er varða kærleiksþjónustu, guðfræði og þjóðmál, kirkjutónlist og helgihald, upplýsingamál og samkirkjutengsl.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Reykjavik Excursions-Kynnisferðir er eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins með um 500 starfsmenn. Fyrirtækið er leiðandi í skipulagningu og rekstri ferða innanlands, rekstri bílaleigu og annarri ferðaþjónustutengdri starfsemi. Hjá Kynnisferðum starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

# Sérfræðingur á fjármálasviði

Kynnisferðir leita að metnaðarfullum einstaklingi til að gegna starfi sérfræðings á fjármálasviði. Starfið er fjölbreytt í spennandi rekstrarumhverfi og felur í sér uppgjör og greiningar á ýmsum fjárhagsupplýsingum.

**Helstu verkefni**

- Uppgjör samstæðu og dótturfélaga
- Greiningar á rekstri og arðsemi vara
- Ársreikningagerð og samskipti við endurskoðanda
- Gagnaskil og skýrslugerð

**Hæfniskröfur**

- Viðskiptafræðimenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af greiningum og uppgjörsvinnu
- Reynsla af endurskoðun er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri
- Góð kunnátta í Excel

**Nánari upplýsingar veita:**
Ósvaldur Knudsen, fjármálastjóri Kynnisferða, osvaldur@re.is
Inga S. Arnardóttir, ráðgjafi Hagvangs, inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2019.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.



# Sérfræðingur í mannauðsmálum

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í mannauðsmálum. Um er að ræða nýtt starf sem heyrir undir framkvæmdastjóra mannauðssviðs.

**Starfssvið**

- Utanumhald og stöðugar umbætur á jafnlaunakerfi bankans og jafnlaunavottun
- Ráðgjöf í starfsmannatengdum málum til starfsmanna og stjórnenda
- Utanumhald um tölfræði, mælikvarða og skýrslugerð til stjórnenda
- Aðstoð við innleiðingu á nýju mannauðskerfi H3
- Ýmis sérverkefni sem tengjast umbótavinnu í mannauðstengdum verkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- MSc próf í mannauðsstjórnun eða vinnusálfræði
- A.m.k. tveggja ára reynsla af starfi í mannauðsmálum
- Þekking og reynsla af mótun jafnlaunakerfis
- Reynsla og/eða þekking á opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af breytingastjórnun er kostur
- Þekking á H3 mannauðskerfi
- Mjög góð hæfni í Excel og Power Point
- Samskiptahæfni, drifkraftur, frumkvæði og rík þjónustulund

**Nánari upplýsingar veita:**
Íris Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs Seðlabanka Íslands, iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is
Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 24. júní 2019.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Ertu að leita að sérfræðingi?
hagvangur.is

HAGVANGUR

Sveitarfélagið ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi. Það varð til við sameiningu Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhrepps árið 1998 og er því 21 árs á þessu ári. Sveitarfélagið hefur vaxið ört síðastliðin ár og telur nú rúmlega 9.500 íbúa. Í Árborg er gott mannlíf. Þar er miðstöð þjónustu á Suðurlandi, góðir skólar ásamt öflugu íþrótta-, félags- og menningarlífi. Í Árborg eru þrír grunnskólar með samtals um 1.470 nemendur og fimm leikskólar með rúmlega 500 nemendur. Einn af helstu kostum sveitarfélagsins eru fjölbreyttir búsetukostir í dreifbýli, búgarðabyggð, sjávarþorp við ströndina og stórt þéttbýli.



# DEILDARSTJÓRI FRAMKVÆMDA- OG TÆKNIDEILDAR

Sveitarfélagið Árborg leitar að deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar. Framkvæmda- og tæknideild er ný deild á mannvirkja- og umhverfissviði sem mun stýra hönnunarverkefnum og gerð áætlana um framkvæmdir og fjárfestingar. Deildin mun halda utan um og tryggja vandaða verkefnastjórnun á sviðinu og hafa umsjón með vali, þróun og innleiðingu á rafrænum tæknilausnum fyrir mannvirkja- og umhverfissvið og opinbera þjónustu. Meðal slíkra lausna er nýtt landupplýsingakerfi sveitarfélagsins, OneLand, og DMM, Dynamic Maintenance Management system, sem er hugbúnaðarkerfi fyrir viðhaldsstjórnun og rekstur.

Framkvæmda- og tæknideild er stofnuð til að takast á við mikinn vöxt í sveitarfélaginu, sem nær yfir Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyri og gamla Sandvíkurhrepp. Vegna íbúafjölgunar hafa framkvæmdir og nýfjárfestingar aldrei verið eins miklar á þessu svæði. Nýr deildarstjóri mun leiða uppbyggingu og þróun deildarinnar og gegna lykilhlutverki í fjölbreyttum og krefjandi verkefnum mannvirkja- og umhverfissviðs.

Verkefni deildarinnar snerta alla þætti mannvirkja- og umhverfissviðs, s.s. umhverfismál, hreinlætismál, dýramál, veitumál og gatnagerð, bæði viðhald og nýframkvæmdir, í samráði við stjórnendur í viðkomandi málaflokkum. Deildinni er einnig ætlað að stýra skrifstofu sviðsins og stjórnsýslu þess, s.s. umsýslu nefnda sviðsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Verk-, tækni-, byggingarfræðimenntun eða sambærilegt nám er skilyrði
- Reynsla af ráðgjöf og verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er æskileg
- Reynsla af áætlanagerð er æskileg
- Menntun og reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Reynsla af stjórnun starfsmanna á sambærilegu verksviði er kostur
- Frumkvæði, framsýni og geta til að starfa undir álagi
- Skipulagsfærni til að þróa áætlanir og aðferðir til lengri tíma
- Öryggi í allri talnameðferð og góð kostnaðarvitund
- Geta til að hafa góða yfirsýn yfir mörg og mismunandi verk og verkþætti
- Samskiptahæfni sem miðar að því að stýra hópi starfsmanna og verkefnateymum
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga kostur
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Helstu verkefni**

- Umsjón með áætlanagerð, hönnun, útboðum og verkefnastjórnun fyrir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins
- Umsjón og eftirfylgni fjárhagsáætlana sviðsins og fjárfestingaáætlunar
- Daglegur rekstur og stjórnun deildarinnar og mótun starfsemi hennar
- Umsjón með skrifstofu, stjórnsýslu og nefndarstörfum á mannvirkja- og umhverfissviði
- Störf með nefndum sviðsins eftir því sem þörf krefur
- Umsjón með þjónustu við íbúa og samskipti vegna verkefna sviðsins

# VERKEFNASTJÓRI Á FRAMKVÆMDA- OG TÆKNIDEILD

Sveitarfélagið Árborg leitar að verkefnastjóra hjá framkvæmda- og tæknideild, á mannvirkja- og umhverfissviði. Um er að ræða nýtt starf verkefnastjóra sem felur í sér stjórnun verkefna á sviðinu en einnig aðkomu að vali, þróun og innleiðingu á rafrænum tæknilausnum.

Framkvæmda- og tæknideild er ný deild á mannvirkja- og umhverfissviði sem mun stýra hönnunarverkefnum og gerð áætlana um framkvæmdir og fjárfestingar. Nýr verkefnastjóri mun taka þátt í að leiða uppbygginguna og þróun deildarinnar og gegna lykilhlutverki í fjölbreyttum og krefjandi verkefnum sviðsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Verk-, tækni-, byggingarfræðimenntun eða sambærilegt nám
- Reynsla af ráðgjöf og verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af áætlanagerð er æskileg
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Reynsla af stjórnun starfsmanna á sambærilegu verksviði er kostur
- Reynsla og/eða þekking á þróun landupplýsingakerfa er kostur
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum skilyrði
- Færni að tjá sig í ræðu og riti

**Helstu verkefni**

- Verkefnastjórnun í viðhaldi og nýframkvæmdum í samráði við stjórnendur sviðsins
- Val, þróun og innleiðing á rafrænum tæknilausnum
- Aðkoma að áætlanagerð, hönnun og útboðum

**Nánari upplýsingar veitir:**

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.
Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. júní nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Ertu að leita að sérfræðingi?

hagvangur.is



HAGVANGUR

# SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTULÍKÖNUM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

▶ **Bankasvið leitar að sérfræðingi í greiningu og eftirliti með áhættulíkönum fjármálafyrirtækja.**

Hlutverk bankasviðs er að starfrækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fyrirtækjanna á grundvelli gagnaskila, mat á áhættu og áhættustýringu þeirra.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að mati og eftirliti með líkönum sem notuð eru til að mæla fjárhagslega áhættu sem fjármálafyrirtæki, undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, standa frammi fyrir, m.a. útlánaáhættu, markaðsáhættu, samþjöppunaráhættu og kerfisáhættu. Líkönin eru í sumum tilfellum grundvöllur þeirra eiginfjárkrafna sem Fjármálaeftirlitið gerir til fjármálafyrirtækja.

## Starfssvið

- Greining og eftirlit með innri áhættumatslíkönum sem eftirlitsskyldir aðilar nota við mat á eiginfjárþörf, einkum útlánaáhættu
- Eftirlit með öðrum líkönum, t.d. virðisrýrnunar- og verðlagningarlíkönum
- Mat á umgjörð líkana fjármálafyrirtækja
- Þróun á aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins við mat á áhættu og framkvæmd áhættumats
- Þátttaka í öðrum verkefnum sviðsins og alþjóðlegu samstarfi

## Hæfniskröfur

- Háskólagráða í verkfræði, stærðfræði eða sambærilegu námi
- Þekking á líkönum sem notuð eru til að mæla fjárhagslega áhættu
- Viðeigandi þekking og reynsla á fjármálamarkaði
- Rík greiningarhæfni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í ritun og framsetningu texta á íslensku og ensku
- Jákvæðni, frumkvæði, góð hæfni í samskiptum og til þátttöku í hópavinnu

Frekari upplýsingar veita Elmar Ásbjörnsson, forstöðumaður á bankasviði (elmara@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

---

BORGARBYGGÐ

# Grunnskóli Borgarfjarðar auglýsir eftir kennara á unglingastigi á Kleppjárnsreykjum

Grunnskóli Borgarfjarðar er þriggja starfsstöðva grunnskóli í Borgarbyggð með um 180 nemendur. Starfsstöðvar hans eru á Kleppjárnsreykjum, Varmalandi og Hvanneyri. Einkunnarorð skólans eru gleði, heilbrigði og árangur og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Kennarar á unglingastigi vinna í teymi með 8.-10. bekk. Auglýst er eftir öflugum kennara til að vera fjórði kennari í teymi. Til greina kemur að hluti starfsins sé sérkennsla.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með börnum og ungmennum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Framtaksemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður í starfi

Mikilvægt að umsækjandi sé tilbúinn að vinna eftir stefnu og gildum skólans. Sjá heimasíðu http://www.gbf.is/

Í samræmi við jafnréttisstefnu Grunnskóla Borgarfjarðar og Borgarbyggðar eru jafnt karlar sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir skal senda til Helgu Jensínu Svavarsdóttur skólastjóra með upplýsingum um menntun, réttindi og starfsreynslu, ásamt ábendingu um meðmælendur á netfangið helga@gbf.is og einnig er hægt að fá nánari upplýsingar hjá henni í síma 861-1661.

**Umsóknarfrestur er til 17. júní nk.**

---

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.




# Verkefnastjóri vefútgáfu og samfélagsmiðla

Númiðlar og Rás 2

Við leitum að verkefnastjóra í fullt starf með reynslu í vefvinnslu, miðlun efnis á samfélagsmiðlum og mjög gott vald á íslensku máli. Verkefnastjóri stýrir teymum í húsinu þvert á deildir sem miðla efni á samfélagsmiðla.

Gerð er rík krafa til verkefnastjóra um fagmennsku, óhlutdrægni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Vefur og samfélagsmiðlar eru mikilvægar miðlunarleiðir og skipa stóran sess í þróun RÚV til næstu ára.

# Dagskrárgerðarmenn

Menning og Rás 1

Við leitum að tveimur dagskrárgerðarmönnum í fullt starf með breiða og góða þekkingu, reynslu af fjölmiðlum og brennandi áhuga á dagskrárgerð og miðlun menningarefnis.

Gerð er krafa til dagskrárgerðarmanna um mikið frumkvæði, drifkraft og hugmyndaauðgi auk mjög góðs valds á íslensku máli.

Skil umsókna og nánari upplýsingar eru á **umsokn.ruv.is.**

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**www.ruv.is**

---

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Hjúkrunarfræðingur á Heilbrigðisstofnun suðurlands á Hornafirði

Hjúkrunardeild HSU á Hornafirði leitar að hjúkrunarfræðingi í framtíðarstarf.
Um er að ræða 80 - 100% vaktavinnu sem felur í sér morgun- og kvöldvaktir og bakvaktir á nóttunni.

Skjólgarður er heimilislegt hjúkrunarheimili rekið af Sveitarfélaginu Hornafjörður samkvæmt þjónustusamning þess við Sjúkratryggingar Íslands undir HSU á Hornafirði. Skjólgarður starfar samkvæmt hugmyndafræðinni Lev og Bo.

Hjúkrunardeildin er með 24 hjúkrunarrými og 4 sjúkrarými ásamt 6 rýma dvalardeild sem er í sér húsnæði. Hjúkrunarfræðingar eru að þjónusta þessi rými. Sjúkrarýmin eru hluti af bráðaþjónustu HSU á Hornafirði. Hjúkrunarfræðingum stofnunarinnar býðst, að vera í viðbótar útkallsþjónustu neyðarflutninga.

**Hæfnikröfur**

- Reynsla í starfi
- Fagleg hæfni og metnaður
- Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Starfsleyfi landlæknis
- Góð íslenskukunnátta

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Fíh og Samband íslenskra sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 20. júní 2019.**

Upplýsingar um starfið veitir Helena Bragadóttir, hjúkrunarstjóri Skjólgarðs, s. 470-8630 / 470-8635, helenab@hornafjordur.is sem einnig gefur upplýsingar um starfið. Einnig er hægt að senda á Guðrúnu Döddu Ásmundardóttur, framkvæmdastjóra HSU Hornafirði, sími 470-8616, gudrunda@hornafjordur.is.

ÍAV 1954 2019 65

# FÆRNI | FRUMKVÆÐI | FAGMENNSKA



*ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem hefur starfað samfleytt frá 1954 á öllum sviðum byggingariðnaðarins. Við sýnum fagmennsku í verki og byggjum á áratuga reynslu á öllum sviðum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla einstaklinga sem sýna frumkvæði í verki og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Hjá okkur starfa 300 manns með mikla færni og við erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*Við leggjum áherslu á öflugt skipulag og verkefnastjórnun, góðan undirbúning verkefna sem skilar sér í ánægðum viðskiptavinum.*

## ÍAV óskar eftir starfsmönnum við ýmis verkefni.

### Trésmiðir í uppmælingu

Við leitum að einstaklingum jafnt sem hóp til starfa við uppsteypu fjölnotaíþróttahúss í Garðabæ. Mæling hjá Trésmíðafélagi Reykjavíkur

Menntun og hæfniskröfur:
- Sveinsbréf í iðngreininni
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Reynsla við uppsteypu skilyrði
- Reglusemi og stundvísi

### Byggingastjóri

Við leitum að öflugum einstaklingi til starfa sem byggingastjóri

Menntun og hæfniskröfur:
- Meistarabréf í iðngreininni
- Réttindi sem byggingastjóri I og III
- Reynsla af verkstjórn og gæðamálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi og stundvísi

*Upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri í síma 530-4200 eða magni@iav.is. Umsóknum skal skilað á vefinn www.iav.is. Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um.*

*Umsóknarfrestur er til 1. júlí nk.*

***Við breytum vilja í verk***

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 | OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?



## VIÐSKIPTASTJÓRI VERSLANA

Isavia óskar eftir að ráða metnaðarfullan viðskiptastjóra fyrir verslanir á Keflavíkurflugvelli. Helstu verkefni eru þjónusta og samskipti við verslunaraðila, eftirlit og greiningar á rekstrar- og þjónustuárangri og innleiðing á söluhvetjandi verkefnum, úrbótaverkefnum og verslunarstefnu.

Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur Vilbergsdóttir, deildarstjóri viðskiptadeildar, á netfanginu: gunnhildur.vilbergsdottir@isavia.is.

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, frumkvæði og metnaður
- Reynsla af gerð áætlana og úrvinnslu gagna
- Vönduð og sjálfstæð vinnubrögð og lausnaúrræði
- Reynsla á sviði verslunarreksturs er kostur

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **17. JÚNÍ**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

VÉLAMIÐSTÖÐIN 1964 óskar eftir að ráða:

## Sérfræðing í bíla- og tækjarafmagni

**Hæfniskröfur:**

- Menntun eða haldbær starfsreynsla á sviði bíla-, véla- eða rafmagnsviðgerða
- Reynsla á rafmagnssviði er nauðsynleg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðhorf

Sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins, umsokn.gamur.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni, bjarni@igf.is

Íslenska Gámafélagið og Vélamiðstöðin hafa jafnrétti að leiðarljósi og hvetja karla jafnt sem konur til að sækja um starfið

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

## Job Opportunities
## Political Affairs Officer

The British Embassy in Reykjavik is seeking a suitable candidate to join our small team as a permanent full-time Political Affairs Officer.

The PAO role will be key in helping the Embassy advance wider UK Government interests and priorities by building upon the strong links between the UK and Iceland – both bilaterally and in the international field.

The successful candidate will provide accurate analysis and reporting on Iceland's political landscape, its international policies and domestic events. This position will also involve identifying and engaging with key figures, institutions and influencers inside and outside of the Icelandic government to ensure effective UK - Iceland collaboration, as well as to spot and build upon opportunities for working more closely together.

More details on working at the Embassy, the PAO position and a full list of the skills and experience we are looking for can be found through our Facebook page, UKinIceland.

**The closing date for applications is 24 June 2019.**

The British Government is an inclusive and diversity-friendly employer. We welcome and encourage applications from people of all backgrounds.

British Embassy
Reykjavik

Follow us on
facebook.com/UKinIceland
twitter.com/UKinIceland

# Erum við að leita að þér?

## Verkfræðingur á samgöngusviði

VSÓ leitar að verkfræðingi til starfa á samgöngusviði. Áhugasömu fólki sem býr yfir:

- Menntun á sviði verkfræði, sérhæfing í samgöngum er æskileg.
- Góðri þekkingu á forritum sem tengjast fagsviðinu.
- Góðri kunnáttu í íslensku, ensku og helst a.m.k. einu norðurlandamáli.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.



Starfið felst m.a. í vinnu við samgöngulíkön, almenningssamgöngur, samgönguskipulag og forhönnun samgöngumannvirkja.

Kynntu þér málið
nánar á www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF
VERKFRÆÐISTOFA

# Embætti **ráðuneytisstjóra**

**Auglýst er laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra í mennta- og menningarmálaráðuneyti.**

Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Allar embættisfærslur starfsmanna eru gerðar í umboði ráðherra. Helstu verkefni sem heyra undir ráðuneytið eru skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins, fræðslumál, þ.á.m. kennslu- og skólamál, námsaðstoð, vísindamál, safnamál, menningarminjar, listir og menning, höfundaréttur, íslensk fræði, íþrótta- og æskulýðsmál og mál er varða fjölmiðla. Þá sinnir ráðuneytið fjölbreyttu erlendu samstarfi á sviði menntunar, menningar og vísinda.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er skipt í fimm skrifstofur. Skrifstofu mennta og vísinda, skrifstofu menningarmála, skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar, skrifstofu laga og stjórnsýslu og skrifstofu yfirstjórnar. Ráðuneytið starfar sem ein heild en skrifstofur hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til. Ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofa og sér, ásamt skrifstofustjórum, um miðlun upplýsinga til ráðherra.

**Starfssvið:**
**Applicants must submit a CV and an introductory letter.**

VALITOR

# SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTULÍKÖNUM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

**Bankasvið leitar að sérfræðingi í greiningu og eftirliti með áhættulíkönum fjármálafyrirtækja.**

Hlutverk bankasviðs er að starfrækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fyrirtækjanna á grundvelli gagnaskila, mat á áhættu og áhættustýringu þeirra.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að mati og eftirliti með líkönum sem notuð eru til að mæla fjárhagslega áhættu sem fjármálafyrirtæki, undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, standa frammi fyrir, m.a. útlánaáhættu, markaðsáhættu, samþjöppunaráhættu og kerfisáhættu. Líkönin eru í sumum tilfellum grundvöllur þeirra eiginfjárkrafna sem Fjármálaeftirlitið gerir til fjármálafyrirtækja.

### Starfssvið

- Greining og eftirlit með innri áhættumatslíkönum sem eftirlitsskyldir aðilar nota við mat á eiginfjárþörf, einkum útlánaáhættu
- Eftirlit með öðrum líkönum, t.d. virðisrýrnunar- og verðlagningarlíkönum
- Mat á umgjörð líkana fjármálafyrirtækja
- Þróun á aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins við mat á áhættu og framkvæmd áhættumats
- Þátttaka í öðrum verkefnum sviðsins og alþjóðlegu samstarfi

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða í verkfræði, stærðfræði eða sambærilegu námi
- Þekking á líkönum sem notuð eru til að mæla fjárhagslega áhættu
- Viðeigandi þekking og reynsla á fjármálamarkaði
- Rík greiningarhæfni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í ritun og framsetningu texta á íslensku og ensku
- Jákvæðni, frumkvæði, góð hæfni í samskiptum og til þátttöku í hópavinnu

Frekari upplýsingar veita Elmar Ásbjörnsson, forstöðumaður á bankasviði (elmara@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



# Veiði í Reykjadalsá

**Til sölu eru veiðileyfi í Reykjadalsá í Reykholtsdal í Borgarfirði, sumarið 2019. Veiðitímabilið er frá 20. júní til 30. september og rennt er fyrir laxi og urriða.**

Í boði eru ýmist einn eða fleiri dagar og veitt er á tvær stangir.

Auðvelt er að komast að ánni, ágætt veiðihús er á staðnum og liðlega klukkutíma akstur frá höfuðborgarsvæðinu. Mjög góð veiði hefur verið í ánni undanfarin ár. Verð eru frá 14.400 kr á stöng fyrir daginn. Frekari upplýsingar um verð og lausa daga gefur Hörður Guðmundsson í gegnum: **reykjadalsa@hotmail.com**

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Eggertsgata, gatnagerð og veitur 1. áfangi 2019,** útboð nr. 14576.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

JOHAN RÖNNING
www.ronning.is



# Er kraftur í þér?

## Söluráðgjafi á rafbúnaðarsviði

**Johan Rönning** óskar eftir að ráða þjónustulundaðan söluráðgjafa til starfa í útibúi sínu á **Grundartanga**. Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini.

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi. Johan Rönning hefur verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR átta ár í röð ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins undanfarin sjö ár.

Johan Rönning hlaut jafnlaunavottun árið 2013, eitt af fyrstu fyrirtækjum landsins til að hljóta slíka viðurkenningu.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

**Hæfniskröfur:**

- Mikil þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Menntun og reynsla í rafiðnaði
- Reynsla af sölustörfum kostur
- Lausnamiðaður hugsunarháttur

**Upplýsingar** um starfið veitir Helgi Guðlaugsson í síma 5 200 800 eða helgig@ronning.is
**Umsóknir sendist á netfangið helgig@ronning.is fyrir 24. júní.**

Johan Rönning hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Sindra vinnuföt, Vatn og Veitur og S. Guðjónsson. Hjá félaginu starfa yfir 125 manns í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík. Johan Rönning hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018 · 2014–2017 Framúrskarandi fyrirtæki

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **SELFOSSI** | **AKUREYRI** | **REYÐARFIRÐI** | **REYKJANESBÆ** | **HAFNARFIRÐI** | **GRUNDARTANGA** |
| Klettagörðum 25 | Eyravegi 67 | Draupnisgötu 2 | Nesbraut 9 | Hafnargötu 52 | Bæjarhrauni 12 | Mýrarholtsvegi 2 |
| Sími 5 200 800 | Sími 4 800 600 | Sími 4 600 800 | Sími 4 702 020 | Sími 4 207 200 | Sími 5 200 800 | Sími 5 200 830 |

# ÚTBOÐ

## KÁRSNESSKÓLI - JARÐVINNA

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í jarðvinnu vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar Kársnesskóla við Skólagerði í Kópavogi.
Helstu verkþættir eru upprif á malbiki, gröftur lausra jarðefna, klapparskeringar og brottakstur efnis.

**Helstu magntölur eru eftirfarandi:**

- Upprif á malbiki 6.000 m2
- Gröftur lausra jarðefna og brottakstur 14.500 m3
- Klapparskering og brottakstur 3.000 m3
- Fyllingar 1.000 m2

**Verklok eru 15. nóvember 2019.**

Útboðsgögn eru afhent rafrænt og skulu þeir sem óska eftir útboðsgögnum senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is frá og með miðvikudeginum 12. júní nk.
Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Tilboði skal skila til Þjónustuvers Kópavogs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi og verða þau opnuð þar þriðjudaginn 25. júní 2019 kl. 11.00 í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Óskum eftir tilboði í uppslátt

Óskum eftir tilboði í uppslátt á grunnveggjum með eða án járnabindingu. Um er að ræða iðnaðarlóð á Völlunum í Hafnarfirði. Lengd grunnnveggja er samtals 300 metrar. Hæð 1,2 metrar.
Fyrirliggjandi eru allar teikningar og mælingartöflur.

**Nánari upplýsingar 899 7112 og gf@isotech.is**

## Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur

Allar auglýsingar vegna innkaupaferla eru birtar á

**utbodsvefur.is**

Utbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða þar sem birtar eru auglýsingar og/eða tilkynningar um fyrirhuguð innkaup.

OR Orkuveita Reykjavíkur · VEITUR · GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR · ON

Grunnur að lífsgæðum · Orkuveita Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • www.or.is

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi

**Fossvogsdalur – austurhluti. Breytt deiliskipulag. Hundagerði.**

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. maí 2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir austurhluta Fossvogsdals. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir hundagerði í dalnum neðan við Álfatún 27-37 alls um 1.200 m2 að flatarmáli, afgirt svæði með um 1,5 m hárri girðingu. Í gildandi deiliskipulagi fyrir Fossvogsdal frá 1996 er gert ráð fyrir um 10 bílastæðum norðan Álfatúns 27-31. Í tillögunni felst breytt afmörkun þeirra sem og að þau verða með gegndræpu yfirborði í stað malbiks alls um 340 m2 að flatarmáli. Í tillögunni er gert ráð fyrir áframhaldandi trjárækt á svæðinu, stígar lagfærðir og reiðstígur felldur út úr skipulagi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð dags. í maí 2019. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en **kl. 15:00 fimmtudaginn 25. júlí 2019.**

Skipulagsstjóri Kópavogs.

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# S30

## TIL LEIGU

Skrifstofu- og verslunarrými vel staðsett miðsvæðis




## Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík

**Nýlega endurnýjað 237 fm. skrifstofuhúsnæði** á 4. hæð, sem eru10 aðskilin rými og móttaka. Rúmgóð sameiginleg kaffiaðstaða er á hæðinni auk snyrtiaðstöðu. Stækkunarmöguleikar eru fyrir hendi.

**Nýlega endurnýjað 176 fm. skrifstofu- og/eða verslunarhúsnæði** á jarðhæð. Sameiginleg kaffiaðstaða fyrir jarðhæðina auk snyrtiaðstöðu.

**Staðsetning** hússins er miðsvæðis og fyrirtækjamerkingar vel sýnilegar. Aðgengi er gott og næg bílastæði. Húsið liggur vel að strætisvagnaleiðum og er í Húsumsjón Eignaumsjónar.

**Húsnæðið** er til afhendingar fljótlega. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Lögborgar lögfræðiþjónustu í síma: 588-3000 og í netfanginu logborg@logborg.is.

# EIGNAMIÐLUN

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

## LAMBHAGAVEGUR 13, 113 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

Nýtt 214 fm atvinnubil. (möguleiki að stækka milliloft). Um er að ræða nýbyggingu sem er staðsett rétt hjá Bauhaus. Eignin er fullbúin og rýmið er afhent við kaupsamning. **V. 61,9 m**

**Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is**

# EIGNAMIÐLUN

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

## GERPLUSTRÆTI 31, 270 MOSFELLSBÆR



OPIÐ HÚS

**Ný íbúð laus til afhendingar.** Ný og glæsileg 125.4 fm 5 herbergja íbúð. Fjögur góð svefnherbergi, svalir til suðurs, bílastæði í lokaðri bílageymslu. Smekklega innréttuð íbúð með innréttingum frá Axis. **Verð 53,2 m.**

**Opið hús laugardaginn 8. júní milli kl. 13:45 og 14:15**

**Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is**

# Þingvellir - Helgafellssveit



**316 hektara jörð í Helgafellssveit skammt frá Stykkishólmi, gott aðgengi að sjávarsíðu.**





Landið er mjög fagurt og útsýni yfir eyjarnar við Breiðafjörð stórfenglegt en nokkrar þeirra tilheyra landinu.

262 fm steypt einbýlishús á jörð ásamt fl. eignum s.s. fjós, fjárhús o.fl. Byggingar standa flestar nær strandlínu en 50 mtr.

Landið getur boðið upp á svæði sem nýst geta fyrir byggingu sumarhúsa og starfsemi tengda ferðamannaþjónustu að gefnu leyfi yfirvalda.



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

**Tilboð óskast**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

# Gnitakór 2-203 Kópavogur



## Bókið skoðun





Stórglæsilegt og vandað 7 herbergja einbýlishús með mjög fallegu útsýni. Eignin er 299,8 fm, þar af er 50,5 fm innangengur bílskúr. Einstaklega vel staðsett eign í barnvænu hverfi þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. Nánari uppl. veitir Kristján í síma 867-3040, kristjan@trausti.is og Guðbjörg Gerður í síma 899-5949, gudbjorg@trausti.is. **Verð 129.900.000**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

# ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399



STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049



SARA MARÍA KARLSDÓTTIR
Fjármálastjóri
GSM 697 5524



ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508



KJARTAN ÍSAK GUÐMUNDSSON
B.Sc. Viðskiptafræðingur
Nemi til lögg. fast.
GSM 663 4392

## LOGAFOLD 66, 112 RVK

**84.9M**



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON** **663 2508**

**Opið hús miðvikudaginn 12. júní. klukkan 17:00-18:00.** Notalegt einbýli á besta stað í Grafarvogi, frábærlega staðsett neðst í Logafold.Rúmgóð stofa með mikilli lofthæð og vönduðum innréttingum.

## BERGSTAÐARSTRÆTI 60, 101 RVK

**TILBOÐ**



**ERLA DRÖFN MARGNÚSDÓTTIR** **692 0149**

Heil húseign. 424,8 fm. á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Húsið er hægt að nýta á margan hátt. T.d. sem margar litlar íbúðir, fjölda útleiguherbergja o.fl. Stutt í alla þjónustu, göngufæri við Umferðarmiðstöðina.

## ÁLALIND 1-3, 201 KÓPAVOGUR




**KJARTAN GUÐMUNDSSON, SÍMI: 663 4392 OG STEFÁN HRAFN, SÍMI: 895 2049**

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 9. JÚNÍ. KLUKKAN 14:00-15:00.** Einungis 5 íbúðir eftir í þessu glæsilega húsi. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar með gólfefnum við kaupsamning. 4ra herbergja íbúðir á þriðju, fjórðu og fimmtu hæð með stæði í bílageymslu. Ásett verð frá 58,5 – 66,5 millj.

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965
**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132
**Bjarklind Þór**
löggildingarnemi
bjarklind@fold.is / 690-5123

## Sólvallagata 64, 101 Rvk., efsta hæð/einstaklingsíbúð.
**OPIÐ HÚS ÞRI 11/6 KL. 16:30-17:00.**




Sólvallagata 64. Ca. 31 fm. samþykkt einstaklingsíbúð auk ca. 5 fm. geymslu á frábærum stað í vesturborginni. Stórar (ca. 15 fm) svalir meðfram endilangri íbúðinni. Frábært útsýni. Góð fyrstu kaup og góður fjárfestingakostur.

**Verð 24,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 11. júní kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Melabraut 14, Seltjarnarnesi.
**OPIÐ HÚS ÞRI 11/6 KL. 16:30-17:00**




Melabraut 14. Ca. 90 fm. björt og falleg íbúð á efstu hæð í góðu þríbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Tvö svefnherbergi, endurnýjað eldús og baðherbergi. Falleg gólfefni.

**Verð 49,8 millj.**

**Opið hús þriðjudaginn 11. júní kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Markarflöt 57, 210 Garðabæ, einbýli á einni hæð.
**OPIÐ HÚS ÞRI 11/6 KL. 16:30-17:30.**




Vandað rúmlega 200 fm. einbýlishús á einni hæð með bílskúr á frábærum stað í enda götu. Húsið er með 4 svefnherbergjum. Það er talsvert endurnýjað, stendur hátt í götunni og er með góðu útsýni í suður. Bílskúrinn er um 50 fm. og húsið um 150 fm. Stór lóð með fallegum garði, góðri útiaðstöðu og nýjum heitum potti.
**Verð 85,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 11. júní kl. 16:30-17:30, verið velkomin.**

## Hamraborg 24, 200 Kópavogur.
**OPIÐ HÚS MIÐ 12/6 KL. 16:30-17:15.**




Hamraborg 24, íbúð merkt 1B, 2ja herbergja 43,7 fm íbúð á 1. hæð (2. hæð frá götu). Til viðbótar er sérgeymslu á sömu hæð ásamt sameiginlegu þvottahúsi. Aðgangur að stæði í bílahúsi. Parket og flísar á gólfum. Íbúðin er í horni með glugga á tvo vegu og mikið til upprunaleg. Svalir. Íbúðin er laus við kaupsamning.
**Verð 27,5 millj.**
**Opið hús miðvikudaginn 12. júní kl. 16:30-17:15, verið velkomin.**

## Vesturberg 191, 111 Rvk.,
**TVÆR ÍBÚÐIR.**




214,9 fm vel skipulagt einbýlishús með auka íbúð. Eigninni fylgir bílskúr. Aðalhluti hússins skiptist í fjögur svefnherbergi, borðstofu, stofu, eldhús og baðherbergi. Á neðri hæð er ágæt þriggja herbergja íbúð. Bílskúr með hita, vatni og rafmagni.
**Verð 74,9 milljónir.**

**Bókið skoðun: fold@fold.is / 552-1400.**

## Óskum eftir

- **Íbúðum í úthverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila, traustar greiðslur.**
- **Minni sérbýlum á höfuðborgarsvæðinu á skrá fyrir áhugasama kaupendur.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## Þú finnur okkur á fold.is

# STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

## OPIÐ HÚS **LAUGARDAGINN 8. JÚNÍ KL. 12.00-13.00**







# Bæjarlind 5

**▶ NÝTT Í SÖLU**

FJÖLBREYTT ÚRVAL ÍBÚÐA

**TÓLF HÆÐA ÚTSÝNISHÚS MIÐSVÆÐIS Í KÓPAVOGI**

Fjölbýlishúsið að Bæjarlind 5 er staðsett í nýju hverfi til móts við Smáralind sem kallað er Glaðheimar. Við hönnun á húsinu var haft að leiðarljósi að viðhald utanhúss yrði eins lítið og mögulegt er. Eingöngu er notast við fyrsta flokks efni bæði innan- sem og utandyra.

- **Stærð frá 62,4 fm – 230,6 fm.**
- **Verð frá 39,4 m.kr.**
- **Afhending íbúða er í ágúst/sept 2019**

**Stærð 97,5 fm / verð 56,9 m.kr.**




**Stærð 65,1 fm / verð 40,9 m.kr.**






## Fullbúnar sýningaríbúðir, bókið skoðun hjá sölumönnum:


**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Ármann Þór Gunnarsson**
löggiltur fasteignasali
armann@eignamidlun.is
Sími 847 7000



**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
löggiltur fasteignasali
hrafnhildur@eignamidlun.is
Sími 862 1110



## Þú finnur draumastarfið á job.is


Heilbrigðisþjónusta


Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is

## Rjúkandi við Vegamót

Hótel- og veitingasala

Eyja- og Miklaholtshreppi





Glæsileg hótel aðstaða með 14. herbergjum með inngangi og baði

Húsakostur rúmlega 505 fm

Heitur pottur sameiginlegur

Raf – hleðslustöð á bílaplani

Rekstur í fullum gangi

Veitinga sala

Veislusalur

Verð : **195 millj.**

**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Nánari upplýsingar veitir:

**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali

jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

- með þér alla leið -



## Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum





lind@fastradningar.is

mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is



## Tjarnarból 12

170 Seltjarnarnes



Útsýnisíbúð

Falleg íbúðin 4ra herbergja 105,6 fm – samtals 122,5 fm. Bílskúr 16,9 fm.

Vel skipulögð íbúð þar sem fermetrar nýtast vel.

Þrjú svefnherbergi ásamt sjónvarpsholi

Þvottahús innan íbúðar

Mikið útsýni af svölum og eldhúsi

Góð umgengni

Vinsæl staðsetning, leik-, grunn- og tónlistarskóli í göngufæri

Nánari upplýsingar veitir:

**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali

jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð : **54,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

MIÐBÆR

www.midbaer.is **Fasteignasala** 588 3300

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík | Sími: 588-3300 | midbaer@midbaer.is



## Fossatunga 1-7, 270 Mosfellsbær

**Byggingarlóð í Leirvogstungu í Mosfellsbæ**

Vel staðsett 1.503 m2 endalóð fyrir 4 raðhús á 2. hæðum með innbyggðum bílskúr. Lóðin stendur hátt yfir byggð til austurs með fallegu útsýni. Gatnagerðargjöld eru greidd af lóðinni fyrir byggingarmagn að 604 m2. Teikningar frá Krark sem og verkfræðiteikningar fylgja með í kaupum.

Teikningar gera ráð fyrir að húsin eru 220 m2 á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr.

**Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá Miðbæ fasteignasölu í sími 588 3300 eða á netfanginu midbaer@midbaer.is**

Kristbjörn Sigurðsson, lögg. Fasteignasali & leigumiðlari

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

capacent.is


Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi


Þórarinn Thorarensen
Lögg.fast. og eigandi


Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi


Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi


Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi


Ása Þöll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka


Nadia Katrín Banine
Löggiltur fast.


Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.


Eggert Maríuson
Löggiltur fast.


Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla


Guðrún D. Lúðvíksdóttir
Löggiltur fast.


Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.


Siggi Fannar
Löggiltur fast.

**www.landmark.is**

**... leiðir þig heim!**

**LANDMARK**
FASTEIGNAMIÐLUN

**Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900**

## SÓLEYJARIMI 57 – 112 RVK






**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Glæsilegt, vel skipulagt 208,1 fm raðhús á tveimur hæum
- Fimm góð svefnherbergi
- Vandaðar innréttingar og hreinlætistæki, gólfhiti
- Falleg gólfefni og lýsing í loftum
- Innbyggður bílskúr með geymslulofti
- Afgirtur suðursólpallur er aftan við húsið

**V. 86,9 millj.**

**Andri s. 690 3111**

## KIRKJUBRAUT 37 – 300 AKRANESI




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Rúmgóð og björt 127,8 fm rishæð með stórum svölum
- Fjögur svefnherbergi
- Mjög fallegt útsýni frá íbúðinni
- Parket og flísar á gólfum
- Eign sem býður upp á mikla möguleika
- Laus til afhendingar

**V. 29,7 millj.**

**Andri s. 690 3111**

## ÁRSALIR 3 – 201 KÓP




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Mjög góð 3ja herbergja íbúð á 4. hæð í fallegu lyftuhúsi
- Húsið var byggt árið 2001
- Eignin er skráð 98,9 fm
- Þvottahús innan íbúðar
- Mjög snyrtileg og vel umgengin sameign
- Frábær staðsetning þar sem er stutt í alla helstu þjónustu

**V. 44,9 millj.**

**Andri 690 3111**

## HOLTSVEGUR 14 – 210 GBÆ




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Glæsileg og rúmgóð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð
- Íbúðin er nýtt sem 3ja herbergja, auðvelt að bæta við 3ja svefnh.
- Sérsmíðaðar innréttingar, falleg gólfefni
- Gengið út á verönd frá stofu og eldhúsi
- Tengi fyrir þvottavél og þurrkara á baðherbergi
- Mjög snyrtileg og vel umgengin sameign

**V. 62,5 millj.**

**Andri 690 3111**

## HEIÐARHJALLI 35 (ÍBÚÐ 101), 200 KÓP




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 11. JÚNÍ KL 17:00-17:30**
- 149,8 fm 4ra herbergja útsýnisíbúð eða hæð í suðurhlíðum Kópavogs.
- Sérinngangur norðanmegin og rúmgóður bílskúr.
- Stofa / borðstofa, eldhús og rúmgott hol / sjónvarpsrými.
- Þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvotthús innan íbúðar.
- Fallegur garður í óskiptri sameign með sameiginlegum palli.
- Frábær staðsetning í barnvænu hverfi, stutt í alla þjónustu.

**Verð 59,9 millj.**

**Þórey s. 663 2300**

## ÞORRAGATA 5 – 101 RVK




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Rúmgóð ca. 150 fm 4ra herb., endaíbúð
- Björt íbúð á 4.hæð með gluggum á 3 vegu
- Yfirbyggðar suð-vestur svalir að hluta
- Tvö svefnherb., skrifstofa, stórar stofur
- Bílskúr er með íbúð og geymslur

ÍBÚÐ ER ÆTLUÐ FÓLKI 63 ÁRA OG ELDRA
LAUS VIÐ KAUPSAMNING.

**V. 84,9 millj.** **Sveinn s. 6900.820**

## ESKIHOLT 19 – 210 GBÆ




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Glæsilegt 380 fm einbýlishús
- 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi
- Vandaðar innréttingar, glæsilegt útsýni
- Tómstundarherb., rúmgóður bílskúr
- Glæsileg lóð með afgirtum veröndum
- Teiknað af Kjartani Sveinsyni

LAUST TIL AFHENDINGAR

**v. 128.5 millj.** **Sveinn s. 6900.820**

## ÁLFHEIMAR 42 – 104 RVK




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Rúmgóð 5.herb. íbúð á 1.hæð með möguleika
- Í dag eru 3 góð svefnherb., voru 4 áður
- Gott skipulag með góðum stofum
- Búið er að endurnýja eldhús
- Húseign og sameign er í góðu ásigkomulagi

LAUS TIL AFHENDINGAR

**V. 51,5 millj.**

**Sveinn s. 6900.820**

## DYNGJUGATA – 210 GBÆ




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Nýjar 4ra herb. íbúðir fullbúnar m/öllu
- Íbúðir eru 119-180 fm að stærð
- Stæði í bílgeymslu er með öllum íbúðum
- Vandðar innréttingar frá AXIS
- Fataherb. er innaf hjónaherb., í íbúðum
- Glæsilegt útsýni, lyftuhús

LAUSAR TIL AFHENDINGAR

**V. 60,9 – 99,9 millj.** **Sveinn s. 6900.820**

## SKÚLAGATA 32-34 - 101 RVK.




**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Einstaklega falleg 74,7 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. í afar góðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Frábært útsýni yfir Esjuna og sundinn. Mikil lofthæð í íbúð. Sameign afar snyrtileg.
- Eignin er laus við kaupsamning.

**V. 42,9 millj.**

**Þórarinn s. 770-0309**

## MELALIND 12 – 201 KÓP.



- Virkilega falleg 122,5 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. Hæð
- Bílskúr 26,1 fm. Sameign afar snyrtileg.
- Stórar suðursvalir.
- Stutt í skóla og alla þjónustu.

**V. 59,9 millj.**

**Þórarinn s. 770-0309**

# URRIÐAHOLTSSTRÆTI 28, 210 GARÐABÆR

## GLÆSILEGAR ÚTSÝNISÍBÚÐIR

## KOMIÐ Í SÖLU

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 10.6 MILLI 18:00 – 19:00**







Fjölbýlishúsið Urriðaholtsstræti 28 er 5 hæðir. Íbúðafjöldi er 12, þar af tvær undir 90 fm. Einn stigagangur er í húsinu og ein til þrjár íbúðir á hverri hæð. Aðalinngangur er á 2. hæð, frá bílastæði. Aðaladkoma að bílageymslu er á 1. hæð, frá Brekkugötu.

Bílastæði og lóð: eitt bílastæði er á lóð fyrir hverja íbúð og eitt stæði í bílastæðahúsi, heildarfjöldi bílastæða 24, þar af tvö fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að koma upp hleðslustöð fyrir rafbíla í bílastæðahúsi.

Húsið er í Urriðaholti í Garðabæ sem er einstakt og nýstárlegt hverfi. Það er umkringt óspilltri náttúru en um leið í nálægð við greiðfærar samgönguleiðir og er sérlega vel staðsett innan höfuðborgarsvæðisins. Í jaðri hverfisins eru helstu útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, ósnortin náttúra og einn glæsilegasti golfvöllur landsins.

**STÆÐI Í LOKUÐU BÍLASTÆÐAHÚSI FYLGIR ÖLLUM EIGNUM**

LIND FASTEIGNASALA

ÞARFAÞING VERKTAKAR



Magnús 699-2010
magnus@fastlind.is
löggiltur fasteignasali



Hannes 699-5008
hannes@fastlind.is
löggiltur fasteignasali



# RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

### Suðurgata 44, 220 HAFNARFIRÐI



Steinsteypt þriggja hæða bygging ásamt kjallara undir hluta hússins. Húsið var byggt árið 1937 og var lengst af notað sem skólahúsnæði en var síðan tekið undir læknastofur. Íþróttasalur sem er áfastur húsinu til vesturs hefur verið nýttur sem geymsla síðustu ár og hefur ekki verið upphitaður. Skráð stærð hússins er 885,7 m2. Fyrir utan íþróttasalinn er stærð hússins 645,1 m2. Vel staðsett eign sem býður uppá mikla möguleika en þarfnast lagfæringa og endurbóta. **Verð: 145 millj.**

### Sveintún 2, 611 GRÍMSEY




Um er að ræða fimm herbergja 116,3 fm. íbúðarhús í Grímsey, fyrst byggt árið 1942 en viðbygging var byggð árið 1971. Húsið stendur á fallegum stað við aðalgötuna í Grímsey og rétt ofan við Stertuvík. Húsið er á einni hæð og er selt á sér afmarkaðri 1.500 fm leigulóð.

**Verð: 5,5 millj.**
**LAUST STRAX**

### Bakkakot, VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU




Jörðin Bakkakot 1, ásamt íbúðarhúsi og fleiri byggingum. Stærð hennar er 458 hektarar, þar af er ræktað land skráð 55,4 hektarar. Um er að ræða bújörð en ekki hefur verið stundaður þar hefðbundinn búskapur um árabil. Jörðin er flatlend og talin henta vel til ræktunar og akuryrkju. Jörðinni fylgja 226,5 ærgildi.

**Verð: TILBOÐ**

### Hjarðartún 7, 355 ÓLAFSVÍK




Vel skipulögð 4 herbergja íbúð á góðum útsýnisstað í Ólafsvík. Íbúðin sem er á annarri hæð er skráð alls 119,1 fm með sameign. Húsið er byggt árið 1959, klætt að utan með steni og stutt er í alla þjónustu.

**Verð: 8 millj.**
**LÆKKAÐ VERÐ!**

**Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir má finna á fasteignavef MBL**

# Endurvinnslan hf. 30 ára

Endurvinnslan hóf starfsemi árið 1989 og er því 30 ára á þessu ári. Hópur manna vildi gera átak í því að losna við flöskur og dósir úr náttúrunni líkt og þá var byrjað að gera í Hollandi og Svíþjóð.

Til að byrja með var tekið á móti flöskum í skúrum og öðru húsnæði sem var í boði. Fljótlega fóru matvöruverslanir að sýna þessu áhuga og á árunum 1990–1995 voru talningarvélar í stærri verslunum eins og Hagkaupum, Nóatúni og Miklagarði svipað og nú má sjá á Norðurlöndunum," segir Helgi Lárusson framkvæmdastjóri. „Þetta þótti verslunum þó ekki passa með öðrum rekstri, raðir mynduðust þar sem vélar tóku aðeins eina flösku í einu, nokkuð var um bilanir og þessu fylgdi talsverður óþrifnaður. Fækkaði þeim smám saman og á endanum var þeim lokað."

Helgi segir að þá hafi verið samið við Sorpu um móttöku á skilagjaldsskyldum drykkjarumbúðum í gámum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni hafði verið samið við ýmsa aðila. Hefur Endurvinnslan leitast við að semja við meðal annars verndaða vinnustaði.

„Frá árinu 2008 fór vélvæðing af stað að nýju og teknar voru í notkun afar hraðvirkar talningarvélar sem nú eru í notkun á stærstu þéttbýlisstöðunum. Nú síðast var opnuð stöð að Skútahrauni 11 í Hafnarfirði og fyrirhugað er að tæknivæða á Selfossi og í Jafnaseli á þessu ári," upplýsir Helgi.



Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Á þessum 30 árum hefur fyrirtækið safnað um 2.400 milljónum drykkjarumbúða. Ef því er deilt niður á íbúa Íslands er það hátt í 7.000 flöskur á mann á þessum 30 árum.

„Á þeim 30 árum sem fyrirtækið hefur starfað hefur það safnað um 2.400 milljónum drykkjarumbúða. Ef því er deilt niður á íbúa Íslands er það hátt í 7.000 flöskur á mann á þessum 30 árum," segir hann.

„Frá upphafi hefur Endurvinnslan hf. reynt að vera samfélagslega ábyrgt fyrirtæki. Í dag starfa hátt í 50 manns í starfsendurhæfingu við störf sem tengjast flöskumóttöku. Fjölmörg íþróttafélög og stofnanir hafa notað ávinning af skilagjaldi til fjáröflunar.

Endurvinnslan leggur áherslu á umhverfismál. Fyrirtækið er með ISO 14001 staðalinn, hefur kolefnisjafnað reksturinn með því að gróðursetja í Hekluskógareit og ákvað nú í tilefni af 30 ára afmælinu að gróðursetja 30.000 plöntur í Þorlákshafnarskóga-verkefnið."




Fjölmörg íþróttafélög og stofnanir hafa notað ávinning af skilagjaldi til fjáröflunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við hvetjum viðskiptavini okkar til að koma með allar skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir til okkar enda mikill ávinningur af slíku fyrir umhverfið. Til gamans má geta að kolefnisjöfnun þess sem við endurvinnum á ári jafngildir kolefnisbindingu 6-7 milljóna trjáa á ári. Það má því sannarlega segja að hver flaska skiptir máli.


Flöskumóttaka
Endurvinnslan







Endurvinnslan hefur opnað flöskumóttöku að Skútahrauni 11 í Hafnarfirði.

Við viljum bjóða viðskiptavini okkar velkomna í nýja og tæknivædda móttökustöð okkar með þrem sjálfvirkum talningavélum sem taka við heilum drykkjarumbúðum.



Opið virka daga frá 10:00 - 18:00
Laugardaga frá 12:00 - 16:30

# Styttri fæðing ef dúla er viðstödd

Frá örófi alda hafa konur á meðgöngu hlotið andlegan stuðning frá kvenkyns ættingjum.



Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Samkvæmt mastersritgerð Magneu Steineyjar Þórðardóttur sem ber titilinn Dúlur og félagsráðgjöf, „hún var svona manneskjan mín“, þá hefur samfelld þjónusta við konur fyrir og eftir fæðingu dvínað eftir að fæðingar færðust frá heimilum yfir á sjúkrahús.

Dúla er einstaklingur sem er ráðinn til að aðstoða konu á meðgöngu, í fæðingu og eftir fæðingu. Orðið dúla eða doula þýðir á grísku kvenkynsþræll eins og kemur fram í ritgerð Magneu, enda er það oftast þannig að konur taka að sér dúluhlutverkið.

### Ekki klínískt hlutverk

Jafnframt kemur fram í ritgerðinni að ástæðan fyrir því að þetta orð var valið sem starfsheiti er að þótt það hafi upprunalega verið notað yfir kvenkyns þræl var það seinna notað til að lýsa aðstoðarkonu nýbakaðrar móður við hvers kyns heimilisstörf, umönnun barnsins og að veita henni sálfélagslegan stuðning.

Í ritgerðinni kemur einnig fram að hlutverk dúlunnar er ekki að draga starf annarra fagaðila sem koma að meðgöngunni og fæðingunni í efa. Dúlan aðstoðar verðandi móður að fá allar þær upplýsingar sem hún þarf að hafa í fæðingarferlinu, hvetja móðurina til að spyrja eða spyrja fyrir hönd hennar.

Soffía Bæringsdóttir hefur starfað sem dúla hér á landi í ellefu ár. Hún segir að dúlur takmarki ekki þjónustu sína við konuna sem er barnshafandi, heldur eru þær í þjónustu fjölskyldu hennar líka og maka. Stuðningurinn felst í viðveru og fræðslu en dúlur taka ekki að sér klínískt hlutverk með neinum hætti.

### Lægri tíðni keisarafæðinga og minni notkun deyfilyfja

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á fæðingum þar sem dúla er viðstödd, og er greint frá þeim í ritgerðinni.

Niðurstöður rannsóknanna voru til dæmis þær að „andlegur og líkamlegur stuðningur stytti marktækt lengd fæðingarinnar, fækkar tíðni keisarafæðinga, fækkar notkun tanga og sogklukkna og minnkar notkun á oxýtósín hormónalyfi sem og öðrum deyfilyfjum.“ Þar að auki segir í ritgerð Magneu að samkvæmt þessum rannsóknum upplifðu mæður minni sársauka í fæðingunni, upplifðu minni kvíða eftir fæðingu, farsælli brjóstagjöf og voru jákvæðari gagnvart fæðingarreynslunni.



Soffía Bæringsdóttir hefur starfað sem dúla í ellefu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samkvæmt einni rannsókninni sem var gerð í Gvatemala og er greint frá í ritgerðinni, voru niðurstöðurnar þær að mæður sem voru með dúlu viðstadda fæðinguna voru mun fljótari að fæða en konur í samanburðarúrtaki, eða 8,8 klukkustundir að meðaltali á móti 19,3 klukkustundum. Þar að auki voru þær vakandi lengur eftir fæðinguna, töluðu og brostu meira til barna sinna.

Í annarri rannsókn, sem var gerð árið 2013 og greint er frá í ritgerðinni, voru mæður í félagslega erfiðum aðstæðum rannsakaðar.

Niðurstöður bentu meðal annars til þess að dúlur geti valdeflt mæður til að láta þarfir og skoðanir sínar í ljós og aukið líkur á heilbrigði og jákvæðri fæðingarreynslu.

### Fræða um hvað hjálpar og hvað hjálpar ekki í fæðingu

Soffía segir að eftirspurnin eftir dúlum hér á Íslandi hafi aukist talsvert. „Þetta hefur breyst mikið á síðustu tíu árum og við dúlur erum alltaf að verða fleiri.“ Sjálf veit hún ekki af fleirum en tveimur dúlum sem voru starfandi áður en hún hóf störf árið 2008, en fræðsla og þekking um þjónustuna hefur aukið eftirspurnina eftir henni.

„Við fræðum fjölskylduna eða parið um fæðinguna, líðan í fæðingu, styrkleika og hvernig maður getur nýtt þá til að komast í gegnum fæðinguna. Við ræðum hvernig er hægt að hjálpast að í fæðingunni og hvað hjálpi ekki. Síðan kenni ég líka slökunaræfingar.“

Soffía tekur eftir að það eru langoftast pör sem koma til hennar, þótt hún hafi fengið til sín allar samsetningar af fjölskyldum. „Sumir eru að fara að eignast sitt fyrsta barn, aðrir eiga barn eða börn fyrir, það er engin regla.“

Dúlunámið tekur tvö ár. „Maður þarf að læra út á hvað stuðningurinn gengur, hvernig á að veita hann og þekkja allt sem tengist meðgöngunni og fæðingunni. Síðan þarftu að vera viðstödd þrjár fæðingar áður en þú útskrifast.“

Meðganga og fæðing barns eru einar mikilvægustu stundir í lífi margra. Dúlur virðast geta aðstoðað við að gera reynsluna af þessu tímabili góða, fyrir bæði mæður og fjölskyldur þeirra.

Reykjavíkurborg

Færanlegar kennslustofur til sölu




Reykjavíkurborg óskar eftir tilboðum í þrjár færanlegar kennslustofur sem staðsettar eru á skólalóð Dalskóla í Reykjavík að Úlfarsbraut 122-124. Gulmerktu stofurnar á myndinni eru til sölu. Stofurnar verða sýndar áhugasömum kaupendum þann 11. júní kl. 13.

Óskað er eftir staðgreiðslutilboðum.

Væntanlegur kaupandi þarf að fjarlægja stofuna/stofurnar af lóð skólans fyrir 30. júní 2019.

Tilboðsfrestur er til 14. júní fyrir kl. 12 á hádegi og skal skila tilboði í merktu umslagi til þjónustuvers Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14.

Nánari upplýsingar um leyfi til flutnings og sérstakt tilboðsblað er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar.
https://reykjavik.is/frettir/faeranlegar-kennslustofur-til-solu

# Moustidose flugnafælur til varnar alls kyns flugnabiti

Moustidose flugnafælurnar eru framleiddar af Laboratories Gilbert í Frakklandi og innihalda þau virku efni sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) telur nauðsynleg til þess að verjast biti moskítóflugna, mítla og mýbiti.



Moustidose flugnafælan kemur í veg fyrir bit en hana má nota bæði fyrir börn og fullorðna. Moustidose afterbite er krem sem nota skal til að draga úr kláða og eymslum eftir bit.



Það er hvimleitt að fá bit eftir moskítófluguna.

Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan, segir að þeir sem ferðist til suðrænna landa, Asíu, Bandaríkjanna, Suður-Ameríku og Afríku ættu að nota flugnafælu sem inniheldur annaðhvort Icaridine eða Deet. Það eru ýmsir sjúkdómar sem geta borist með moskítóflugum og því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir bit.

- Moustidose Icaridine er flugnafæla sem inniheldur 25% Icaridine og virkar mjög vel gegn moskítóflugum, mýflugum og skógarmítlum. Efnið er milt fyrir húðina, veldur ekki ertingu og hentar því vel fyrir alla fjölskylduna.

**ICARIDINE** má nota fyrir börn frá sex mánaða aldri. Veitir allt að 12 klukkustunda vörn. Efnið er ætlað til notkunar á öllum svæðum.

- Moustidose Deet er flugnafæla sem inniheldur 30% Deet að viðbættu Citriodiol sem ætlað er fyrir erfið svæði þar sem moskítóflugur, mý eða skógarmítlar eru í miklu magni. Virka innihaldsefnið Deet veitir mikla vörn í allt að átta klukkustundir. Mikil og langvarandi notkun getur valdið ertingu á húð. Moustidose Deet má nota á börn eldri en 2½ árs.

Sérstaklega er mælt með notkun Deet á erfiðum svæðum eins og Afríku, suðurríkjum Bandaríkjanna, Asíu og Suður-Ameríku. Samkvæmt heimasíðu EPA (United States Environmental Protection Agency) er áætlað að um þriðjungur Bandaríkjamanna noti Deet reglulega til að forðast bit.

Ef vart verður við ofnæmisviðbrögð skal hætta notkun efnisins. Ef nauðsynlegt er að fara til læknis skal hafa flöskuna með sér til að sýna lækninum innihaldsefnin.



**Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.**

> **Það eru ýmsir sjúkdómar sem geta borist með moskítóflugum og því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir bit.**




Flugnafælur og krem við flugnabiti frá Moustidose. Nauðsynlegt á ferðalagi.

Moustidose flugnafælurnar eru ætlaðar til útvortis notkunar og berist eingöngu á bera húð. Forðast skal að efnið berist í augu eða munn. Ef efnið berst í augu þá skolið með miklu vatni. Spreyið ekki beint í andlit, spreyið í lófa og berið á andlit. Passa skal að bera efnið ekki á hendur ungbarna þar sem þau eiga það til að setja hendur upp í sig. Aldrei skal nota Moustidose á svæði sem eru með skurði, sár eða á húð sem orðið hefur fyrir ertingu. Spreyið í opnu og vel loftuðu rými og varist að anda að ykkur innihaldinu. Passið að spreyja ekki nærri matvælum. Mælt er með því að einstaklingar sem nota efnið í lengri tíma fari reglulega í sturtu til að byggja ekki upp mörg lög af efninu á húðinni.

- Moustidose afterbite er krem sem nota skal til að draga úr kláða og eymslum eftir bit. Virka innihaldsefnið er Boswella serrata extract sem kælir og dregur úr kláða. Berið á svæðið sem orðið hefur fyrir biti og nuddið vel inn í húðina. Varist að efnið komist í snertingu við augu eða berist í munn. Má nota fyrir alla aldurshópa.

Moustidose flugnafælur fást í apótekum.

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Fjórhjól

CFMOTO



**CFORCE 520**
**Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, tveggja manna.**
**Lækkað verð!**
**Kr. 1.289.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

### Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

### Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
**Altenatorar & Startarar**



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**Lárkot ehf**
**Sandur, mold og jarðvinna.**
**Mætum og gerum tilboð.**
**Uppl. í s. 892 2257**
**Geymið auglýsinguna.**

**HELLULAGNIR**
**LÓÐAFRAMKVÆMDIR**
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
Eind ehf

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR**




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Garðsláttur
s:7600231
20% áfsláttur fyrir eldri borgara.

Sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**BÓKHALD.**
Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

**RETTA- BOKHALDSÞJONUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

**Fljót og góð þjónusta**
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### Málarar

**Húsamálun**
Alhliða málningarþjónusta
Vönduð vinnubrögð
**Fáðu tilboð**
Uppl. í s. 847 1628 &
litaverk@gmail.com
**Litaverk ehf**

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

### Húsaviðhald

**HÚSASMÍÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald.
**Uppl. í s. 858 3300**
**serfagehf@gmail.com**

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
Eind ehf

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**Rúnar múrari**
**Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna**
**s. 697 4650**

**LOFTSTOKKAHREINSUNIN**
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**
Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 24/6, 22/7, 19/8, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/nem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is ff@icetrans.is-facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Atvinna




**ERUM VIÐ AÐ LEITA AF ÞÉR ?**

**VIÐ ÓSKUM EFTIR METNAÐARFULLU STARFSFÓLKI BÍLAMÁLARA & BIFREIÐASMIÐ MEÐ REYNSLU Í FAGINU**
**UMSÓKNIR BERAST Á KIDDI@BILASTJARNAN.IS**

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

Kælar

99.000.+vsk

99.000.+vsk

Kælar

99.000.+vsk

SD 419 H: 1980 B: 575 D: 605 - 338L
Kæling 4/-210°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 429 H: 1993 B: 577 D: 576 - 360 L
Kæling 0°/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 416 H: 1980 B: 606 D: 575 - 338 L
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

2 stærðir

SD 801 - 800 ltr B.1000 mm
199.000.vsk

SD 1001 - 1000 ltr B.1130 mm
229.000.vsk

SD 1001 og SD 801 H: 2020 B: 1000/1130 D: 70/22
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

Kælar

69.000.+vsk

139.000.vsk

179.000.vsk

RTC 79 St (hxbxd) 960 x425
x380mm Kæling +2/+12°C

RTC 236 St (hxbxd) 1695 x515
x485mm Kæling +2/+12°C

RTC 286 St (hxbxd) 1895 x515
x485mm Kæling +2/+12°C

SD 400 Stærð (hxbxd)
905x1225x650mm Kæling -12/ -24°C

119.000.+vsk

Frystar

Kisturnar koma ómerktar

79.000.+vsk

99.000.+vsk

SD 155 Stærð (hxbxd)
922x564x695mm Kæling -12/ -24°C

SD 305 Stærð (hxbxd)
905x950x695mm Kæling -12/ -22°C

scan domestic

# Kæli & frystitæki

Frystar

2 stærðir

189.000.+vsk

XS 801 Stærð (HxBxD)
840x2000x757mm
Kæling -12/ -24°C

Kisturnar koma ómerktar

169.000.+vsk

XS 601 Stærð (bxhxd)
1475x837x757mm Kæling -12/ -24°C

VESTFROST HOUSEHOLD

Kælir

119.000.+vsk

199.000.+vsk

Frystir

FKG 371 - Display kælir H: 185 B: 595
D: 595 - 650 litra - Kæling -16°/ - 25°C - Lás

NFG 309 - Display frystir H: 185 B: 595 D: 595
- 650 lítra - Kæling -16°/ - 25°C - Lás

Kælir

269.000.vsk

199.000.+vsk

OFC 200 HxBxD. 1250x1000x560
Kæling 2/12°C

OFC 220 HxBxD. 1750x495x600
Kæling 2/12°C

Kælar h:85 cm

79.000.+vsk

99.000.+vsk

119.000.vsk

SC 139 St. (hxbxd) 865 x 555
x 520 mm Kæling +2/ +10°C

SC 209 St. (hxbxd) 865 x 865 x
520mm Kæling +2/ +10°C

SC 309 St. (hxbxd) 865x1350x520mm
Kæling +2/ +10°C

Kælar

79.000.+vsk

49.000.+vsk

39.000.+vsk

SC 81 St. (hxbxd) 940x460x460mm
Kæling +2/ +10°C

DKS 122 St. (hxbxd) 850x500
x510mm Kæling +2/ +10°C

DKS 61 St. (hxbxd) 510x480
x470mm Kæling +2/ +10°C

VESTFROST

Vínkælar

98.900.+vsk

158.000.+vsk

169.000.+vsk

WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x595 x573
(+5 - +10 /+10 - +18°C)

WFG 155 - St. (hxbxd)
1550 x 595 x610 (+5 - +22°C)

WFG 185 - St. (hxbxd)
1850x595 x596 mm (+2 - +10°C)

89.000.+vsk

RTW 100 Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing -
Stærð b:682 d:450 h:675

Minibar

Verð frá kr. (2 stærðir)
29.000.+vsk

MB35 og MB 45 - St. (hxbxd) 485/560 x 385/400 x
485/425. Engin pressa, minni titringur - Hljóðlaus.

79.000.+vsk

69.000.+vsk

SD 76 Stærð (hxbxd)
675x595x520mm
Kæling -9/ -24°C

SD 46 Stærð (hxbxd)
500x570x510mm
Kæling -9/ -20°C

Kælir

248.000.vsk

299.000.vsk

3 stærðir

39.000.+vsk

OFC 230 HxBxD. 1520x600x890
Kæling 2/12°C

OFC 380 380 litra kælir - H:1523 mm B:
1000 mm D: 890 mm - LED / Rustfrítt stál

TK 41 - Utanmál: (HXD)
735 x 445. 40 ltr.

119.000.+vsk

RTW 160 Kæling +2/+12°C - Innbyggð
lýsing - Stærð b:874 d:568 h:686

Hita skápar

Pizzaskápur

99.000.+vsk

99.000.+vsk

SVS 145 Stærð (hxbxd) 785x645x487 mm
Hitun : 30-90°C - Góð ljós

SVS 100 Stærð (hxbxd) 785x448x460 mm
Hitun: 30-90°C - Góð ljós.

Velkomin
í sýningarsalinn
Draghálsi 4

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

STÓRELDHÚS

Dragháls 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

TAKTÍK 5332

# NÝ SENDING AF SUNDFÖTUM

STÆRÐIR 14-28 EÐA 42-56

Vertu velkomin í verslun Curvy í
Hreyfilshúsinu við Grensásveg.
Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is






















Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Irma kveðst alltaf hafa haft áhuga á samtíma sínum og því að hreyfa við hlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Markmiðið að ná fram jafnrétti

Einn af 100 áhrifamestu einstaklingum heims á sviði jafnréttismála er **Irma Jóhanna Erlingsdóttir**, dósent við HÍ og forstöðumaður Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt nýjum lista Apolitical.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Irma Erlingsdóttir er að ganga frá eftir misserislok í Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna og RIKK – rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum. „Það eru margir hnútar sem þarf að hnýta. Nýlega héldum við stóra alþjóðlega ráðstefnu með þátttöku 340 fræðimanna og útskrifuðum 23 nemendur frá þrettán löndum. Hópurinn var jafnstór í fyrra og hafði þá aldrei verið stærri,“ segir hún brosandi og gefur sér tíma í smá í spjall um starfsemi skólans. Tilefnið er það að nafn hennar er á lista þeirra 100 áhrifamestu á sviði jafnréttismála í heiminum, þar sem yfir 9.000 voru tilnefndir.

Irma segir mikla breidd í hópnum sem fékk þessa sömu viðurkenningu og hún. „Þar er fólk sem hefur verið að gera stórkostlega hluti á jafnréttissviði, vísindafólk, leikarar, stjórnmálaleiðtogar og áhrifafólk úr grasrótinni, til dæmis baráttukonan Loujain al-Hathloul sem beitti sér fyrir því í Sádi-Arabíu að konur fengju rétt til að aka bíl. Þetta er flottur listi.“

**Þurfti að sækja karlana**

Mikið verk er að vinna á sviði jafnréttismála víða í heiminum og Irma segir nemendur við Jafnréttisskólann staðráðna í að láta verkin tala.

„Þeir dvelja hér í fimm mánuði og ljúka 30 eininga diplómaprófi á meistarastigi í alþjóðlegum jafnréttisfræðum. Námið er krefjandi og felst í fræðilegri og hagnýtri þekkingu. Lokaverkefni þeirra er oftar en ekki í formi aðgerðaáætlunar fyrir stærri og minni þróunarverkefni. Þeir snúa síðan til baka til heimalanda sinna og vinna þar að því að innleiða verkefnin, ýmist að hluta eða í heild, eftir því sem aðstæður leyfa. Skólinn velur líka inn nemendur sem sérhæfa sig í jafnréttisrannsóknum og lokaverkefni þeirra felast í að skrifa fræðigreinar. Markmiðið er alltaf að ná fram jafnrétti.“

Irma segir nemendur Jafnréttisskólans vera af báðum kynjum. „Það þurfti að hafa svolítið meira fyrir því fyrstu árin að sækja karlana, en við fáum sífellt sterkari umsóknir frá þeim. Sum árin voru kynjahlutföllin jöfn en á heildina litið þá eru karlar um 35% útskrifaðra nemenda.“

Jafnréttisskólinn starfar við Háskóla Íslands í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Nemendurnir 23 sem útskrifuðust nýlega eru frá Afganistan, Palestínu, Eþíópíu, Gana, Nígeríu, Kenía, Malaví, Mósambík, Úganda, Bosníu-Hersegóvínu, Serbíu og nú í fyrsta sinn frá Kósovó og Indlandi, að sögn Irmu. „Fyrstu árin lagði skólinn áherslu á samstarfslönd Íslands í þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingu en síðustu ár höfum við víkkað út samstarfsnetið.“

Skólinn býður líka upp á stutt námskeið í samstarfslöndunum. „Í vetur höfum við til dæmis boðið upp á stutt námskeið um jafnréttismál og loftslagsbreytingar, kynjaða hagstjórn og innleiðingu jafnréttisfræðslu í barna- og unglingaskólum,“ segir Irma. „Jafnréttisskólinn er alþjóðlegt verkefni og að honum koma, auk Íslendinga sem hafa sérhæft sig á þessu sviði, tugir erlendra sérfræðinga, ekki aðeins frá háskólum í Evrópu eða Bandaríkjunum heldur líka samstarfslöndum okkar í Afríku og Mið-Austurlöndum. Það má að öllum líkindum rekja viðurkenninguna sem mér var að hlotnast til þess hversu vel okkur hefur tekist að kynna verkefnið á alþjóðavettvangi.“

**Heimspekingar og blaðamenn**

Irma segir skólann hafa að leiðarljósi að jafnrétti kynjanna sé grundvallarmannréttindi og stuðli að sjálfbærni samfélaga. „Við vinnum að því að byggja upp samstarfsnet fyrrverandi nemenda sem starfa að jafnréttismálum á ólíkum vettvangi, hvort sem það eru ráðuneyti, háskólar, grasrótin eða fyrirtæki innan einkageirans – krítískan massa fólks með sömu þjálfun og þekkingu sem getur beitt sér í þágu jafnréttis í viðkomandi landi. Samstarf, þvert á ólík svið samfélagsins, hefur reynst dýrmætt í sögu íslenskrar kvenréttindabaráttu og er eflaust ein helsta skýringin á þeim árangri sem náðst hefur hér á landi.“

Nemendur hafa allir lokið hið minnsta einni háskólagráðu þegar þeir koma hingað og í árgöngunum mætist fólk úr ólíkum greinum – þar eru heimspekingar, kynjafræðingar, bókmenntafræðingar, læknar, hjúkrunarfræðingar, umhverfisfræðingar, verkfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, lögfræðingar, blaðamenn og fleiri. Irma kveðst fylgjast vel með hvernig þessu fólki gengur að nýta þekkinguna úr náminu þegar heim kemur: „Við gerum kannanir á hverju ári á því hvernig nemendum hefur gengið að innleiða lokaverkefnin og hvernig þeim vegnar almennt, hvort þeir fái framgang í starfi eða komi verkefnum áfram sem hafa með jafnrétti kynjanna að gera. Við höfum jafnframt verið að vinna að því í tveimur samstarfslöndum, þar sem fjöldi fyrrverandi nemenda er orðinn talsverður, að hvetja til samstarfsverkefna, að nemendur úr ólíkum árgöngum kynnist og starfi saman. Dæmi um eitt slíkt verkefni sem er í undirbúningi er gerð hlaðvarpsþátta um jafnréttismál í Mósambík. Eftirfylgni er þannig stór þáttur í okkar starfsemi.“

Hún telur verkefni nemenda hafa skilað miklum árangri. „Kannanir hafi sýnt að stór meirihluti nemenda hrindir verkefnum sínum í framkvæmd eða beitir sér innan málaflokksins með öðrum hætti.“



Mynd tekin við útskrift úr Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna nýlega.



Laureen Karayi.



Mzati-Kidney Durkalic.



Joseph Kazima.



Masha Dukalic.

## Árangur nemenda að loknu námi

Laureen Karayi, framkvæmdastjóri félagasamtaka í Úganda, og Joseph Kazima, sérfræðingur við ráðuneyti í Malaví, hafa hlotið alþjóðleg verðlaun fyrir störf sín í þágu jafnréttis.

Mzati Mbeko, lögfræðingur frá Malaví, skrifaði lokaverkefni um að tryggja menntun stúlkna til 18 ára aldurs, m.a. til að stemma stigu við barnahjónaböndum. Hann gegndi lykilhlutverki þegar stjórnarskrá landsins var breytt og barnahjónabönd bönnuð.

Masha Durkalić frá Bosníu-Hersegóvínu skrifaði lokaverkefni um femínisma og félagshreyfingar á Balkanskaga í kjölfar stríðsátakanna á 10. áratugnum. Hún vann einnig að samfélagsmiðlaverkefni með tveimur konum í Bosníu sem varð að bók með sögum yfir 50 bosnískra kvenna sem hafa unnið að femínískum baráttumálum og skarað fram úr í tónlist, myndlist og skáldskap.


Áfram Ísland
Vodafone er stoltur
samstarfsaðili KSÍ
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gerður Guðjónsdóttir,**

Ártúni 7,
Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Jónína Sigurjónsdóttir Sæmundur Bjarni Ingibjartsson**
**Jón Garðar Sigurjónsson Ólöf Rún Tryggvadóttir**
**Ævar Smári Sigurjónsson Kristín Bjarnadóttir**
**Sigurður Ellert Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Jakob Gísli Þórhallsson**

lést þriðjudaginn 4. júní.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Fríða Kristbjörg Hjálmarsdóttir**
**Ingi Þór Jakobsson Hanna Birna Jóhannesdóttir**
**Hreinn Jakobsson Aðalheiður Ásgrímsdóttir**
**Þórhallur Jakobsson Stefanía Bergmann Magnúsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðlaug G. Jónsdóttir**

áður til heimilis að Sléttuvegi 19,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 5. júní.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Kolbrún Finnsdóttir Snorri Ingimarsson**
**Erna Finnsdóttir**
**Jón H. Finnsson**
**Hrönn Finnsdóttir Þráinn Sigurðsson**


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Klettaskóli, Suðurhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**




**Ég er Keflvíkingur og fer ekkert leynt með það, þó að það sé auðvitað hluti af starfinu að vera bæjarstjóri allra.** MYND/PÁLL KETILSSON

# Ein og ein kartafla spírar

**Reykjanesbær verður tuttugu og fimm ára á þriðjudaginn. Af því tilefni verður hátíðarfundur bæjarstjórnar í Stapa, ásamt kaffisamæti sem opið er öllum bæjarbúum.**

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, hefur í mörg horn að líta. Þó næst að góma hann í símann. „Það eru mikil fundahöld og mikil kaffidrykkja. Hvort það kemur svo eitthvað út úr þeim er önnur saga. Jú, eitthvað smávegis, ein og ein kartafla spírar, eins og einhver orðaði það. Sem er ágætt,“ segir hann glaðlega þegar hann er spurður hvort starfið sé ekki annasamt.

Talið berst að hátíðarhöldunum á þriðjudaginn í tilefni þess að sameining Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna gekk í gegn fyrir aldarfjórðungi. „Við ætlum að fagna því að þann 11. júní eru 25 ár liðin frá því að bæjarstjórn nýs sameinaðs sveitarfélags í Reykjanesbæ tók formlega við, eftir nýafstaðnar kosningar. Því verður rjómaterta og kaffi í Stapanum sem öllum bæjarbúum er boðið í og þá verður þar líka hátíðarfundur bæjarstjórnar.“

Mörg sjónarmið komu upp í kring um sameininguna á sínum tíma, að sögn Kjartans, meðal annars um nafn sveitarfélagsins. „Það er nú sagt að það taki þrjár til fjórar kynslóðir fyrir svona ferli að ganga í gegn. Þeir sem eru harðastir á móti þurfa að hverfa og börnin þeirra og jafnvel barnabörnin sem eru búin að heyra afa og ömmu bölsótast yfir breytingunum. Ég hugsa að það sé rétt.“

Hann segir suma Keflvíkinga alltaf verða Keflvíkinga og ekki síður ákveðna Njarðvíkinga alltaf verða Njarðvíkinga. „Það er bara gott,“ segir hann. „Þetta birtist ekki síst í íþróttaleikjum þegar Keflavík og Njarðvík eru að keppa, það er bara eins og Valur og KR eða Manchester og Liverpool. Mönnum getur orðið ansi heitt í hamsi. En við sem erum fædd hér og uppalin við vitum nákvæmlega hvar línan er og hvenær við erum komin yfir strikið.“

> **Það er nú sagt að það taki þrjár til fjórar kynslóðir fyrir svona ferli að ganga í gegn.**

Kjartan er Keflvíkingur og kveðst ekkert fara leynt með það. „En auðvitað er það hluti af starfinu að vera bæjarstjóri allra. Ég var í bæjarstjórn á sínum tíma, reyndar ekki þegar sameiningin gekk í garð, en frá 1998-2006, og tel að sameiningin hafi verið mikið heillaskref fyrir samfélagið. Mjög mikið. Það er allt miklu betra þegar sveitarfélagið er stærra og það verður allt annar bragur á allri stjórnsýslu. Það er hægt að gera hlutina betur og ráða meira af hæfu fólki. Allt verður faglegra,“ segir hann og upplýsir að íbúar séu að verða 19.000 talsins. Spurður hvernig íbúafjöldi í Höfnum hafi þróast svarar hann: „Það hefur ekki fjölgað mikið en hann hefur alveg haldið sér. Hafnir eru eftirsóttur staður hjá fólki sem er að sækjast eftir ákveðnu umhverfi og ákveðnum lífsstíl. Þar er rólegra og það bara hentar sumum.“

Allir ættu að geta komið í Stapann og fengið sér kaffi og tertu, úr hvaða hólfi sem þeir koma eða það kveðst Kjartan sannarlega vona. „Það eru allir mjög ánægðir með Hljómahöllina og Stapann sem aðalmenningarhús bæjarins. Við ætlum á þessum fundi að leggja fram til fyrri umræðu stefnumótun sveitarfélagsins til ársins 2030. Þar eru nokkrar megináherslur, ein er að setja börnin í fyrsta sætið og sinna þeim eins vel og við getum í gegnum skólana og íþrótta- og tómstundastarf. Númer tvö eru umhverfismálin og sjálfbærni. Flugvöllurinn telst kannski seint umhverfisvænn en hann er samt þriðji áhersluþátturinn í þessari stefnumótun. Einn þátturinn er svo fjölbreytt atvinnulíf,“ lýsir Kjartan og rifjar upp að lengi framan af síðustu öld hafi það byggst á sjósókn og fiskvinnslu. „Svo kom herinn og þá vann stór hluti vinnandi fólks hjá varnarliðinu eða í þjónustu þess. Nú er alþjóðaflugvöllurinn Leifsstöð og millilandaflugið langstærsti vinnuveitandinn. En við þurfum að fjölga hér störfum fyrir háskólamenntað fólk.“

Einn af þáttunum sem sveitarstjórninni er ofarlega í huga er svo fjölbreytileikinn í mannlífinu að sögn Kjartans. „Fjórðungur bæjarbúa er af erlendu bergi brotinn sem er hátt hlutfall á íslenskan mælikvarða og við þurfum að vinna út frá þeirri staðreynd. Út frá þessum áherslum verða til alls konar verkefni sem við ætlum að setja inn í fjárhags- og starfsáætlun á næstu misserum, sem er bara gaman.“

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 9. JÚNÍ 1976

# Konungur sveiflunnar kom til landsins

Bandaríkjamaðurinn og klarinettuleikarinn Benny Goodman, sem gjarnan var nefndur konungur sveiflunnar, kom til Íslands þennan dag árið 1976 til að halda tónleika á Listahátíð í Reykjavík. Hingað flaug Goodman frá Kaliforníu og í móttökunefnd á flugvellinum voru Geirlaug Þorvaldsdóttir, fulltrúi Listahátíðar, Ingimundur Sigfússon í Heklu, sem átti hvað mestan þátt í að fá meistarann hingað og djassunnandi landsins númer eitt, Jón Múli Árnason. Hann kvaðst vera búinn að bíða eftir því í fjörutíu ár að sjá snillinginn.

Fimm dögum síðar hélt Goodman tónleika sína í troðfullri Laugardalshöllinni.

Fullu nafni hét hann Benjamin David Goodman (30.5-13.6 1986) og á miðjum þriðja áratug síðustu aldar leiddi hann eina af vinsælustu hljómsveitum Bandaríkjanna. Tónleikum hans í Carnegie Hall 16. janúar 1938 var lýst sem einum mikilvægustu djasstónleikum sögunnar.


**Benny Goodman klarinettuleikari** NORDICPHOTOS/GETTY

---



Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Ingu Jóhannsdóttur**
Borgarbraut 65a,
Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Auðunn Bjarni Ólafsson** **Sigurjóna Högnadóttir**
**Bryndís Ólafsdóttir** **Jón Bergmann Jónsson**
**Kristmar Ólafsson** **Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir**
**Magnús Þ. Ólafsson**
**Ólafur Ingi Ólafsson** **Björk Guðbjörnsdóttir**
**Þröstur Þór Ólafsson** **Eydís Líndal Finnbogadóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



Okkar ástkæri sonur, eiginmaður og faðir,

**Gísli Kristjánsson Heimisson**
verkfræðingur,
Hverafold 31, 112 Reykjavík,

lést heima að morgni fimmtudagsins 6. júní 2019. Útförin verður auglýst síðar.

**María Gísladóttir**
**Þorgerður Ragnarsdóttir**
**María, Grímur og Ragnar Gíslabörn**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Baldurs Ágústssonar**
Strikinu 12, Garðabæ,

sem lést 1. maí. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Halla Elín Baldursdóttir**
**Helga Guðbjörg Baldursdóttir** **Gísli Baldur Garðarsson**
**Ágúst Baldursson**
**Sigurlín Baldursdóttir** **Guðjón Ómar Davíðsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Elsku hjartans mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**Sólveig Guðjónsdóttir Blöndal**
frá Kjörvogi,
Maríubakka 2,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans að morgni sunnudagsins 26. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 11. júní klukkan 11.00.

**Helgi Þorbjörn Blöndal**
**Guðmundur Blöndal**
**Dagný Blöndal** **Bjarni R. Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Braga Hlíðberg**
harmonikuleikara
og fyrrverandi deildarstjóra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahjúkrunar og hjartadeildar Landspítalans við Hringbraut.

**Ingrid Hlíðberg**
**Ellert Þór Hlíðberg** **Anna María Gestsdóttir**
**Jón Baldur Hlíðberg** **Ásta Vilborg Njálsdóttir**
**Kristín Hlíðberg** **Ástvaldur Anton Erlingsson**
**Hrafnhildur Hlíðberg** **Magnús Jónas Kristjánsson**

---



Útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigfríðar Erlu Ragnarsdóttur**

verður í Hafnarkirkju, Höfn á Hornafirði, laugardaginn 15. júní, klukkan 14.00. Minningarathöfn verður haldin í Kapellu HSA á Egilsstöðum, föstudaginn 14. júní klukkan 17.00.
Okkar innilegustu þakkir til starfsfólks HSA fyrir góða umönnun og hlýju.
Hver minning er dýrmæt perla. Ljós og friður fylgi þér.

**Dætur, tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir amma og langamma,

**Jóhanna Ester Hoffritz**

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum í faðmi fjölskyldu sinnar föstudaginn 31. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Adam Guðmundsson** **Hafdís Björnsdóttir**
**Arndís Björg Smáradóttir** **Gísli Georgsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar elskulegi bróðir,

**Ármann Hauksson**
frá Vestmannaeyjum,

lést laugardaginn 1. júní.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðmar Þór Hauksson**
**Elín Hauksdóttir**
**Magni F. Hauksson**

---



Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn og barnabarnabarn,

**Baldvin Rúnarsson**
Háhlíð 10,
Akureyri,

lést föstudaginn 31. maí.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 12. júní kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð sem stofnaður verður í hans nafni, reikn.nr. 565-14-605 kt. 020800-2910.

**Ragnheiður Jakobsdóttir** **Rúnar Hermannsson**
**Hermann Helgi Rúnarsson**
**Jóhanna Maríanna Antonsdóttir**
**Hermann Jónsson**
**Áslaug Þorleifsdóttir**

---



Frændi okkar,

**Helgi Gunnar Þorkelsson**
skrifstofumaður,
Barmahlíð 51, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 30. maí á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útför hans fer fram föstudaginn 14. júní kl. 11 frá Háteigskirkju.

**Sigríður Helga Þorsteinsdóttir, Jón Ingi Guðmundsson**
**Þorsteinn Kári, Guðmundur Kristján og Friðgeir Ingi Jónssynir,**
**Þorsteinn, Guðrún Ása og Friðgerður Ósk Jóhannsbörn,**
**Elva Dögg Gunnarsdóttir, Vagn Leví Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Eddu Magnúsdóttur**
Hjallalundi 20, Akureyri,

sem lést 16. maí.

**Vilborg Gautadóttir** **Hlynur Jónasson**
**Magnús Gauti Gautason** **Hrefna G. Torfadóttir**
**Elín Gautadóttir** **Steinþór Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Kristins Breiðfjörð Guðlaugssonar**

**Guðlaugur Kristinsson** **Sveinbjörg Haraldsdóttir**
**Matthildur Ernudóttir** **Sigurjón Ólafsson**
**G. Agnar Ernuson** **Vigdís Ólafsdóttir**
**Súsanna Ernudóttir** **Andrés Magnússon**
**Helena Ernudóttir** **Naser Khalil**
**Þórir B. Kristinsson**
**Steinunn S. Helgudóttir** **Anders Godsk**
**María Helgudóttir** **Stefán Ingi Ingvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hörður Sigurðsson**
vélstjóri og svæðanuddari,

lést 19. maí sl. á hjúkrunarheimilinu Mörkinni, Suðurlandsbraut 66, Reykjavík. Útför hans mun fara fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 11. júní kl. 15.00.

**Ásta Harðardóttir** **Björn Helgason**
**Ingólfur Harðarson** **Berglind Líney Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**FÆÐUBÓTAREFNI**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað saman birtist nokkuð sem æ fleiri ferðalangar stunda. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. júní á krossgata@frettabladid.is merkt „1. júní“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Gamlinginn** eftir **Jonas Jonasson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sólveig Ingvarsdóttir, 109 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Þú átt þér velunnara í þessum félagsskap (7)
**11** Aðferð Ýmis, Krónusar, Apple og Samsung (12)
**12** Bregð öðrum blæ á líflega og skrautgjarna (9)
**13** Fikra mig frá úlnliðum að olnbogum (12)
**14** Okkar hlýlegi andi snýr upp á ársfjórðung (9)
**15** Norðursjór uppfyllir allar mínar þarfir (5)
**16** Með nafar í nýfæddri skepnu (6)
**18** Sá sem ekki er á netinu fellur ekki inn í skipulagið (10)
**22** Keppni matvælaframleiðanda snýst um bensínrokka (6)
**23** Fjöldasvik kosta bónda garðagerðargræju (7)
**26** Öldurhús strengja sparar ekki góðgætið (7)
**28** Áverki húsdýra og sjávardýra er nánast eins (8)
**31** Lýsingarorðaforði skartar ekki „heiti“ (7)
**32** Listaló gerir hana öskubrjálaða (7)
**33** Kem reglu á rennvot óreiðuhjú (8)
**34** Ferja stakk fyrir fork (7)
**35** Gönuhlaup þessara gaura leiðir til fótameins (7)
**36** Hún hættir aldrei því hún er frjáls (8)
**38** Rannsaka baulu út frá innihaldi dellnanna (7)
**42** Grillaðir ernir og þeir sem grilluðu þá (9)
**46** Heiti á tré hins talaða máls í aðdraganda samræðna (7)
**47** Dvergur er kvikmynd í sérflokki (6)
**48** Rækta grænmeti fyrir fleiri en sjálfan mig í minningu þeirra sem myrt voru (7)
**49** Sé kjaft breiðra og kjaftagleiðra karla (9)
**50** Þú lærðir þetta af vel menntaðri en léttgeggjaðri dömu (6)
**51** Leita jukksnáps vegna sukkdráps (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Af ljóðum um fallna dáta sem lesa má ef vill (9)
**2** Þetta karlsvín hennar Grímu er með gauf fram á morgun (11)
**3** Kári tekur í spil (9)
**4** Án inngangs verður maður úti (8)
**5** Skæði rafta teljast undirstöðuatriði í pallasmíð (10)
**6** Dreki æðir áfram án innréttingar (8)
**7** Held það séu bara þau sem ergi alla og loki sig svo af (8)
**8** Væta uppsprettu slímugra kvikinda (7)
**9** Vert þú bara með Ægi, Örn og Ara (9)
**10** Gríp einn stuttan í tíma og rúmi (7)
**17** Bölvanleg beisla bófa (9)
**19** Mikill er missir Persa að missa höfðýrin (8)
**20** Væn vill leikna og þriflega spúsu (9)
**21** Ofnsteiki kúarektora svo þessi réttur standi undir nafni (9)
**24** Auðug splæstu á klár (7)
**25** Hörpuhalir vilja framfarir (7)
**26** Taska sankti Péturs þeytist úr skorðum (7)
**27** Svo má lýsa stöðu á undirstöðu (7)
**29** Hér segir af því sem eftir er af ferlinum (10)
**30** Fer sjóleiðina frá Hörpu að Sundahöfn (10)
**37** Bandaríkin eimuðu landa en sögðu öðrum að þegja (6)
**39** Suddadans er hin besta skemmtun (6)
**40** Dvergur minnir á að þetta ungmennafélag er enn til þótt blaðið sé horfið (6)
**41** Dvergurinn Suðri sýtir að þessi og hinir tveir fá að vera með í gátunni en ekki hann (6)
43 Þettar er ekki harðviðarílát (5)
44 Berjum á sýktum sárum (5)
45 Festir þau til verka en leystir jafnskjótt (5)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | 5 | 8 | 1 |
| 6 | | | 7 | | | | | |
| 8 | 4 | | 9 | | 2 | 3 | | |
| 4 | | | | | 6 | | 7 | 9 |
| | | | 2 | | | 4 | | 3 |
| 9 | 1 | | | 4 | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 6 | | | 9 | |
| 2 | 6 | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 |
| | 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Djurhuus átti leik gegn Siemschev í Riga árið 1990.

**1...Dxd5+! 2. Kxd5 e3+ 0-1.**
Magnús Carlsen er efstur á Norway Chess-mótinu með 5 stig af 6 mögulegum eftir 3 umferðir. Ding Liren, Levon Aronian og Wesley So eru í 2.-4. sæti með 4 stig. Teflt verður um alla hvítasunnuhelgina. Carlsen teflir við Mamedyarov í dag.

**www.skak.is:** Fylgst með Norway Chess.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## GRIMMAR SAGNIR

Norðurlandamótið (númer 36) verður haldið í Kristiensand í Noregi 7.-9. júní. Ísland sendir tvö lið til keppninnar. Opið landslið sem skipað er Aðalsteini Jörgensen, Bjarna Hólmari Einarssyni, Gunnlaugi Sævarssyni, Kristjáni Má Gunnarssyni, Jóni Baldurssyni og Sigurbirni Haraldssyni. Kvennalið sem skipað er Önnu Ívarsdóttur, Guðrúnu Óskarsdóttur, Helgu Helenu Sturlaugsdóttur og Önnu Guðlaugu Nielsen. Liðin á Norðurlandamótinu spila tvisvar innbyrðis. Fyrstu 5 umferðirnar samkvæmt drætti en síðari 5 umferðirnar með „round robin“ niðurröðun eftir stöðu úr fyrri umferðinni. Parið Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson eru margreyndir og hafa margsinnis verið í landsliði Íslands. Þeir voru meðal annars í opna liðinu á EM 2014. Jón og Sigurbjörn eru þekktir fyrir að vera nokkuð „grimmir“ í sögnum. Í leik gegn Frökkum í fyrstu umferð mótsins, sat Jón í vestur með ekkert góðan hjartalit. Það hindraði Jón ekkert í því að opna á veikum 2 hjörtum og hann græddi svo sannarlega á því gegn sterku pari í franska liðinu, feðgunum Thomas og Michel Bessis sem sátu í NS. Vestur var gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ Á109642
♥ 3
♦ D1063
♣ 95

**Vestur**
♠ G7
♥ 1086542
♦ Á87
♣ Á4

**Austur**
♠ D853
♥ ÁKG9
♦ K54
♣ DG

**Suður**
♠ K
♥ D7
♦ G92
♣ K1087632

Sigurbjörn Haraldsson, sem sat í austur, lét eðlilega vaða í 4 ♥ og Thomas í norður gat ekki stillt sig um að segja 4 ♠, þegar kom að honum eftir 2 pöss. Sigurbjörn doblaði það til refsingar og uppskar 1100 fyrir það. Þarna kom gamla heilræðið að notum, „Ef þú hefur ekkert fallegt að segja, segðu þá ekkert“. Vonandi verða fleiri álíka spil hagstæð fyrir Ísland á komandi Norðurlandamóti. Bridgedálkurinn óskar báðum liðum til heilla.


KRÓNAN
Pylsa eða pulsa,
löööng eða stutt?
þitt er valið!
Ódýrt
Bara pylsur, 10 stk.
399 kr. pk.
Grískar feta pylsur, 8 stk.
1199 kr. pk.
Silver Spring sinnep, 269 g
379 kr. stk.
Jalapeño Mustard
Beer'n Brat Mustard
Honey Mustard
ROOOOSALEGA LAAANGAR PYLSUR
ROOOOSALEGA LÖÖÖNG PYLSUBRAUÐ
Krónan mælir með!
Rooosalega löng pylsubrauð, 2 stk.
369 kr. pk.
Rooosalega langar pylsur, 4 stk. með Cheddar osti og karmeluðum lauk
899 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRAKKAR



## Konráð og félagar á ferð og flugi 356

**Getur þú hjálpað Róberti og Kötu að komast út úr völundarhúsinu?**

„Almáttugur,“ hrópaði Róbert upp yfir sig. „Við erum föst hérna inni og munum aldrei komast út,“ bætti hann við skelfingu lostinn. „Enginn mun nokkurn tímann finna okkur og við munum svelta í hel.“ „Svona nú Róbert minn,“ sagði Kata höstug. „Þetta er nú bara völundarhús og það er alltaf einhver leið út úr völundarhúsum,“ bætti hún við og leit í kringum sig. „Eða er það ekki?“ Spurði hún og glotti þegar hún sá hvað Róbert hvítnaði.

## Lestrarhestur vikunnar Hera Hrönn

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Þær eru spennandi og skemmtilegar.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Bióráðgátan. Hún er um tvo krakka sem heita Lalli og Maja og þau eru spæjarar.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Binna B. Bjarna og Jónsi.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Bæði sögubækur og myndasögur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Rimaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Svona tvisvar eða þrisvar í mánuði. Alltaf til að finna mér nýja bók.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Körfubolti með Fjölni og Skólahljómsveit Grafarvogs. Ég spila á kornet.



Fyrsti lestrarhestur sumarsins er Hera Hrönn tíu ára.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



„Við erum pínu fastir alltaf saman,“ segja Bjarki og Dagur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kötturinn kom með pitsusendli

Bjarki og Dagur eru eineggja tvíburar á ellefta ári og ansi hreint líkir.

**Strákar, hverjir eru kostirnir við að vera tvíburar?**
**Dagur:** Einu sinni fengum við nýjan kennara. Hún byrjaði á að segja að við mættum ekki skipta um sæti svo hún mundi ekki ruglast á okkur.
**Bjarki:** Við gerðum akkúrat öfugt og hún hélt að ég væri Dagur í heilan dag en fór að skellihlæja þegar við sögðum henni það.

**Eruð þið líkir innra með ykkur?**
**Dagur:** Ég er smá svona – betri!
**Bjarki:** Ekki alveg svo!
**Dagur:** Við höfum ólíkan matarsmekk. Það hefur alltaf verið þannig. Eitt er kostur við að eiga tvíbura. Ég er mjög myrkfælinn, þá er gott að hafa Bjarka í sama herbergi, nema hann elskar að vera í myrkrinu þegar við förum að sofa en ég elska að hafa ljós.
**Bjarki:** Við getum aldrei lokað hurðinni.
**Dagur:** Kötturinn er alltaf að koma í rúmið mitt, samt pínku þægilegt, hann er svo mjúkur. Hann kom með pitsusendli og vildi bara búa hjá okkur. Konan sem átti hann var bara sátt við það.
**Bjarki:** Hún hafði skírt hann Gutta. Við héldum fyrst að hann væri stelpa og kölluðum hann Maríu í þrjá daga. Svo endurskírðum við hann Jakob.

**Kemur ykkur vel saman?**
**Bjarki:** Ekki alltaf. Samt söknum við hvor annars.
**Dagur.** Já, ég fór einu sinni til Bretlands með Drengjakór Reykjavíkur og þá fundum við mikið fyrir því. Við erum pínku fastir saman.
**Bjarki:** Ég ætla í kórinn á næsta ári. Nú spila ég á fiðlu og er í tónfræði, svo æfi ég frjálsar og er í skátunum. Elska að fara í útilegur.
**Dagur:** Og ég spila á gítar en hætti í tónfræði. Ég er líka í skátum og körfubolta, fyrst fór ég á ranga körfuboltaæfingu og var með eldri hópnum.
**Bjarki:** Hann rústaði þeim.

> ÉG ER MJÖG MYRKFÆLINN, ÞÁ ER GOTT AÐ HAFA BJARKA Í SAMA HERBERGI, NEMA HANN ELSKAR AÐ VERA Í MYRKRINU ÞEGAR VIÐ FÖRUM AÐ SOFA EN ÉG ELSKA AÐ HAFA LJÓS.
>
> Dagur

**Hvor er duglegri að taka til?**
**Dagur:** Hann. Ég segi alltaf; Bjarki nenniröu að ganga frá eftir mig?

**Hvað langar ykkur að verða?**
**Bjarki:** Annaðhvort skordýrafræðingur eða lögfræðingur.
**Dagur:** Lögregla eða leikari.



vegan
Hlunkur
ÍSBOLTI
Kjörís
Lúxus
Saltkaramellu íspinni
vegan
MAMBO
Lúxus toppur
FREKJU DOLLA
Í HÁLFA ÍSÖLD
50 ára
1969
2019
Jóker
Lúxusflaug
Nýtt
Nýtt
MAGNUM
Nýtt
vegan
vegan
CHOICE
Daim
SNICKERS ICE CREAM
Mars IceCream
Kjörís
TWISTER
SIRKUS
Kjörís

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 °C | 5 ↓ |
| Ísafjörður | 8 °C | 3 ↙ |
| Akureyri | 6 °C | 6 ↓ |
| Egilsstaðir | 6 °C | 4 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 12 °C | 4 ↖ |
| Hveravellir | 7 °C | 8 ↙ |

Norðlæg átt 3-10 m/s, en 10-15 með austurströndinni. Yfirleitt bjartviðri, en skýjað með köflum NA-lands og rigning. Hiti yfir daginn frá 4 stigum NA-til, upp í 16 stig á Suðurlandi.










| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík  | 13 °C, 4 ↓ | 12 °C, 2 ↗ | 13 °C, 3 ↑ | 14 °C, 2 ↘ | 15 °C, 5 ↘ |
| Ísafjörður  | 4 °C, 8 ↙ | 10 °C, 1 ↓ | 12 °C, 3 ↗ | 14 °C, 5 ↗ | 13 °C, 4 → |
| Akureyri  | 8 °C, 2 ↖ | 9 °C, 2 ↙ | 14 °C, 1 ↗ | 16 °C, 1 → | 19 °C, 2 ↓ |
| Egilsstaðir  | 6 °C, 4 ↓ | 7 °C, 1 ↙ | 13 °C, 1 ↙ | 17 °C, 2 ↘ | 19 °C, 4 ↘ |
| Kirkjubæjarklaustur  | 12 °C, 3 ↖ | 12 °C, 2 ↖ | 16 °C, 2 ↑ | 20 °C, 3 ↘ | 20 °C, 2 ↖ |
| Hveravellir  | 7 °C, 5 ↙ | 9 °C, 3 ↘ | 12 °C, 4 ↑ | 15 °C, 2 ↘ | 18 °C, 6 ↓ |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Milwaukee®

# ALVÖRU VERKFÆRI

## Á ALVÖRU TILBOÐUM

**M18 FUEL**

### Alvöru verkfærasett

*FPP4F2-502B*

**M18 með borvél 135Nm, höggskrúfvél 226Nm, stingsög, fjölnotavél, 5m málbandi, 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.**

Vnr. MW 4933471208

***Tilboð 144.900 kr.***
*Áður 179.900 kr.*

*Kaupauki:* BLUETOOTH HEYRNATÓL og PEYSA

**M12 FUEL**

### Borvél og höggborvél

*FPP2B-602X*

**Sett M12 með borvél 44Nm og höggborvél SDS+ 1.1J. Með 2x6.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.**

Vnr. MW 4933459813

***Tilboð 69.900 kr.***
*Áður 81.900 kr.*

*Kaupauki:* MILWAUKEE PEYSA og FLASKA

**M18 FUEL**

### Borvél og höggskrúfvél

*CBLPP2A-402C*

**Sett M18 með borvél 60Nm og höggskrúfvél 170Nm. Með 2x4.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.**

Vnr. MW 4933464536

***Tilboð 62.900 kr.***
*Áður 79.900 kr.*

*Kaupauki:* MILWAUKEE PEYSA og FLASKA

**M18 FUEL**

### Alvöru borvél og herslulykill

*FPP2E2-502P*

**Sett M18 með borvél 135Nm og herslulykli 1/2" 610Nm í PackOut tösku. Með 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.**

Vnr. MW 4933459407

***Tilboð 99.900 kr.***
*Áður 127.900 kr.*

*Kaupauki:* MILWAUKEE PEYSA

### Packout töskusett

*Grunneining með hjólum og 5 töskur.*

Vnr. MW 4932464083-1

***Tilboð 59.900 kr.***
*Áður 86.780 kr.*

**M18**

### Borvél 60Nm

*CBLPD-202C*

**Borvél M18 kolalaus 60Nm, aðeins 165mm að lengd. Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.**

Vnr. MW 4933464320

***Tilboð 39.900 kr.***
*Áður 48.900 kr.*

*Kaupauki:* MILWAUKEE BITASETT

**M12**

### Borvél 32Nm

*BPD-202*

**Borvél M12 32Nm með 10mm patrónu. Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.**

Vnr. MW 4933441940

***Tilboð 26.900 kr.***
*Áður 35.900 kr.*

*Kaupauki:* MILWAUKEE BITASETT

**KAUPAUKAR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

**Taktu þátt í happdrættinu! Þrír heppnir vinna glæsilegt Milwaukee kolagrill og tjald.**

# Milwaukee® BÍLLINN

**Á ferðinni um landið**
**28. maí – 19. júní**

**PRUFAÐU ALLT ÞAÐ NÝJASTA ÞEGAR VIÐ ERUM NÁLÆGT ÞÉR**

**8. JÚNÍ**
Laugardagur
**Selfoss**
Jötunnvélar

**11. JÚNÍ**
Þriðjudagur
**Reykjanesbær**
Reykjafell

**13. JÚNÍ**
Fimmtudagur
**Milwaukee hátíðin í Reykjavík**
Verkfærasalan

**18. JÚNÍ**
Þriðjudagur
**Höfn í Hornafirði**
N1

**19. JÚNÍ**
Miðvikudagur
**Fáskrúðsfjörður**
Loðnuvinnslan
Smiðjan

# VERKFÆRA SALAN

*Sjáðu öll tilboðin á vfs.is*

**VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is**



Ein af fjórum myndum Einars í persónulegu seríunni.



Klassískur dansstaður tangósins í Búenos Aíres. MYND/EINAR SEBASTIAN



„Ég er orginal 101. En segi líka að ég sé í 101 í Búenos Aíres!“ segir Einar Sebastian. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hrifinn af dansinum sem listformi

**Þótt ljósmyndarinn Einar Sebastian þykist ekki kunna að dansa tangó, þá heillast hann af fegurð hans og formum. Þess ber sýningin Tango Milonga í Grafíksal vott.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Einar Sebastian býr í borg tangósins, Búenos Aíres, rétt við torgið Plaza Dorrego í elsta hluta borgarinnar. Fyrsta myndin sem við blasir þegar stigið er inn í Hafnarhúsið við Tryggvagötu 17, hafnarmegin, er einmitt af þessu torgi fullu af dansandi fólki. „Maður sem rekur tangóskóla kemur með skólafólkið sitt á torgið á sunnudögum og það sýnir tangó, svo á kvöldin kemur fólkið úr hverfinu og dansar,“ útskýrir Einar glaðlega. Síðan göngum við inn á sýninguna hans, Tango Milonga. Myndirnar á hliðarveggjum salarins eru teknar inni á stöðum þar sem allir geta dansað tangó, að sögn Einars. „Á flestum þessum stöðum er hefð er fyrir tangóinum en stundum er líka riggað upp tangókvöldum hvar sem er. Allir geta tekið þátt, fólk þarf ekki að vera fullkomnir dansarar til þess.“ Hann gerir ekkert úr sjálfum sér sem tangódansara. „En ég er hrifinn af dansinum sem listformi,“ segir hann og kveðst oft hafa myndað ballett hjá Íslenska dansflokknum þegar Katrín Hall var með hann. „Svo vann ég líka í leikhúsunum í gegnum meistarann minn, Grím Bjarnason. Ég reyni að fanga augnablikið og fólkið, eins og ég get, með myndavélinni.“

Einar segir Búenos Aíres iða af dansi. „Ungt fólk er mjög ástundunarsamt. Samkynhneigt fólk af báðum kynjum getur dansað saman, það er alveg eðlilegt frelsi í því. Svo eru auðvitað atvinnudansarar í tangó sem ferðast um og sýna og heimsmeistaramót eru haldin í greininni.“

Gömlum svörtum síma bregður fyrir á einni myndinni. „Tíminn stendur svolítið í stað í Argentínu, þar er enn verið að nota hluti sem voru aflagðir hér fyrir þrjátíu, fjörutíu árum.“

Á hvorum gafli salarins eru tvær stærri myndir, þær tengjast persónulegu lífi Einars. Á þeim er kona sem stóð honum nærri og hún er dansari. „Þetta er abstrakt parturinn á sýningunni,“ segir hann. „Við



Þetta par lætur óléttu ekki aftra sér frá því að taka sporið á dansgólfinu.

> **EN BÚENOS AÍRES ER STAÐUR SEM ÉG HAFÐI ALLTAF VERIÐ Á LEIÐINNI TIL. HEILLAÐIST STRAX AF HONUM SEM BARN, KANNSKI AF ÞVÍ ÉG VAR Í FÓTBOLTANUM OG FYLGDIST MEÐ MARADONA.**

tengjumst, ég og þessi kona og unnum seríuna saman nú í janúar. Mig langaði að túlka uppgjör okkar í myndmáli í stað ljóðs.“

Einar ólst upp í miðbæ Reykjavíkur. „Ég er orginal 101. En segi líka að ég sé í 101 í Búenos Aíres. Miðjan er reiknuð út frá forsetahöllinni og ég er á fyrsta kílómetranum. Það er elsti hlutinn. Þar á ég 120 ára gamalt hús, sem ég keypti og gerði allt upp. Hann kveðst fyrst hafa komið til borgarinnar árið 2002, þá í vinnu fyrir flugfélagið Atlanta. „En Búenos Aíres er staður sem ég hafði alltaf verið á leiðinni til. Heillaðist strax af honum sem barn, kannski af því ég var í fótboltanum og fylgdist með Maradona.“

Ég giska á að loftslagið í 101 Búenos Aíres sé töluvert hlýrra en í 101 Reykjavík. „Já, mér finnst loftslagið í Argentínu vera það besta í heiminum, aldrei of heitt og aldrei of kalt. Obbann af árinu er hitinn á milli 15-30 gráður. Veturinn þar er eins og veðrið hér í Reykjavík núna.“

Einar er enn hjá Atlanta, við farþegadeildina, mikið í Mið-Austurlöndum og ferðast oft þaðan til Asíu. En er líka ljósmyndari og einbeitir sér að listrænni ljósmyndun. „Ég hef aldrei haft beinan áhuga á atvinnuljósmyndun en lærði auglýsingaljósmyndun tækninnar vegna. Við sem lærðum handverkið erum alltaf í hjarta okkar á móti stafrænni ljósmyndun en svo verður að viðurkennast að hún er þægileg í hraða samfélagsins. Myrkraherbergið er komið inn í tölvuna og ég get unnið hvar sem er, það er þægilegt fyrir mann eins og mig sem er mikið á ferðinni,“ segir hann. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég sýni einungis stafrænar myndir og ég er sáttur við útkomuna.“

Að lokum er Einar spurður út í Sebastian-nafnið. „Ég er kaþólskur og tók það upp sjálfur,“ svarar hann. „Afi minn var læknir og vann stundum í kaþólska spítalanum á Landakoti, pabbi var líka alltaf svolítið hallur undir kaþólikka en skírðist samt ekki. Ég tók það skref og þaðan tók ég upp Sebastian-nafnið. Sebastian er verndari ferðalanga, það kemur sér vel fyrir mig. Ég hef vitað af honum frá barnæsku, var alltaf að teikna hann í teiknitímum og hef alltaf tengst honum meðvitað eða ómeðvitað.“

Sýningin Tango Milonga er opin fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14 til 18 fram á 16. júní.




**Mælt er með spennandi og áhugaverðri frumraun Stinu Jackson.**

# Faðir í leit að dóttur sinni

**BÆKUR**

**Silfurvegurinn**
★★★½☆
**Stina Jackson**

**Þýðing:** Friðrika Benónýsdóttir
**Blaðsíður:** 304
**Útgefandi:** Ugla

Silfurvegurinn er fyrsta skáldsaga Stinu Jackson og var valin besta sænska glæpasagan 2018 af Sænsku glæpasagnaakademíunni. Í því vali gerði dómnefndin vel því bókin er bæði vel skrifuð og spennandi og með eftirminnilegum persónum.

Söguþráðurinn er á þá leið að fyrir þremur árum hvarf Lina, dóttir Lelle, sporlaust. Allt frá því hefur Lelle í örvæntingu leitað dótturinnar sem hann er sannfærður um að sé á lífi. Hin unga Meje býr með afskiptalausri móður og verður ástfangin af pilti sem er hluti af stóreinkennilegri fjölskyldu. Leiðir Lelle og Meje liggja síðan saman.

Silfurvegurinn er óvenju góð frumraun. Hún er vel skrifuð og mikil natni er lögð í persónusköpun. Myndin af föðurnum, Lelle, keyrandi um dag hvern, leitandi að dóttur sinni verður mjög áleitin og sterk. Hinni yfirþyrmandi sorg hans er lýst á áhrifamikinn hátt og sömuleiðis voninni um að dóttirin finnist. Sú ósk virðist vonlaus en Lelle rígheldur í hana.

Hin umkomulausa Meje er sömuleiðis afar trúverðug persóna, ung stúlka sem þráir að finna að hún tilheyri einhverjum og setur alla sína trú á ungan pilt. Í seinni hluta sögunnar birtist ný aðalpersóna nokkuð óvænt og á alla samúð lesandans. Þar verður einnig þróun í sambandi Lelle og Meje sem er lýst á fallegan hátt.

Í fyrri hluta bókarinnar er að finna sálfræðilega dýpt sem því miður er sjaldgæft að finna í glæpasögum. Seinni hluti bókarinnar er síðan mjög spennandi. Gallinn er þó sá að ýmislegt sem opinberast þar virkar ekki nægilega trúverðugt. Þar hefði höfundur mátt endurhugsa eitt og annað. Þetta breytir þó engu um það að hér er á ferð áhugaverð og spennandi frumraun.

Glæpasagnaunnendur ættu ekki að missa af Silfurveginum sem er örugglega ein af bestum bókum í glæpasagnaflóði þessa vors.

Bókin er ágætlega þýdd en lesandinn rekst of oft á furðulegar innsláttarvillur, sumar þeirra æpa beinlínis á hann. Slíkt á ekki að gerast. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifuð glæpasaga með eftirminnilegum aðalpersónum. Spennandi og áhrifamikil. Glæpasagnaunnendur ættu ekki að láta þessa bók framhjá sér fara. Þeir verða ekki sviknir.

# Styrkir til Auðar og Kristjáns

Nýlega veitti Miðstöð íslenskra bókmennta tveimur nýjum höfundum Nýræktarstyrki fyrir verk þeirra, en hvor styrkur nemur 500.000 krónum. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti styrkina við athöfn í Gunnarshúsi, húsi Rithöfundasambandsins.

Nýræktarstyrkir eru veittir árlega vegna skáldverka höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref á ritvellinum, óháð aldri, og til að hvetja þá til frekari dáða á þeirri braut. Átt er við skáldverk í víðri merkingu; sögur, ljóð, leikrit og fleira.



**Auður og Kristján ásamt Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra.**

Auður Stefánsdóttir (f. 1983) fékk styrk fyrir barnabókina Í gegnum þokuna. Í umsögn bókmenntaráðgjafa segir um verkið: „Í gegnum þokuna er fantasíubók fyrir börn um baráttu góðs og ills, dauðann og lífið. Höfundur tekur á viðkvæmu málefni á fágaðan hátt og fléttar saman við spennandi atburðarás á flöktandi mörkum raunveruleika og ímyndunar. Textinn er skýr og aðgengilegur, lýsingar á handanheiminum hugmyndaríkar og margar skemmtilegar skírskotanir í hvernig er að vera krakki á Íslandi í dag."

Kristján Hrafn Guðmundsson (f. 1979) fékk styrk fyrir smásagnasafnið Afkvæni. Í umsögn bókmenntaráðgjafa um verkið segir: „Afkvæni er safn smásagna sem eiga það sameiginlegt að gerast í hversdagslegum íslenskum samtíma. Sögurnar eru grípandi, persónulýsingar skarpar og textinn er skrifaður á blæbrigðaríku máli. Smávægilegum atvikum er gjarnan lýst á spaugilegan hátt; andrúmsloftið er létt og leikandi en um leið tekst höfundi að miðla samspili gleði og alvöru af sérstakri næmni." **– kb**



# Eins og hjónaband dúfu og krókódíls

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

**Maríubænir frá Montserrat á Kirkjulistahátíð**

**Flytjendur:** Umbra Ensemble, Cantores Islandiae, Þórdís Gerður Jónsdóttir, Kristofer Rodriguez Svönuson, Eggert Pálsson og Marina Albero.

**Hallgrímskirkja**

þriðjudagur 4. júní



„Hópurinn flutti óvanalega fallegar útsetningar á lögum úr gömlum handritum,“ segir Jónas Sen.

Gárungar hafa sagt að það sé allt í lagi að koma of seint á tónleika í Hallgrímskirkju. Bergmálið sé svo mikið að maður heyrir samt fyrstu tónana. Fyrir þetta stóra kirkju er bergmálið auðvitað fullkomlega eðlilegt, en þá er grundvallaratriði að velja vel hvernig tónlist er þar flutt.

Ég er aðdáandi kammerhópsins Umbra Ensemble eftir tónleika hans í Hannesarholti í fyrrasumar. Hópurinn flutti óvanalega fallegar útsetningar á lögum úr gömlum handritum; andrúmsloftið sem myndaðist var einstakt. Því miður voru tónleikar hópsins á Kirkjulistahátíð talsvert síðri og má kenna staðsetningunni um. Þetta er tónlist sem einfaldlega krefst meiri nálægðar. Hana er ekki að finna í risastórri kirkjunni.

### Rólegu lögin komu best út

Á efnisskránni voru Maríubænir úr Montserrat-klaustrinu. Lögin eru í handriti frá 14. öld, einu fárra sem björguðust þegar her Napóleons rústaði klaustrinu árið 1811. Söngvarnir voru hugsaðir pílagrímum til dægrastyttingar, og þótt trúarandinn svifi yfir vötnum er tónlistin fjölbreytt; dansinn er aldrei mjög langt undan.

Rólegu lögin komu langbest út í ríkulegri endurómuninni. Lilja Dögg Gunnarsdóttir var aðalsöngkonan og hún söng fallega. Rödd hennar hæfir gamalli tónlist einkar vel, raddblærinn er þýður og sjarmerandi, með notalegri fyllingu. Keltnesk harpa, sem Arngerður María Árnadóttir spilaði á, skapaði einnig draumkennt andrúmsloft. Sömu sögu er að segja um kontrabassa Alexöndru Kjeld og fiðluleik Guðbjargar Hlínar Guðbjörnsdóttur.

### Óskýr dynur

Hröðu lögin voru miklu síðri. Umbra var með nokkra gesti á sviðinu, þar var m.a. Marina Albero, en hún lék á psalterium, strengjahljóðfæri sem liggur á borði og er slegið með kjuðum. Albero spilaði hratt, en nóturnar runnu saman í bergmálinu, svo úr varð óskýr dynur. Svipaða sögu er að segja um slagverksleik Eggerts Pálssonar og Kristofers Rodriguez Svönusonar. Hann hljómaði býsna óskýr og skorti því nauðsynlega snerpu. Fyrir bragðið varð tónlistin litlaus.

Orgelleikur, sem Arnbjörg María sá um þegar hún var ekki að spila á hörpuna, vakti líka upp spurningar. Ekkert var að leiknum sem slíkum, hann var skýr og nákvæmur. En Umbra Ensemble er fíngerð, brothætt kammersveit. Að spila á risavaxið orgel Hallgrímskirkju með slíkri sveit passaði engan veginn, þótt leikurinn hafi verið veikur og lágstemmdur. Útkoman var eins og hjónaband dúfu og krókódíls.

Hér skal áréttað að ekkert var upp á sjálfan flutninginn að klaga, né heldur útsetningarnar, sem voru margbrotnar og hugvitsamlegar. Umgjörðin var bara ekki rétt og því náði tónlistin aldrei flugi. Vonandi mun dagskráin verða endurtekin, og þá undir betri kringumstæðum. Hún verðskuldar það svo sannarlega. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Flottar útsetningar skiluðu sér ekki í ríkulegri endurómun Hallgrímskirkju.

2019

OPIÐ VERÐUR Í KOLAPORTINU

Í DAG

OG ANNAN Í HVÍTASUNNU

FRÁ KL. 11-17

LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG

KOLAPORTIÐ

Dásamleg deild samfélagsins



KVIKA



# KIRKJULISTAHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2019

## HÁTÍÐARTÓNLEIKAR UM HVÍTASUNNU 8.- 10. JÚNÍ

MIÐASALA: MIDI.IS - S. 510 1000 - WWW.KIRKJULISTAHATID.IS



### TÖLVUR, KLAIS OG KLUKKUSPIL

LAUGARDAGINN 8. JÚNÍ KL. 21 Í HALLGRÍMSKIRKJU

Umsjón: Guðmundur Vignir Karlsson. Tónskáld: Ingi Garðar Erlendsson, Gunnar Andreas Kristinsson, Ragnhildur Gísladóttir, Sveinn Ingi Reynisson, Guðmundur Vignir Karlsson, Hlynur Aðils Vilmarsson og Halldór Eldjárn. Tónlist eftir raftónskáld með nýjum hljómi þar sem MIDI-tölvubúnaður Klais-orgelsins er nýttur og verk tónskáldanna leikin af tölvum.

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.











### HÁTÍÐARTÓNLEIKAR MEÐ ALÞJÓÐLEGU BAROKKSVEITINNI Í HALLGRÍMSKIRKJU
### „DANSAR GLEÐI OG ALVÖRU".

SUNNUDAGUR 9. JÚNÍ KL 20, HVÍTASUNNUDAGUR

Flutt verður hátíðartónlist fyrir óbó, trompeta, pákur og strengi, meðal annars Hljómsveitarsvíta í h-moll eftir Johann Sebastian Bach. Einleikari er Georgia Browne flautuleikari. Konsertmeistari er Tuomo Suni.
Miðaverð: 4.900,-

### 17.00 LOKATÓNLEIKAR KIRKJULISTAHÁTÍÐAR 2019
### „EILÍFÐARELDUR, UPPSPRETTA ÁSTAR".

MÁNUDAGUR 10. JÚNÍ KL 17, ANNAR Í HVÍTASUNNU

